

# Eru tengsl á milli félagsauðs í skólasamfélagi og námsárangurs?

Anna Mjöll Sigurðardóttir

Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu  
í uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands  
með áherslu á stjórnun menntastofnana

Reykjavík október 2007

## Formáli

Rannsóknin er meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Kennaraháskóla Íslands með áherslu á stjórnun. Vægi rannsóknarinnar er 25 einingar.

Sérstakar þakkir til leiðbeinanda míns Steinunnar Gestsdóttur, lektors við Kennaraháskóla Íslands, fyrir ómetanlega leiðsögn og þolinmæði. Ekki skal jákvæðum móttökum umsjónarkennara sjöundu bekkinga og mæðrum barnanna gleymt, án þátttöku þeirra væri spurningum mínum enn ósvarað. Þá færi ég Gesti Guðmundssyni, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, þakkir fyrir sérfræðilega ráðgjöf, Birni Gíslasyni þakkir fyrir yfirlestur og frágang og Allyson Mcdonald, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, þakkir fyrir gagnlegar ábendingar. Einnig eiga þau Haukur Freyr Gylfason, Sigurður Haukur Guðjónsson, Kristín Gunnlaugsdóttir og Unnur Sólrún Bragadóttir kærar þakkir skildar fyrir mikla aðstoð og stuðning.

Kópavogi, 17. ágúst 2007

Anna M. Sigurðardóttir

## Ágrip

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort félagsauður í skólaumhverfi barna hefði tengsl við námsárangur þeirra í grunnskóla. Félagsauður hefur meðal annars verið skilgreindur sem samstarf skóla og heimilis; þátttaka mæðra í starfi skólans; sambönd milli foreldra, nemenda og kennara; virkni mæðra í skólastarfi; samstarf foreldra innan bekkjar; hvort að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og gæði skólastarfs. Kannað var hvort þessi einkenni félagsauðs tengdist námsárangri á samræmdum prófum í 7. bekk. Verk erlendra fræðimanna á þessum vettvangi voru skoðuð þar sem tengsl félagsauðs við námsárangur grunnskólabarna hafa ekki verið rannsökuð hérlendis. Settar voru fram tvær rannsóknarspurningar: *Eru tengsl á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla?* og *Eru tengsl á milli félagsauðs í skóla og námsárangurs nemenda í grunnskóla?* Rannsóknin var meginndleg og gögnunum safnað með spurningalistum. Niðurstöður byggðust á svörum 514 mæðra og 34 umsjónarkennara barna sem voru í sjöunda bekk almennra grunnskóla í Kópavogi og í Reykjavík skólaárið 2006/2007.

Niðurstöður voru þær að tengsl voru á milli félagsauðs mæðra á heimili og í skóla og námsárangurs nemenda að teknu tillit til atriða eins og menntunar móður og tekna heimilis. Ekki voru tengsl á milli félagsauðs skóla og námsárangurs nemenda. Sambandið þar á milli kann að vera flóknara og þarf að rannsaka með stærra úrtaki. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um mikilvægi félagsauðs mæðra á heimili og í skóla fyrir námsárangur barnanna umfram félagsauð skóla. Til að auka námsárangur barna er mikilvægt að horft sé meira til heimilanna án þess þó að gleyma skólunum.

## **Abstract**

This study examines the association between the social capital at home and in schools and the scholastic achievements of children. The focus was on traits of social capital such as interaction between homes and schools; mother's participation in school activities; interaction between parents, pupils and teachers; parents' cooperation within the schools; if the pupils take responsibility for their own learning, and the quality of the schools. The association between social capital and academic achievement has not been explored in Iceland before and therefore most of the literature that is reviewed is based on foreign sources. Two research questions were answered. First, is there an association between the social capital of mothers and their children's academic achievements, and second, is there an association between the social capital of schools and their pupils' academic achievements. The study was quantitative and based on answers from 514 mothers and 34 primary and lower secondary school teachers, collected with two different questionnaires. The children were all in the seventh grade in the cities of Kópavogur and Reykjavík during the 2006/2007 school year.

The findings suggest an association between the mother's contribution to social capital and the educational achievements of their children after adjusting for various factors such as the mother's education and the parents' income. No association was found between the social capital of the schools and the educational achievements of their pupils. The findings indicate the importance of mothers' contribution to social capital. Findings regarding social capital of schools were more complex and may require further research with a larger sample. To increase the educational achievement of children, one must acknowledge the impact of the homes instead of focusing explicitly on the schools.

## Efnisyfirlit

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>1</b>
<b>ÁGRIP</b> .....	<b>2</b>
<b>ABSTRACT</b> .....	<b>3</b>
<b>TÖFLUSKRÁ</b> .....	<b>6</b>
<b>MYNDASKRÁ</b> .....	<b>8</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>9</b>
TILGANGUR VERKEFNIS .....	10
UPPBYGGING VERKEFNIS .....	17
<b>FRÆÐILEGT SAMHENGI</b> .....	<b>18</b>
SKILGREININGAR .....	18
ÁHERSLA Á FÉLAGSAUÐ VID STEFNUMÓTUN .....	21
GAGNRÝNI Á HUGTAKIÐ FÉLAGSAUÐUR .....	23
ÞEGAR FÉLAGSAUÐUR ER EKKI TIL STAÐAR .....	25
UMHVERFI, MENNING OG ÞROSKI .....	27
UPPBYGGING FÉLAGSAUÐS Í SKÓLASAMFÉLAGI .....	29
HLUTVERK FORELDRA Í ÞRÓUN FÉLAGSAUÐS Í SKÓLASAMFÉLAGI .....	34
HLUTVERK SKÓLASTJÓRNENDA Í ÞRÓUN FÉLAGSAUÐS Í SKÓLASAMFÉLAGI .....	37
HLUTVERK KENNARA Í ÞRÓUN FÉLAGSAUÐS Í SKÓLASAMFÉLAGI .....	40
SAMANTEKT .....	41
<b>AÐFERÐ</b> .....	<b>44</b>
ÞÁTTTAKENDUR .....	46
MÆLITÆKI .....	47
SIÐFERÐILEG ÁLITAMÁL .....	55
FRAMKVÆMD .....	55
ÚRVINNSLA .....	56
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>58</b>
BAKGRUNNUR MÆÐRA SEM SVÖRUÐU .....	58
FÉLAGSAUÐUR MÆÐRA .....	63
BAKGRUNNUR UMSJÓNARKENNARA SEM SVÖRUÐU .....	68
FÉLAGSAUÐUR SKÓLA SEM UMSJÓNARKENNAFAR SVÖRUÐU FYRIR .....	71

MAT Á MÆLITÆKJUM OG BREYTUM .....	75
<i>Innri samkvæmni þáttarins félagsauður móður á heimili</i> .....	75
<i>Innri samkvæmni þáttarins félagsauður móður í skóla</i> .....	77
<i>Innri samkvæmni þáttarins félagsauður skóla</i> .....	78
<i>Reiknuð fylgni á milli fylgibreyta</i> .....	80
TENGL MILLI FÉLAGSAUÐS MÓÐUR OG NÁMSÁRANGURS .....	82
TENGL MILLI FÉLAGSAUÐS SKÓLA OG NÁMSÁRANGURS .....	87
<b>UMRÆÐA .....</b>	<b>89</b>
LÝSING Á MÆÐRUM OG UMSJÓNARKENNURUM .....	89
MAT Á MÆLITÆKJUM .....	90
FÉLAGSAUÐUR MÓÐUR .....	91
<i>Félagsauður móður á heimili</i> .....	92
<i>Félagsauður móður í skóla</i> .....	93
FÉLAGSAUÐUR SKÓLA SEM UMSJÓNARKENningar SVARA FYRIR .....	94
<i>Tengsl milli félagsauðs móður og einkunna</i> .....	95
<i>Tengsl milli félagsauðs skóla og einkunna</i> .....	97
GILDI RANNSÓKNARINNAR .....	98
VEIKLEIKAR OG NÆSTU SKREF .....	99
<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>103</b>
<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>104</b>
<b>VIÐAUKI A – SPURNINGALISTI - MÆÐUR .....</b>	<b>110</b>
<b>VIÐAUKI B – SPURNINGALISTI - KENningar .....</b>	<b>116</b>

## Töfluskrá

Tafla 1.	Spurningalisti móður (spurningalisti 1). <i>Frumbreyta = félagsauður móður á heimili ...</i>	49
Tafla 2.	Spurningalisti móður (spurningalisti 2). <i>Frumbreyta = félagsauður móður í skóla .....</i>	50
Tafla 3.	Spurningalisti móður. <i>Mögulegar áhrifabreytur og fylgibreytur .....</i>	51
Tafla 4.	Spurningalisti umsjónarkennara (spurningalisti 3). <i>Frumbreyta = félagsauður skólans sem umsjónarkennari svarar fyrir .....</i>	52
Tafla 5.	Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður á heimili .....	64
Tafla 6.	Meðaltöl og staðalfrávik spurninga sem mæla félagsauð móður á heimili .....	65
Tafla 7.	Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður á heimili í Kópavogi og Reykjavík og voru ólíkar milli sveitarfélaga .....	65
Tafla 8.	Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður í skólum .....	66
Tafla 9.	Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður í skóla í Kópavogi og Reykjavík og voru ólíkar milli sveitarfélaga.....	67
Tafla 10.	Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð skóla .....	71
Tafla 11.	Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð skóla í Kópavogi og Reykjavík og voru ólíkar milli sveitarfélaga .....	73
Tafla 12.	Félagsauður móður á heimili eftir sveitarfélagi .....	77
Tafla 13.	Félagsauður móður í skóla eftir sveitarfélagi .....	78
Tafla 14.	Félagsauður skóla eftir sveitarfélagi .....	79
Tafla 15.	Meðaltöl og staðalfrávik námsárangurs á samræmdum prófum grunnskóla eftir sveitarfélögum .....	81
Tafla 16.	Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.....	82
Tafla 17.	Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.....	83

Tafla 18.	Aðhvarfsgreining, áhrif breyta á árangur í samræmdum prófum líkan 1 og 2 .....	84
Tafla 19.	Aðhvarfsgreining, áhrif breyta á árangur í samræmdum prófum líkan 3 .....	85
Tafla 20.	Aðhvarfsgreining, áhrif breyta á árangur í samræmdum prófum líkan 4 og 5 .....	85
Tafla 21.	Aðhvarfsgreining, áhrif breyta á árangur í samræmdum prófum líkan 6 .....	86



## Myndaskrá

Mynd 1.	Fjögur helstu sambönd nemenda við umhverfi sitt .....	31
Mynd 2.	Sambönd innan skóla sem hafa ekki tengsl út fyrir skólasamfélagið .....	32
Mynd 3.	Sambönd innan skóla sem hafa tengsl út fyrir skólasamfélagið .....	32
Mynd 4.	Aldur mæðra eftir sveitarfélögum .....	58
Mynd 5.	Menntun mæðra eftir sveitarfélögum .....	59
Mynd 6.	Hjúskaparstaða mæðra eftir sveitarfélögum .....	60
Mynd 7.	Faðir eða stjúpfórelldri sem býr á heimili mæðra eða ekki eftir sveitarfélögum .....	61
Mynd 8.	Þátttaka föður eða stjúpfórelldris við uppeldi barns eftir sveitarfélögum .....	61
Mynd 9.	Heildartekjur heimilis fyrir skatta eftir sveitarfélögum .....	62
Mynd 10.	Aldur umsjónarkennara eftir sveitarfélögum .....	68
Mynd 11.	Reynsla af umsjón í sjöunda bekk eftir sveitarfélögum .....	69
Mynd 12.	Fjöldi kennslustunda þar sem stuðningsfulltrúi var inni í sjöunda bekk eftir sveitarfélögum .....	70
Mynd 13.	Tengsl einkunna í íslensku og stærðfræði á samræmdum prófum í 7. bekk .....	80
Mynd 14.	Tengsl meðalfélagsauðs í skólum og meðalnámsárangurs í skólum .....	87

## Inngangur

Það felst ávallt áskorun í því að takast á við ný viðfangefni og kennarar og stjórnendur þurfa sífellt að leita leiða til að þróa skólann áfram til þess að mennta nemendur sína sem best. Í stjórnunarnámi 2005-2006 kynntist ég fyrst hugtakinu félagsauður (*e. social capital*). Sergiovanni (2006) skilgreinir félagsauð sem „viðleitni einstaklinga eða hóps til að koma saman og þróa skipulag um sameiginleg gildi og viðfangsefni.“ Þessi orð höfðu sterkt til mín og ég ákvað að kynna mér þetta betur með það fyrir augum að skólinn sem ég starfa við gæti notað niðurstöður verkefnis míns til að auka gæði skólustarfsins. Í starfi mínu hafði ég vissar áhyggjur af því að takmörkuð samskipti voru á milli foreldra og starfsmanna skólans. Nær einu samskiptin voru ef kennari þurfti að koma skilaboðum til foreldra þess eðlis að barn þeirra sinnti ekki heimavinnu eða hefði lent í útistöðum við annað barn í frímínútum. Foreldrar höfðu einnig sjaldan samband nema til að koma kvörtunum á framfæri, til dæmis út af skólamat eða kennara. Nær engin samskipti áttu sér stað á jákvæðum nótum og þótti mér það miður þar sem það hefur verið mín skoðun alla mína starfsævi að starfsfólk skóla og foreldrar bera saman ábyrgð á uppeldi og menntun barna. Það var því kominn tími til að hóparnir tveir hefðu jákvæð samskipti sín á milli. Þannig gæti skapast grundvöllur fyrir góðum tengslum, trausti og skilningi í garðs hvors annars.

Í forverkefni sem ég vann að veturinn 2006 lagði ég spurningalista fyrir 50 foreldra skólabarna í Kópavogi. Markmið verkefnisins var að kanna ýmis viðmið (*e. indicators*) um félagsauð foreldra grunnskólabarna. Félagsauður er viðamikil og flókið hugtak sem erfitt er að meta beint. Þess í stað voru viðmið um athafnir sem auka félagsauð könnuð. Leitað var svara við því hvað einkennir þá foreldra sem eru áhugasamir og duglegir við að sinna skólustarfi barna sinna og hvernig hægt væri að nýta niðurstöður til að auka samstarf milli skólans og foreldra. Foreldrar voru spurðir um aldur, menntun, tekjur eða hvort þeir tækju þátt í foreldrasamstarfi skólans eða hefðu frumkvæði á samskiptum við kennara og annað starfsfólk. Þeir voru einnig spurðir um þátttöku í frjálsum félagasamtökum, hvort þeir hefðu samskipti við vini og nágretta, um álit þeirra á öryggi skólahverfisins og hvort þeir treysti almennt fólki, hvort þeir ættu auðvelt með

að fá hjálp frá vinum þegar þeir þyrftu á því að halda, hvort þeir hefðu samskipti við nágranna, hvort að vinnufélagar væru einnig vinir þeirra og hvort þeir ættu auðvelt með að segja hug sinn þó að þeir væru ósammála því sem aðrir teldu rétt. Félagsauður reyndist mikill í foreldrahópnum eins og búist var við enda skólahverfið gróið og lítið er um félagsleg vandamál sem einkenna oft yngri hverfi. Félagsauðurinn skilaði sér þó ekki inn í skólann í þeim mæli að nýst gæti til gróskumikils samstarfs foreldra og starfsmanna. Foreldrarnir sem tóku þátt í könnuninni sögðust yfirleitt ekki mæta á fundi sem haldnir eru á vegum foreldrafélags skólans eða á fræðslufundi á vegum skólans sjálfs. Þeir sögðust þó mæta á námskynningar á haustin og í foreldraviðtöl. Reynt hefur verið að styrkja samskipti við foreldra síðan þá með því að hafa meira samband við foreldra gegnum netið og bjóða foreldrum að koma í heimsókn í skólann til að aðstoða kennara eða til að fylgjast með starfinu í skólastofunni. Þetta virðist hafa borðið góðan árangur því að samskiptin hafa aukist og fleiri foreldrar hafa samband við skólann en áður.

## Tilgangur verkefnis

Í forrannsókninni var áhersla lögð á þann félagsauð sem foreldrar búa við en í því verkefni sem hér verður fjallað um var ætlunin að færa umfjöllunina nær nemandanum sjálfum og kanna *félagsauð í umhverfi hans*. Tilgangur þess verkefnis var því tvíþættur, annars vegar að hanna mælitæki sem mælir félagsauð í skólasamfélagi og hins vegar að tengja saman félagsauð og námsárangur barna. Skólasamfélög eru skilgreind sem hópur fólks sem tengdur er saman vegna sameiginlegra hugmynda og markmiða. Þegar sá hópur einkennist af trausti og virðingu er lítið þannig á að félagsauður sé til staðar í samfélaginu. Stuðst var við rannsóknir erlendra fræðimanna þar sem tengsl félagsauðs við námsárangur skólabarna hafa ekki verið rannsökuð fyrir hérlendis. Byggt á þeim rannsóknum var hugtakið félagsauður í skólasamfélagi metið með því að kanna eftirfarandi þætti:

- samstarf heimila og skóla
- tengsl milli móður og barns

- tengsl milli mæðra, nemenda og kennara
- tengsl milli starfsfólks skóla
- gæði skólastarfs
- ábyrgð nemenda á eigin námi

*Samstarf heimila og skóla* er með ýmsu mótum hér á landi. Fræðimenn eins og Coleman (1988), Bourdieu (1986), Putnam, Leonardi og Nanetti (1993), Parcel og Dufur (2001a, 2001b) telja að félagsheildir sem einkennast af hefðum, trausti og tengslum séu ríkar af félagsauði og að hann geti leitt til betri skilvirkni þeirra sem í hlut eiga. Því geti félagsauður haft áhrif á námsárangur barna. Margir grunnskólar halda námskeið fyrir foreldra þar sem þeir fá fræðslu um nám og uppeldi barnanna og eins er þjónusta sem skólarnir veita kynnt. Viðtöl um framvindu nemenda í námi hafa lengi tíðkast. Foreldrafélög sjá oft um jólafondur og vorhátíðir í samvinnu við skólana. Bekkjarfulltrúar sjá um að skipuleggja foreldrarölt um helgar í sumum skólahverfum sem gefur foreldrum tækifæri til að kynnast innbyrðis og að kynnast öðrum börnum. Flestir skólar gefa út fréttabréf til foreldra svo þeir eigi auðveldara með að fylgjast með starfi skólanna og skólar halda yfirleitt úti heimasíðu þar sem foreldrar geta sótt fróðleik og fréttir. Þetta eru allt atriði sem auka á tengsl heimila og skóla og geta þróað félagsauð eins og til dæmis er fjallað um hér í kaflanum um uppbyggingu félagsauðs í skólasamfélagi. Til að kanna samstarf heimila og skóla í þessu verkefni var meðal annars spurt um hvort mæður tækju þátt í starfi foreldrafélaganna eða hefðu mikil samskipti við skólann. Efni í staðhæfingar eða spurningar sem varða tengsl heimilis og skóla var sótt í spurningar Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Onyx og Bullen (2000) (sjá spurningarlista 2 og 3).

*Tengsl milli móður og barns.* Parcel og Dufur (2001a, 2001b) telja að tengsl sem eru á milli foreldris og barns séu afar mikilvæg mótun félagsfærni barnsins og gengi í skóla. Þessi tengsl geta verið margvísleg og erfitt að spyrja um þau í einni rannsókn svo tæmandi sé. Til dæmis getur móðir verið eini fullorðni einstaklingurinn á heimili og barn getur haft mikil eða lítil samskipti við föður eða einstaklinga fyrir utan heimilið. Einnig verja mæður mismiklum tíma með börnum sínum og fylgjast mismikið með lífi barna og

unglinga. Þetta eru atriði sem geta haft áhrif á þróun félagsauðs á heimili og fjallað er um meðal annars í kaflanum um hlutverk foreldra í þróun félagsauðs í skólasamfélagi. Til að kanna tengsl milli móður og barns voru mæður spurðar um heimilisaðstæður barnsins ásamt því að vera spurðar meðal annars um tengsl sem þær mynda í kringum skólagöngu barnsins. Efni í staðhæfingar eða spurningar sem varða tengsl milli móður og barns var fengið frá Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Onyx og Bullen (2000) (sjá spurningarlista 1 og 2).

*Tengsl milli mæðra, nemenda og kennara* eru mikilvæg námi barna eins og fjallað er um í nær öllum köflum verkefnisins undir fræðilegu samhengi. Vissulega er gott að móðir hafi góð tengsl við starfsfólk skóla eins og kemur fram meðal annars í kaflanum um uppbyggingu félagsauðs í skólasamfélagi en tengsl sem móðir hefur við umsjónarkennara virðast þó einna mikilvægust eins og fjallað er um í kaflanum um hlutverk foreldra í þróun félagsauðs í skólasamfélagi. Þegar nemendur finna að bæði móðir og umsjónarkennari ræða saman um námið og að sú umræða er jákvæð og uppbyggjandi myndast tengsl sem einkennast af trausti og öryggi og eru talin vísbending um félagsauð (Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Til að kanna hvort að tengsl væru til staðar á milli umsjónarkennara, mæðra og nemenda voru umsjónarkennarar og mæður beðin um að svara staðhæfingum eða spurningum um samskipti þeirra á milli. Efni í staðhæfingar eða spurningar sem varða tengsl milli mæðra, nemenda og kennara var sótt í spurningar Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Onyx og Bullen (2000) (sjá spurningarlista 1, 2 og 3).

*Tengsl milli starfsfólks skóla* eru einnig mikilvæg í þróun félagsauðs eins og fram kemur í kaflanum um hlutverk skólastjórnenda í þróun félagsauðs í skólasamfélagi. Ef ákvörðun hefur verið tekin um að byggja upp félagsauð í skóla er líklegast að árangur náist ef starfsfólk vinnur saman að málefnum skólans (Coleman, 1988; Bourdieu, 1986; Putnam o.fl., 1993). Umsjónarkennarar voru meðal annars beðnir um að svara spurningum eða staðhæfingum um það hvort skólastjórn sýni frumkvæði í að efla þætti sem þarf að styrkja svo að tengsl myndist milli starfsfólks. Efni í staðhæfingar eða

spurningar sem varða tengsl milli starfsfólks skóla var fengið frá Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Onyx og Bullen (2000) (sjá spurningarlista 3).

*Gæði skólastarfs* er einn þáttur í þróun félagsauðs í skóla og er aðallega fjallað um hann í kaflanum um hlutverk skólastjórnenda í þróun félagsauðs í skólasamfélagi. Ef skólastjórnendur og starfsfólk setja þarfir nemenda í öndvegi, stuðla að bættri kennslu og treysta tengsl í skólasamfélaginu er talið að það þrói félagsauð (Otero og West-Burnham, 2004). Þegar tengsl milli starfsfólks skóla, nemenda og foreldra byggja á trausti og öryggi, er það vísbending um félagsauð sem sýnt hefur verið fram á að hafi tengsl við námsárangur (Coleman, 1988; Parcel og Dufur, 2001a, 2001b; Bourdieu, 1986). Þar sem umsjónarkennarar gegna veigamiklu hlutverki í samstarfi við foreldra voru vísbendingar um félagsauð í starfsumhverfi þeirra kannaður og tengsl hans við einkunnir nemenda metin. Þeir voru meðal annars spurðir um hvort skólastjóri setji skýra stefnu um skólastarfið og hvort málefni nemenda séu sett í öndvegi. Efni í staðhæfingar eða spurningar sem varða gæði skólastarfs var sótt í spurningar Sallis (2002) (sjá spurningarlista 3).

*Ábyrgð nemenda á eigin námi* er talin ráðast meðal annars af því hvort nemendur finni fyrir trausti og öryggi í umhverfi sínu þannig að nám geti átt sér stað inni á heimili eða í skóla (Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Ef nemendur hafa ekki náin tengsl við kennara eða foreldra og þeir hinir sömu sýna ekki áhuga á því sem nemendur eru að aðhafast er hætt við að þeim finnist það ekki skipta máli hvort þeir læra eitthvað heima eða í skólanum. Ef tengsl eru til staðar eru meiri líkur á að nemendur sinni námi sínu og hafi frumkvæði að því (Coleman, 1988; Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Það þótti því mikilvægt að meta ábyrgð nemenda á eigin námi. Efni í staðhæfingar eða spurningar sem varða þetta atriði var fengið frá Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Onyx og Bullen (2000) (sjá spurningarlista 1, 2 og 3).

Markmið þessarar rannsóknar var að athuga hvort þessir þættir félagsauðs hér að ofan hefðu tengsl við námsárangur nemenda. Það var gert með því að leita svara við tveimur rannsóknarspurningum:

- *Eru tengsl á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla?*
- *Eru tengsl á milli félagsauðs í skóla og námsárangurs nemenda í grunnskóla?*

Þar sem engar sambærilegar rannsóknir hafa áður verið gerðar hér á landi var nauðsynlegt að búa til mælitæki, forprófa þau og þróa áfram. Eins og áður hefur verið getið er flókið að mæla hugtakið félagsauður og að meta hvort erlend mælitæki henti íslensku skólasamfélagi. Ætla má að aðkoma íslenskra foreldra að skóla barna sinna sé ekki að öllu leyti eins og í öðrum löndum, til dæmis í Bandaríkjunum eða Ástralíu. Þar er algengt að foreldrar vinni með starfsfólki skóla í mötuneytum eða aðstoði kennara inni í bekkjum (Onyx og Bullen, 2000; Coleman, 1988). Hér á landi vinna foreldrar meira saman í foreldrafélögum, sem bekkjarfulltrúar eða sinna hverfarölti. Flestir erlendir spurningalistar um félagsauð eru með spurningum sem lúta að sjálfboðastarfi sem eiga síður við á Íslandi. Eins er yfirleitt spurt hversu oft foreldrar og börn sækja kirkju en trúmál eru ekki eins ofarlega á baugi hér á landi og víða annars staðar. Því voru aðeins notaðar spurningar sem virtust ekki staðbundnar og spurningar um vinnuframlag foreldra innan skóla og kirkjusókn þeirra ekki hafðar með. Má vera að það hafi einhver áhrif á mælingu á félagsauði í þessari rannsókn.

Leitað var svara hjá mæðrum sem áttu börn í sjöunda bekk skólaárið 2006 – 2007 í Reykjavík og Kópavogi. Kannað var hvort félagsauður mæðra í skóla og heima við hafi marktæk tengsl við námsárangur sem mældur var með einkunnum barna þeirra á samræmdum prófum haustið 2006. Ástæður þess að mæður en ekki feður eða foreldrar svöruðu spurningum varðandi félagsauð heimilis voru bæði fræðilegar og aðferðafræðilegar. Þátttaka feðra og mæðra í námi barna sinna hefur jákvæð áhrif á námsárangur þeirra en áhrifin geta verið ólík (sjá t.d. Parks-Yancy, DiTomaso og Post, 2006; Wang og Yamagishi, 2005; Westerman, Ashby og Pretty, 2005; Fan, 2001; McBride, Schoppe-Sullivan og Ho, 2005). Erlendar rannsóknir á þátttöku foreldra í námi barna gefa til kynna meiri þátttöku mæðra en feðra (sjá t.d. Dudley-Marling, 2001; Fletcher og Silberberg, 2006; Heard, 2007). Til dæmis hefur það neikvæðari afleiðingar á námsárangur barna ef mæður detta inn og út úr lífi þeirra frekar en feður (Heard, 2007). Flouri og Buchanan (2004) komust að því að þátttaka beggja foreldra í námi

barna við 7 ára aldur spáði fyrir um árangur í námi barnanna við tvítugt en einnig að áhrif mæðra voru um tvöfalt meiri en feðra. Áhrif feðra á námsárangur barna voru þau sömu hvort sem þátttaka mæðra var lítil eða mikil. Til að fá sem nákvæmastar upplýsingar um viðfangsefni sem verið er að rannsaka í fyrsta skipti verður oft að láta nægja að skoða hlutverk annars foreldris í einu. Það þýðir ekki að áhrif hins foreldrisins á líf barns sé minna mikilvægt en í þessu verkefni var kosið að spyrja mæður í samræmi við erlendar rannsóknir (t.d. Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Einnig var kosið að spyrja mæður frekar en feður til að reyna að tryggja hærra svarhlutfall og auka þannig réttmæti niðurstaðna rannsóknarinnar. Í forrannsókninni sem gerð var, var spurningalisti ýmist sendur til föður eða móður og var niðurstaðan sú að tvöfalt fleiri mæður svöruðu en feður. Því voru bæði fræðileg og aðferðafræðileg rök fyrir þeirri ákvörðun að velja eingöngu mæður til að kanna hvort félagsauður foreldra í skóla og heima við hafi marktæk tengsl við námsárangur barnanna.

Í lok þessa inngangskafla verður gerð grein fyrir fyrri umfjöllun um samstarf foreldra og skóla í íslenskum lögum og fyrir íslenskar rannsóknir á slíku samstarfi.

Foreldrar og starfsfólk skóla hafa hlutverki að gegna í íslenskum skólum. Í lögum um grunnskóla (66/1995) segir:

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið (2. grein).

Ennfremur segir í sömu lögum:

Starfsmönnum skóla sé skylt að efla samstarf skóla og heimila, m. a. með því miðla til foreldra fræðslu um skólamál og veita jafnframt upplýsingar um skólastarfið. Foreldrar barna í grunnskóla geta ákveðið að stofna samtök foreldra við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla (15. grein).



Í báðum þessum tilvitnunum er meðal annars kveðið á um samábyrgð og samvinnu foreldra og skóla. Víða eru skólasamfélög hér á landi sem eru að sinna þessu starfi vel og veltur það sjálfsagt að hluta á öflugum foreldrafélögum í grunnskólum. Þau hafa stofnað með sér heildarsamtökin Heimili og skóli sem vinnur ötullega að málefnum foreldra og skóla.

Elín Thorarensen (2004) gerði athugun á umfangi foreldrasamstarfs í íslenskum framhaldsskólum. Könnunin leiddi í ljós að 18 skólar af 21 voru með skipulagt samstarf við foreldra. Helstu niðurstöður voru þær að nemendur, kennarar og foreldrar vildu aukið samstarf. Foreldrar vildu sjá aukið samstarf um þætti sem tengjast námi barna þeirra en þeir höfðu minni áhuga á afskiptum af stjórnun eða innri málefnum skólans. Niðurstöðurnar sýndu einnig að töluverður hópur foreldra fylgdist með heimanámi og verkefnaskilum nemenda. Menntun foreldra virðist hafa áhrif á viðhorf þeirra til samstarfs á þann veg að foreldrar með meiri menntun höfðu jákvæðari viðhorf til samstarfs en foreldrar með minni menntun. Foreldrar höfðu þó takmarkaðan áhuga á að starfa í foreldrafélögum. Af þeim kennurum sem svöruðu taldi meirihluti að samstarf gæti skilað sér í auknum námsárangri nemenda. Þeir lögðu nokkurn veginn sömu áherslur og foreldrar á leiðir í samstarfi og kvenkennarar voru hlynntari samstarfi en karlkyns samstarfsmenn þeirra en ekki kom fram munur á viðhorfum eftir aldri kennara. Nemendum fannst upplýsingamiðlun mikilvægust og vildu auka hana en töldu óþarft að auka annað samstarf.

Undanfarin ár hafa íslenskir fræðimenn rannsakað innra starf skóla með það fyrir augum að efla skólastarf. Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir (1999) gerðu rannsókn sem meta átti þá þætti sem gætu haft áhrif á einkunnir á samræmdum prófum í 10. bekk. Til skoðunar voru þættir sem lúta að innra starfi skóla og námsstuðningur við nemendur í 10. bekk í tuttugu skólum í Reykjavík. Að auki voru ýmsir bakgrunnspættir íbúa skólahverfanna bornir saman eins og menntun, starfsstétt, vinnutími, fjölskyldutekjur og barnafjöldi á heimili. Helstu niðurstöður voru þær að hlutfall óheimilla fjarvistastunda reyndust hafa marktæk áhrif á einkunnir. Enginn annar þáttur úr innra starfi skólanna hafði slík áhrif. Þegar einkunnir hverfisskólanna voru bornar

saman við menntun og starfsstétt íbúanna kom meðal annars í ljós að eftir því sem fjöldi íbúa með háskólapróf var meiri í hverfinu var einkunn hverfissskólans hærrí. Ekki var spurt um mætingar nemenda í þessari rannsókn en niðurstöður þeirra Elsu Reimarsdóttur og Hildar Bjarkar Svavarsdóttur (1999) gefa vísbendingar um að þættir í skólastarfinu eins og óheimilar fjarvistir nemenda hafi áhrif á námsárangur.

Hér hefur verið fjallað um aðdraganda rannsóknarinnar, hvernig skólum er ætlað að efla samstarf heimila og skóla samkvæmt lögum og fyrri íslenskar rannsóknir kynntar sem sýna fram á að foreldrar taka virkan þátt í skólastarfi. Vonast er til að niðurstöður þessarar rannsóknar um tengsl milli félagsauðs í skólasamfélagi og námsárangurs veiti þeim er hagsmuna eiga að gæta í skólakerfinu upplýsingar sem nýst geta til eflingar skólastarfi.

## **Uppbygging verkefnis**

Verkefnið skiptist í fimm þætti auk ágríps og formála. Fyrsti þátturinn er inngangur þar sem efnið var reifað og val á rannsóknarefni rökstutt. Í öðrum þætti verður fjallað vel um fræðilegt samhengi. Þriðji þátturinn lýsir aðferðafræði rannsóknarinnar þar sem fjallað er um þátttakendur, mælitæki, úrvinnslu gagna og siðferðileg álitamál. Í fjórða þætti verða niðurstöður settar fram. Í fimmta þætti verða niðurstöðurnar ræddar og settar í fræðilegt samhengi, leitast verður við að meta gildi, styrk og vankanta rannsóknarinnar og að lokum verða reifaðar tillögur að frekari rannsóknum á félagsauði.

## Fræðilegt samhengi

Í þessum kafla verður fjallað um markmið verkefnis, skilgreiningar á félagsauði, áherslur á félagsauð við stefnumótun, gagnrýni á hugtakið félagsauður, tengsl samfélags við þroska barna, þegar félagsauður er ekki til staðar, hvernig uppbygging á sér stað í skólasamfélagi og um þátt foreldra, skólastjórnenda og kennara í þróun félagsauðs í skólasamfélagi.

### Skilgreiningar

Hér verða reifaðar skilgreiningar nokkurra fræðimanna sem eru framarlega í rannsóknum á félagsauði og tengsl þeirra við námsárangur könnuð.

Coleman (1988) telur félagsauð vera verðmæti þeirra félagstengsla sem fólk myndar til dæmis í fjölskyldum, í vinahópum, á vinnustöðum, í félagasamtökum og grenndarsamfélögum. Slíkur auður getur haft margvísleg jákvæð áhrif ekki aðeins á velsæld einstaklinga sem starfa saman að eigin hagsmunum heldur einnig annarra í samfélaginu. Coleman (1988) hefur verið framarlega á sviði rannsókna á tengslum milli félagsauðs foreldra og menntun barna þeirra og hefur skýrt frá því að því meiri sem félagsauður foreldra er þeim mun því betur gangi börnum þeirra í námi (sjá t.d. Coleman og Hoffer, 1987; Coleman, Hoffer og Kilgore, 1982; Hoffer, Greeley og Coleman, 1985). Þar sem vellíðan, þroski og velsæld barna eru að miklu leyti háð forráðamönnum þeirra, má ætla að fjölskylda og skóli eigi stóran þátt í menntun barna. Coleman (1988) telur að hugtakið félagsauður geti varpað ljósi á þroska barna og hvað hefur áhrif á hann. Sá tími sem foreldrar verja með börnum sínum og sú athygli sem þeir veita þeim er mikilvægt framlags foreldris til félagsauðs barnsins. Sambönd sem foreldrar mynda utan heimilis, til dæmis við vini og nágretta, eru einnig mikilvæg fyrir börnin. Tengsl heimila við skóla og kennara barnanna er mikilvæg í uppbyggingu félagsauðs þeirra og getur veitt börnunum öryggiskennd að vita að kennari og foreldrar séu í góðum tengslum (Field, 2003; Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Þessi tengsl eru þó ekki einföld sem dæmi

má nefna að ekki eru öll börn hlynnt samskiptum heimilis og skóla og því eldri sem nemendur verða því líklegri er að þeir séu mótfallnir þeim samskiptum (McNeal, 2001).

Líkt og Coleman (1988) leggja Onyx og Bullen (2000) áherslu á verðmæti þeirra félagstengsla sem einstaklingar mynda til dæmis í fjölskyldum, vinahópum, vinnustöðum og félagsamtökum í skilgreiningu sinni á félagsauði. Þeir leggja sérstaka áherslu á þætti eins og frumkvæði, traust, öryggi og umburðarlyndi og telja að þeir séu forsenda félagsauðs.

Bourdieu (1986) leggur einnig áherslu á ábata sem hlýst af þeim tengslum sem eru á milli fólks fyrir velsæld einstaklinga og hópa. Tengsl milli fólks auka möguleikann á því að markmið náist ef tengslin ná að halda í ákveðinn tíma. Fólk getur áorkað því í sameiningu sem það getur ekki eitt eða þá með erfiðismunum. Eftir því sem fólk býr yfir fleiri tengslum því ríkara er það af því sem kallað hefur verið félagsauður (Bourdieu, 1986).

Field (2006) telur að þegar fólk tekur mikilvægar ákvarðanir um líf sitt fylgi því yfirleitt áhætta. Til að draga úr áhættu við ákvörðunartöku er mikilvægt að kynna sér vel um hvað málið snýst og leita til dæmis aðstoðar sérfræðinga, fjölskyldu eða vina. Aðkeypt aðstoð getur oft valdið streitu vegna fjárútláta. Þegar fólk býr við félagsauð getur það því bæði sparað tíma og peninga.

Putnam, Leonardi og Nanetti (1993) leggja slíkan ábata til grundvallar skilgreiningu sinni á félagsauði þegar þeir segja að félagsheildir (*e. social organisation*) sem einkennast af trausti, hefðum og tengslum, séu ríkar af félagsauði og geti bætt skilvirkni samfélagsins. Putnam o.fl. (1993) leggja því áherslu á tengsl, ábata og kostnað í umfjöllun sinni. Skilgreining Bourdieu (1986) snýst fyrst og fremst um þann ávinning sem einstaklingur hlýtur þegar hann er hluti af heild sem veitir honum stuðning þegar á þarf að halda. Skilgreiningar Colemans og Putnams eru líkar að því leyti að annars vegar er fjallað um félagsauð út frá auknu virði (*e. added value*) og hins vegar út frá aukinni skilvirkni (Coleman, 1988; Putnam o.fl., 1993).

Parcel og Dufur (2001a, 2001b) skilgreina félagsauð meðal annars út frá heimili og skóla og því var tekið mið af verkum þeirra í þeirri rannsókn sem hér um ræðir. Þau líta á félagsauð sem tengsl á milli foreldra og barns og hafa metið mikilvægi þessara tengsla á mótun félagsfærni barnsins. Þau leggja áherslu á að sá tími sem foreldrar verja með börnum sínum og umhyggja sem þau veita þeim sé mikilvægur þáttur í að skapa félagsauð. Þau telja að þar sem móðir og faðir eða stjúpforeldri deila heimili sé félagsauður meiri en þar sem móðir býr ein með börnum sínum. Einnig telja þau að tengsl sem foreldrar hafa við starfsfólk skóla stuðli að meiri félagsauði og geti haft áhrif á námsárangur barnsins og séu mikilvægari en tengsl við vini og nágranna.

Rannsóknir fleiri fræðimanna hafa sýnt fram á samband á milli félagsauðs barna og gengi þeirra í skóla (sjá t.d. Field, 2003; Morgan og Sorenson, 1999; Otero og West-Burnham, 2004; Putnam, 2000). Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á að í skóla mynda börn sambönd við önnur börn og starfsfólk og aðra í nánasta umhverfi sínu. Þegar þau mynda nán tengsl og vinna saman að námsmarkmiðum eru meiri líkur á að þau nái betri námsárangri en ef þau hefðu ekki þessi tengsl. Þannig getur félagsauður sameinað einstaklinga og hópa í samfélaginu sem bera ásamt skólanum ábyrgð á námi og þroska nemenda.

Rannsóknir á tengslum milli félagsauðs og gengi barna í skóla taka iðulega til greina mikilvægi mannaúðs (*e. human capital*) og fjárhagsauðs (*e. financial capital*). Sumir fræðimenn líta á félagsauð sem auðlind með sama hætti og fjárhagsauð og mannaúð (t.d. Putnam, Leonardi og Nanetti, 1993). Mannauður er skilgreindur sem hæfni fólks til að mennta sig og Coleman (1988) telur að einstaklingar og samfélög sem hafa mikinn mannaúð hafi einnig mikinn félagsauð. Sýnt hefur verið fram á að mannaúður foreldra tengist námsárangri barna þeirra (sjá t.d. Coleman, 1988; Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 1999). Fræðimenn mæla mannaúð með ýmsu móti, til dæmis með því að spyrja um menntun þátttakenda og menntun foreldra þeirra (sjá t.d. Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Í þessu verkefni var mannaúður mældur með því að spyrja um menntun móður.

Í rannsóknnum er fjárhagsauður oft mældur með því að meta eignir, hlutabréf og tekjur fólks (Coleman, 1988). Í rannsóknnum á menntun barna er fjárhagsauður iðulega skilgreindur sem hæfni eða geta foreldra til að fjárfesta í menntun barna sinna. Fjársterkir foreldrar geta frekar veitt börnum sínum öruggt umhverfi, sent þau í góða skóla, gert þeim kleift að hafa fjölbreytt viðfangsefni utan skóla og útvegað séraðstoð þegar þess er þörf, er það talið hafa jákvæð áhrif á námsárangur barna (Coleman, 1988; Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 1999). Fjárhagsauður var mældur í þessu verkefni með því að spyrja móður um heildartekjur heimilis.

Skilgreiningar þeirra fræðimanna sem hér hefur verið fjallað um eiga það sameiginlegt að þær leggja áherslu á tengsl milli einstaklinga eða stofnana og er það grunnurinn að þessari rannsókn. Það er ekki einfalt að útskýra hvað felst í hugtakinu félagsauður og hverju það bætir við hugmyndir um félagsleg tengsl. En líkja má félagsauði við eins konar öryggisnet sem einstaklingar eða stofnanir koma sér upp til þess að tryggja sem best afkomu sína og vellíðan. Í bernsku er það á ábyrgð foreldra að koma á slíkum tengslum. Tengsl sem byggja á félagsauði einkennast því af trausti og öryggi og halda yfir ákveðinn tíma og má ætla að þau séu því sterkari en önnur félagsleg tengsl. Í þessum kafla hafa verið kynntar hugmyndir fræðimanna sem eru framarlega á sviði félagsauðs. Áður en fjallað verður nánar um rannsóknir á þroska barna og uppbyggingu félagsauðs í skólasamfélagi verður skýrt frá notkun hugtaksins félagsauður í stefnumótun auk gagnrýni sem komið hefur fram á hugtakið.

## **Áhersla á félagsauð við stefnumótun**

Mikil þróun hefur átt sér stað varðandi hagnýtingu hugtaksins félagsauður í stefnumörkun og starfi opinberra aðila og hefur hugtakið verið notað á vinnumarkaði, í heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Víða á Vesturlöndum hafa ráðamenn kannað mögulegan ávinning af félagsauði í stefnumörkun sinni og hafa komist að því að hann er mikilvægur en vanmetinn þáttur í velferð einstaklinga og samfélaga (Demers, 2005). Efnahags- og framfarastofnunin OECD hefur gefið út rit um mikilvægi félagsauðs fyrir

stefnumörkun stjórnvalda og Alþjóðabankinn notar félagsauð sem einn mælikvarða við mat á þeim verkefnum er hann tekur þátt í (Efnahags- og framfarastofnunin OECD, 2001).

Hugmyndir um félagsauð hafa sett mark sitt á opinbera stefnumörkun og umræðu opinberra aðila hér á landi, svo sem sveitarfélaga, sjálfboðasamtaka og fyrirtækja. Einnig hefur verið unnið að því að auka rannsóknir á þessu sviði hérlendis. Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum beitt sér fyrir því að hugtakið félagsauður verði hluti af stefnumörkun og starfi þjónustumiðstöðva í borginni. Þá hefur Stofnun stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands kynnt hugtakið sem mikilvæga stiku fyrir stjórnvöld á mörgum sviðum, til dæmis þegar mæla á fátækt og félagslega einangrun eða kanna hvort glæpum fjölgi á Íslandi (Háskóli Íslands, 2007).

Málþing sem bar heitið „Félagsauður (*e. social capital*) á Íslandi: Forsenda framfara í nýju þjóðfélagsumhverfi?“ var haldið á vegum Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og Borgarfræðaseturs árið 2005 í Reykjavík. Tilefni þingsins var að kynna evrópska samanburðarrannsókn á félagsauði, sér í lagi félagsvirkni, trausti milli manna og trausti á lykilstofnunum í 10 löndum, þar á meðal Íslandi. Markmiðið með rannsókninni var tvíþætt: í fyrsta lagi að koma á alþjóðlegum gagnabanka um félagsauð og í öðru lagi að leita leiða til þess að efla félagsauð sem tæki til aukinnar velsældar þegnanna. Niðurstöðurnar voru þær helstar að Ísland og önnur skandínávísk lönd ásamt Sviss og Hollandi byggju yfir meiri félagsauði en önnur lönd í Evrópu. Ástæðan virðist vera sú að minni spilling er í stjórnkerfi landanna og meira traust á lykilstofnunum og leiðtogum þeirra og eins meira traust á milli manna (sjá nánari umfjöllun í Svendsen og Bjørnskov, 2007).

Starfsmenn rannsóknarsetursins *The Applied Education Research Scheme: Schools and Social Capital Network* í Skotlandi eru að vinna að viðamikilli rannsókn sem hófst 2005 og mun ljúka 2010. Tilgangur rannsóknarinnar er meðal annars að nota hugmyndir um félagsauð til þess að vinna með nemendum sem eru taldir í hættu á að einangrast félagslega (Catts og Ozga, 2005). Talin er vaxandi hætta á að þessir nemendur og ef til

vill samfélög í Skotlandi verði undir í samkeppninni um góðan árangur í lífinu, öruggt vinnuumhverfi og betri lífshjör. Rannsakendur telja hættu á að skólar og þjóðfélagið yti undir aukin tækifæri til þeirra sem hafa ráð og getu til að notfæra sér þau, meðan þeir sem standa verr í þjóðfélaginu eiga erfiðara með að nýta sér slík tækifæri. Rannsóknin beinist því að þróun félagsauðs í skólum og menntun almennt til að mæta þessum vanda (Catts og Ozga, 2005). Í þessum kafla hefur verið fjallað um að félagsauður nýtist ekki eingöngu einstaklingum og stofnunum heldur einnig í stefnumörkun og starfi opinberra aðila víða um heim.

## **Gagnrýni á hugtakið félagsauður**

Tilraunum til að festa hugtakið félagsauður í sessi hefur verið hamlað af gagnrýni á það, sértaklega að merking þess sé óljós og að erfitt sé að mæla það. Catts og Ozga (2005) telja að mæling á félagsauði eins og hún birtist í mörgum alþjóðlegum könnunum henti illa ungu fólki og þróun félagsauðs í skólum. Þeir telja að hún eigi fyrst og fremst við hvítt millistéttarfolk en sé illa til þess fallin að meta félagsauð í öðrum hópum. Furstenberg (2005) kemst að svipaðri niðurstöðu og telur að ekki hafi verið kannað nægilega vel hvernig félagsauður verður til hjá hjónum, foreldrum, börnum og hópum, hvort hægt sé að hafa stjórn á honum og hvernig hann nýtist fólki í fjölskyldunni. Því telur Furstenberg (2005) að áhrif félagsauðs á velferð fjölskyldunnar og einstaka meðlimi hennar sé ekki nægilega ljós. Hann telur að ekki hafi verið sýnt fram á réttmæti mælitækja sem notuð eru til að mæla félagsauð og hvetur til fræðilegrar nákvæmni og vandvirkni í aðgerðabindingu og mælingu á félagsauði.

Þrátt fyrir að Coleman (1988) hafi sýnt fram á að mikill félagsauður auki námsárangur hjá nemendum hafa niðurstöður rannsókna ekki allar verið á einn veg. Hluti skýringarinnar gæti verið fjöldi þeirra breyta sem rannsakendur hafa skoðað (Kao og Rutherford, 2007). Margar rannsóknir hafa þó sýnt fram á fylgni á milli félagsauðs og námsárangurs (t.d. McNeal, 1999; Morgan og Sørensen, 1999; Sun, 1998). Aðrar rannsóknir hafa fundið litla fylgni milli félagsauðs og námsárangurs (Carbonaro, 1998;



Sun, 1998). Nemendur sem eiga foreldra sem þekkja vel foreldra vina þeirra fá háar einkunnir í stærðfræði og raunvísindaprófum, en foreldrar sem eru virkir í foreldrastarfi virðast hins vegar hafa takmörkuð áhrif á námsárangur (Sun, 1998). Því virðast sumar mælingar á félagsauði hafa tengsl við námsárangur en aðrar ekki. McNeal (1999) telur að áhrif félagsauðs fari eftir eðli breytanna sem eru rannsakaðar, meðal annars fylgibreytanna. Hann heldur því til dæmis fram að foreldrar hafi meiri áhrif á hegðun barna sinna í skóla en námsárangur. Ekki leggja allir fræðimenn sem rannsaka félagsauð og skólagöngu áherslu á námsárangur. Sýnt hefur verið fram á tengsl félagsauðs og áhuga nemenda á framhaldsnámi (Muller og Ellison, 2001) og tengsl félagsauðs við góða atvinnu (Stanton, Ricardo og Dornbusch, 1995). Aðrir rannsaka hvernig félagsauður getur hjálpað nemendum að forðast óæskilega hegðun eins og það hvernig unglingsstúlkur geti forðast þunganir (Furstenberg og Hughes, 1995) eða hvernig má koma í veg fyrir að nemendur skrópi úr skóla (McNeal, 1999).

Kao og Rutherford (2007) telja að rannsakendur félagsauðs hafi ekki gert nægilega grein fyrir því hvernig félagsauður sé meðal fólks af ólíkum uppruna, til dæmis af mismunandi kynþætti, trúarbrögðum og meðal barna innflytjenda, þrátt fyrir að ætla megi að félagsauður nýtist fólki af ólíkum uppruna til góðs. Einnig má benda á þegar mikill félagsauður er til staðar í einum hópi er hættu á að hann nýtist ekki öðrum hópum eða einstaklingum. Þegar einstaklingar eða hópar sem sinna hvað mest skólastarfi hafa sterk tengsl sín á milli getur verið að aðrir veigri sér við að starfa með þeim og haldi sig til hlés eða eigi ekki greiða leið að hópnum. Því má vera að félagsauður í einum hópi geti haft neikvæð áhrif á einstæðinga eða aðra hópa sem eru utan tengslanetsins sem geta verið útilokaðir frá þátttöku í mikilvægum félagslegum athöfum (Bankston, 2004).

Nokkrir rannsakendur hafa fundið neikvæða fylgni milli mismunandi þátta félagsauðs og námsárangurs (McNeal, 1999, 2001; Morgan og Sørensen, 1999). Morgan og Sørensen (1999) fengu þær niðurstöður að nemendur, sem eiga foreldra sem þekkja vel foreldra vina þeirra, fengu lægri einkunnir í stærðfræði í 12. bekk en í 10. bekk heldur en samanburðarhópurinn sem samanstóð af nemendum sem eiga foreldra sem þekkja ekki vel foreldra vina þeirra. McNeal (2001) fékk svipaðar niðurstöður úr rannsókn sinni. Þær

voru á þá leið að foreldrar sem eru virkir í foreldrafélagi skóla barna sinna hefðu neikvæð áhrif á námsárangur barnanna. Kao og Rutherford (2007) telja að félagsauður foreldra hafi meiri áhrif á námsárangur yngri barna þeirra en þeirra eldri. Þeir vilja meina að það stafi ef til vill af því að því eldri sem börnin verða því meiri áhrif hafi félagarnir fram yfir foreldranna. Því geta áhrif félagsauðs farið eftir því um hvaða nemendahóp er að ræða.

Í þessu verkefni var kannað hvort félagsauður mæðra og skóla hafi tengsl við námsárangur nemenda í 7. bekk. Þrátt fyrir að niðurstöður rannsókna hafi ekki verið einhlítar hafa flestar bent til þess að jákvætt samband sé þar á milli. Nemendur voru í 7. bekk þegar rannsóknin fór fram og því má ætla að félagsauður mæðra hafi áhrif á námsárangur þeirra samanber umfjöllun hér að ofan. Eins má nefna að stéttarskipting er talin frekar lítil á Íslandi og ætti því mæling á félagsauði að henta ágætlega hér þar sem nemendahópurinn er einsleitari en í mörgum öðrum samfélögum. Þó er ljóst að íslenskt samfélag tekur örum breytingum og þó að þessi rannsókn stígi fyrsta skrefið til að mynda skilning á sambandi félagsauðs og gengi nemenda í skóla, þarf frekari rannsóknir til að kanna félagsauð barna á Íslandi sem eru af mismunandi bakgrunni. Nánar verður vikið að því í umræðukafla.

## **Þegar félagsauður er ekki til staðar**

Lítill félagsauður í samfélagi nágretta er talinn hafa áhrif á frávíkshæðun barna og unglinga á margvíslegan hátt. Gisin tengsl milli íbúa eru talin draga úr beinu félagslegu taumhaldi foreldra á börnum sínum og því er líklegt að íbúar skipti sér síður af unglingum sem þeir kunna engin deili á (Sampson, Raudenbush og Earls, 1997). Því eru gisin tengslanet og skortur á samstöðu meðal íbúa talin draga úr eftirliti íbúanna með unglingum og jafnaldrasamfélagi þeirra (Sampson og Groves, 1989).

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (1997) gerðu rannsókn til að athuga hvaða þættir í félagslegri samsetningu grenndarsamfélagsins tengjast frávíkshæðun

Íslenskra unglunga. Notuð voru gögn úr spurningalistakönnun sem lögð var fyrir nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla á landinu öllu. Niðurstöður þeirra sýndu að nemendur sem búa ekki hjá báðum foreldrum, eiga foreldra sem hafa orðið atvinnulausir nýlega, hafa flutt í nýtt hverfi eða sveitarfélag nýlega eða eiga foreldra sem ekki tilheyra tengslaneti grenndarsamfélagsins eru líklegri til að taka þátt í frávíkshæðun svo sem neyslu áfengis, jafnvel þegar tekið er tillit til félagsgerðar skólahverfisins. Athygli vekur að háskólamenntun foreldra tengist ekki frávíkshæðun unglunga í rannsókn Jóns Gunnars Bernburg og Þórólfs Þórlindssonar (1997), ólíkt niðurstöðum rannsókna í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þær hafa fundið neikvætt samband á milli stéttarstöðu foreldra í grenndarsamfélaginu og afbrotatíðni unglunga (Sampson, Raudenbush og Earls, 1997).

Kao og Rutherford (2007) gerðu rannsókn sem byggist á gagnagrunni *The National Education Longitudinal Study* (NELS). Þær könnuðu félagsauð og þau áhrif sem hann hafði á 13 ára nemendur sem tilheyrðu minnihlutahópum og voru börn innflytjenda (önnur kynslóð). Úrtakið var 16.489 börn sem voru við nám árið 1988 og sem voru enn við nám árið 1992, foreldrar þeirra og kennarar. Rannsóknin fól í sér að kanna meðaltal einkunna í stærðfræði og lestri. Kao og Rutherford (2007) voru með tvenns konar mælingar á félagsauði. Annars vegar voru breytur sem mældu tengsl foreldra barnanna við foreldra vana þeirra og virkni foreldra í skólastarfi og hins vegar breytur sem mældu minnihlutahópa í skólunum sem voru skilgreindir eftir félagslegri stöðu. Niðurstöður gáfu til kynna að börn innflytjenda frá Asíulöndum og spænskumælandi löndum og barnabörn svartra innflytjenda hefðu yfir að ráða minni félagsauði en þriðja kynslóð hvíttra barna.

Rannsóknir sem fjalla um mismunandi félagsauð meðal kynþátta, trúarhópa og innflytjenda hafa iðulega sýnt að hvít börn og barnabörn svartra innflytjenda búi yfir meiri félagsauði en aðrir hópar (Bankston, 2004; Ho og Willms, 1996; Sun, 1998). Hins vegar þegar fjallað er um aðra þætti félagsauðs en þá sem um er rætt í rannsókn Kao og Rutherford (2007), eins og umræður milli foreldra og barna á heimili og milli kennara og nemenda í skóla, þá eru það hvít börn og börn frá spænskumælandi löndum sem hafa

yfirburði yfir svört börn og þau sem koma frá Asíulöndunum (Ho og Willms, 1996). Þeir álíta að félagsauður sem fólk af mismunandi kynþætti og trúarhópar hafa yfir að ráða sé mismunandi eftir því hvaða þætti félagsauðs er verið að skoða. Ho og Willms (1996) hafa komist að því að börn frá spænskumælandi löndum, svört börn og börn frá Asíulöndum fá meiri aðstoð við nám heima fyrir en hvít börn. Á móti kemur að börn frá spænskumælandi löndum og Asíulöndum eiga foreldra sem taka minni þátt í skólastarfi en foreldrar hvítra barna, líklega vegna tungumálaörðugleika. Lítil hluti rannsakenda félagsauðs hefur skoðað áhrif hans á kynþætti, trúarhópa og börn innflytjenda þrátt fyrir að talið sé að félagsauður sé þessum hópum nauðsynlegur til að tryggja velferð þeirra (Kao og Rutherford, 2007). Einnig er ljóst að ekki hafa allir jafnan aðgang að félagsauði, meira að segja í samfélögum þar sem hann er til staðar. Þrátt fyrir að athyglinni verði ekki beint að félagsauði í minnihlutahópum og ástæðum og afleiðingum þess að búa við lítinn félagsauð í þessari rannsókn er það vert rannsóknarefni.

## Umhverfi, menning og þroski

Þegar einstaklingur þroskast verður hann færari að takast á við umhverfi sitt og vonandi eins og samfélagið telur að fullorðinn einstaklingur eigi að vera (Lerner, 2006). Þroski er því gildishlaðið hugtak og háð þeim tíma og menningu sem hver og einn elst upp í. Á lífsbrautinni breytist einstaklingurinn á ýmsa vegu. Færni hans eykst og verður margþættari. Hann öðlast aukinn skilning á umhverfi sínu, lærir hvernig best er að bregðast við þeim verkefnum sem hann glímir við. Öll uppvaxtarárin fram á efri ár, jafnvel lífið á enda, er því framvinda sem einkennist af færni frá því einfalda til hins margbrotna. Nýlegar kenningar í þroskavísindum (*e. developmental science*) leggja áherslu á að einstaklingar geti þróast á neikvæðan og jákvæðan hátt og það séu margvíslegir þættir sem hafi áhrif á þetta ferli (Lerner, 2006). Fólk fæðist með ólík gen, geðslag, persónuleika, vitsmunalega hæfileika og hegðunarmunstur. Fólk býr einnig í ólíkum vistfræðilegum kerfum sem öll hafa mótandi áhrif á það, til dæmis fjölskylda, vinir, skóli, félög, stefnumörkun stjórnvalda, fjölmiðlar og menning. Þroski hefur því ólíka merkingu og þýðingu meðal þjóða og á ólíkum tímum. Vestræn ungmenni hafa til

dæmis mun meira sjálfstæði og val í sínu lífi en áður. Það leiðir til nýrra tækifæra sem er hægt að nýta til góðs og ills. Þessar fræðilegu áherslur hafa orðið til að auka skilning innan þroskasálfræði á því hvaða tengsl eru á milli þroska og þess umhverfis sem börn alast upp í og hvað í umhverfinu hefur mest áhrif á þroska barna og unglunga (Lerner, 2006).

Nýlegar rannsóknir staðfesta þau tengsl sem eru á milli félagsauðs í fjölskyldum og skóla og þroska barna og ungmenna. Sýnt hefur verið fram á að börn sem búa við góðan félagsauð heima fyrir eru rólegri, jákvæðari og eiga auðveldara með að einbeita sér í leik og við nám en jafnaldrar sem búa við minni félagsauð (Barber og Olsen, 1997; Gambone og Connell, 2004). Þessar rannsóknir eiga það sameiginlegt að niðurstöður þeirra sýna að ungmenni eru líklegri til að þroskast á jákvæðan hátt ef umhverfið sem þau lifa í mætir þörfum þeirra um margbreytileika og samvirkni. Ef þau búa við þætti eins og sterka tengingu við skóla, fjölskyldu, systkini og jafningja hefur það jákvæð áhrif á þroska þeirra. Ef jákvæð reynsla ungmenna hefur mikla fylgni við einn þátt, til dæmis fjölskyldu, er líklegt að jákvæð niðurstaða fái úr öllum hinum þáttunum. Ef ýtt er því undir þroska á einu sviði hefur það áhrif á önnur svið (Barber og Olsen, 1997; Eccles o.fl., 1997).

Runyan o.fl. (1998) gerðu langtímarannsókn á áhrifum félagsauðs á þroska og hegðun leikskólabarna sem voru talin í áhættuhópi vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Rannsóknin náði til 667 barna á aldrinum tveggja til fimm ára og mæðra þeirra. Félagssauður var skilgreindur sem félagsleg tengsl innan samfélaga og fjölskyldna. Niðurstöður Runyan o.fl. (1998) gáfu til kynna að félagsauður hefði áhrif á velferð og þroska barna strax í leikskóla. Þau börn sem bjuggu við félagsauð á heimili sýndu meiri félagsfærni og höfðu betri stjórn á hegðun sinni en þau börn sem ekki bjuggu við félagsauð á heimili. Því virðist sem börn hafi gagn af félagsauði foreldra sinna á svipaðan hátt og af fjárhagslegum auði. Félagssauður getur því haft jákvæð áhrif á þroska og velferð barna sem koma frá fjölskyldum sem hafa lítið fjármagn og fá úrræði til menntunar. Hér hefur verið rætt um jákvæð áhrif félagsauðs á þroska og líf barna og unglunga. Það má ljóst telja að ekki búa allir við félagsauð og rannsakendur hafa metið áhrif þess að búa við

lítinn félagsauð. Í þessu verkefni var spurt um það hvort barn taki ábyrgð á heimnámi og vinni sjálfstætt. Miðað við niðurstöður úr rannsóknum til dæmis Barber og Olsen (1997) og Gambone og Connell (2004) má ætla að þau börn sem búa við góðan félagsauð heima fyrir séu rólegri og jákvæðari og eigi því auðveldara með að sinna heimanámi án aðstoðar fullorðinna. Ekki var spurt um tengsl barna við systkini eða jafningja en spurt um tengsl móður við skóla og fjölskyldu.

## **Uppbygging félagsauðs í skólasamfélagi**

Lev Vygotsky var rússneskur þróunarsálfræðingur og kennari sem var uppi á fyrri hluta 20. aldar (Dworetzky, 1995). Verk hans og kenningar hafa fengið talsverða athygli á undanförunum áratugum vegna þess hversu samhljóða þær eru nýlegum áherslum innan þroskasálfræði og menntunarfræða. Vygotsky lagði áherslu á félagslegt samspil einstaklings, samskipta, umhverfis og menningar með sérstöku tilliti til áhrifa á vitsmunapróska. Hann taldi nám vera félagslegt ferli þar sem samskipti barns við fullorðna, sérstaklega foreldra, höfðu áhrif á vitsmunapróska, svo sem hvernig barn nemur menningarleg tæki eins og tungumál, ritmál og fleira sem hefur áhrif á það hvernig barnið byggir upp þekkingu sína. Vygotsky taldi því að einstaklingurinn þroskaðist og byggði upp þekkingu í gegnum félagsleg samskipti og að þekking yrði til í samskiptum við fólk og menningu. Augljóst má telja að félagslegt samspil kennara og foreldra spili veigamikil hlutverk í vitsmunapróska einstaklingsins samkvæmt kenningu Vygotsky og nauðsynlegt að kennarinn leitist við að mynda auðugt félagslegt umhverfi sem er hvetjandi til náms bæði í gegnum samskipti við kennarann og einnig á milli nemenda (Dworetzky, 1995).


Félagsauður verður til vegna virkra sambanda innan skólasamfélagsins og ræðst aðallega af þróun samfélaga í skólum (Redding, 1996; Sergiovanni, 2006). Vonast er til að með því að byggja upp ný tengsl eða sambönd milli fólks sé hægt að virkja hugmyndir og festa þær þannig í sessi að þær verði að hefð, sérstakar og innihaldsríkar. Eins og áður er getið eru skólasamfélög skilgreind sem hópur fólks sem tengdur er saman vegna

sameiginlegra hugmynda og markmiða. Þegar sá hópur einkennist af trausti og virðingu er litið þannig á að félagsauður sé til staðar í samfélaginu. Skólastjórnendur og kennarar geta haft áhrif á félagsauð í skóla með því að tryggja að námið sé þroskandi fyrir nemendur, með því að koma í veg fyrir einangrun á vinnustað, ýta undir samvinnu, efla faglegan þroska og frumkvæði kennara. Slík skólasamfélög eru líkleg til að vera ekki aðeins árangursrík fyrir kennara og annað starfsfólk, heldur einnig fyrir foreldra og nemendur. Náin tengsl myndast þá frekar innan skólasamfélagsins sem leiða til betri árangurs í námi (Morgan og Sorenson, 1999; Otero og West-Burnham, 2004).

Öll samfélög eru hlaðin gildum og skólasamfélög því samkvæmt eðli sínu hlaðin gildum menntunar (Redding, 1996). Þegar rannsaka á gildi menntunar vakna spurningar um hvað skólasamfélag er og hvernig það verði mælt. Það er hægt að meta áhrif námskrár, færni starfsfólks og nemenda, skrifaðar reglur skólans en það getur reynst erfiðara að mæla áhrif félagsauðs, hegðun foreldra og barns eða tengsl kennara og nemenda. Ein leið er að mæla skólasamfélagið út frá einstaklingum þess, það er skoða hvort þeir sameinast um einhver gildi eða menntun eða hvort þeir umgangist aðra á þann hátt að félagsauður verði til. Þessi leið til mælingar var farin í þessari rannsókn þar sem sameiginleg markmið, tengsl og traust milli foreldra og skóla voru mæld. Reynt var að hafa spurningar í spurningalistunum sem líkastar svo að hægt væri að bera saman félagsauð mæðra og skóla.

Skólar eru lifandi og opin félagsleg kerfi sem mótast meðal annars af því hvort einstaklingar úr umhverfinu, til dæmis foreldrar, taki þátt í starfsemi þeirra. Skólarnir eru því í gagnvirku sambandi við umhverfi sitt þar sem þeir verða fyrir fjölbættum áhrifum frá því og hafa á það áhrif (Hoy og Miskel, 2005). Þessi áhrif sem skólar hafa á samfélagið geta verið með óformlegum og formlegum hætti. Einstaklingar innan skólanna verða fyrir áhrifum af viðhorfum og hegðun úr umhverfinu og eins bera þeir með sér áhrif skólans aftur út í samfélagið. Þetta eru hin óformlegu áhrif sem skólar hafa. Varðandi formlegu áhrifin geta skólar haft meðvituð áhrif á umhverfi sitt með orðspori sínu og ímynd. Mannauður hvers skóla er hluti af orðspori hans og er því nauðsynlegt að hann hafi á að skipa menntuðu og metnaðarfullu starfsfólki (Hoy og

Miskel, 2005). Af þessu má ráða að ef skólar líta á sig sem einangraða stofnun er lítil von til þess að aðrir í samfélaginu líti á sig sem aðila lærðs samfélags og að hægt sé að stuðla að félagsauði í því skólasamfélagi (Otero og West-Burnham, 2004). Því þarf að skoða innviði skólasamfélagsins og helstu sambönd sem nemendur skólans hafa við umhverfi sitt (sjá mynd 1) og hvernig má styrkja þessi sambönd og auka þannig félagsauðinn innan skólasamfélagsins. Ef þessir þættir skarast innbyrðis er von til að það sameini starfsfólk skólans og aðra í samfélaginu og auki félagsauðinn í skólanum. Niðurstöður rannsóknarinnar sem nú verður gerð á vonandi eftir að staðfesta þetta.




Mynd 1. Fjögur helstu sambönd nemenda við umhverfi sitt (Otero og West-Burnham, 2004).


Bandaríska menntamálaráðuneytið stendur fyrir rannsókn sem kallast *The National Education Longitudinal Study* (NELS). Morgan og Sørensen (1999) mátu stærðfræðiþátt rannsóknar sem stóð yfir frá 1988 til 1992 og báru saman stærðfræðikunnáttu unglunga í kaþólskum skólum sem þeir kalla *Norm-Enforcing School* og skólum sem þeir nefna *Horizon-Expanding School*. Fyrirnefndu skólarnir voru lokaðar stofnanir með sterkar tengingar meðal nemenda, kennara og foreldra en með lítil tengsl við aðra þætti samfélagsins fyrir utan kaþólsku kirkjuna (sjá mynd 2). Þeir síðarnefndu höfðu mikil tengsl meðal nemenda, kennara og foreldra og einnig við aðra skóla og menntastofnanir (sjá mynd 3). Niðurstöður urðu þær að nemendur síðarnefndu skólanna stóðu sig betur á



prófum í stærðfræði. Morgan og Sørensen (1999) telja að rekja megi þennan mun til aukinna tengsla innan skólans og við heimili og það ýti undir betri árangur til dæmis í stærðfræði. Foreldrar sem búa við mikinn félagsauð hafa meiri tengsl við nágranna sína og vini og hafa frekar frumkvæði að því að hafa samband við skólann.



Mynd 2. Sambönd innan skóla sem hafa ekki tengsl út fyrir skólasamfélagið (Morgan og Sørensen, 1999).



Mynd 3. Sambönd innan skóla sem hafa tengsl út fyrir skólasamfélagið (Morgan og Sørensen, 1999).

Tengsl milli fólks í skólasamfélagi hafa ekki einungis áhrif á námsárangur nemenda í skóla heldur hafa rannsóknir einnig sýnt fram á tengsl við uppgjöf nemenda í námi (Coleman, 1988). Rannsóknir Colemans (1988) hafa sýnt fram á að nemendum einstæðra foreldra er hættara við að gefast upp í námi en nemendum sem búa hjá báðum foreldrum. Það er talið mega rekja til þess meðal annars að einstæðir foreldrar hafi ekki eins mikinn tíma til að aðstoða börn sín við heimanámið eins og þar sem báðir foreldrar búa á heimili og hafa því sterkari tengsl við skólann. Ljóst er að fleiri þættir koma til. Einstæðir foreldrar eru oft verr staddir fjárhagslega og er hugsanlegt að það hafi áhrif á brottfall barna þeirra úr skóla. Til þess að skoða hvort brottfall tengist félagsauði frekar en öðru rannsakaði Coleman (1988) börn einstæðra foreldra og börn sem bjuggu hjá báðum foreldrum og gengu í kaþólskan skóla. Hann komst að því að þrátt fyrir að nemendur kæmu frá heimili þar sem annað foreldrið sá um uppeldið hættu þeir ekki frekar námi en þeir þar sem báðir foreldrar voru á heimilinu. Hann ályktaði að þar sem félagsauð vantaði á heimili einstæðra foreldra bætti hið kaþólska samfélag það upp. Auðvitað er erfitt að yfirfæra þessar niðurstöður beint yfir á Ísland þar sem hlutverk trúarbragða er oft minna í lífi fólks. Hins vegar er líklegt að það eigi við á Íslandi eins og annars staðar að ungt fólk geti haft samband við aðra fullorðna en foreldra sína og fengið þaðan stuðning og styrk. Slík sambönd mynda félagsauð sem geta hjálpað skólum við menntunarhlutverk sitt og að auki styðja og styrkja nemendur til að þroskast félagslega og eru sérstaklega mikilvæg ef húsnaði, heilsa, fæði og öruggt umhverfi er ekki til staðar, ef foreldrar eru á lágum launum eða atvinnulausir (Warren, 2005). Skóli sem ætlar að sinna því hlutverki að búa nemendur undir líf og starf í nútímapjódfélagi er í lykilaðstöðu til að tengja saman alla þá sem að þeim koma (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005).

Í rannsókninni sem hér verður birt voru umsjónarkennarar beðnir um að svara spurningum um félagsauð í skólasamfélagi sem foreldrar, skólastjórnendur og kennarar skapa. Umsjónarkennarar voru einnig beðnir um að svara spurningum um gæði skólastarfs í skólum sínum. Með gæðum skólastarfs er meðal annars átt við að skólastjóri setji skýra stefnu um skólastarfið, að stoðþjónusta skólans sé góð, að málefni nemenda skipi öndvegi í skólastarfinu, að kennarar efli faglegan þroska sinn og séu

ánægðir með skólann sem vinnustað, að upplýsingar til nemenda og foreldra komist vel til skila og að samskipti nemenda og starfsfólks séu góð. Fræðimenn (sjá t.d. Dworetzky, 1995; Morgan og Sorenson, 1999; Otero og West-Burnham, 2004) telja að með því að skapa auðugt félagslegt starfsumhverfi í skólum geti myndast tengsl sem einkennast af trausti og virðingu og er þá litið svo á að félagsauður sé til staðar.

## **Hlutverk foreldra í þróun félagsauðs í skólasamfélagi**

Yfirvöld geta haft áhrif á líf íbúa sinna með því að stuðla að lífsgæðum og félagslegum auði í samfélaginu (Wang, Haertel og Walberg, 1997). Það á til dæmis að sjá til þess að heilbrigðismál, öryggi og menntun íbúanna sé tryggð en getur einnig veitt félagslegan stuðning sem eykur á samkennd fólks. Gunnar Helgi Kristinsson (2001) mældi félagsauð sveitarfélaga á Íslandi út frá ánægju íbúa þeirra með þjónustuna á sveitarstjórnarstiginu. Niðurstöður hans byggjast meðal annars á viðtækri viðhorfskönnun meðal íbúanna. Í meginatriðum voru niðurstöður þær að því fámennari sem sveitarfélögin eru, því virkari eru íbúarnir, áhugasamari um sveitarstjórnarmál og upplýstari um málefni sveitarfélagsins.

Yfirvöld geta stuðlað að samkennd með því til að mynda að hlúa að umhverfinu með söfnunum fyrir fátæka og gefa hinum ungu meðlimum samfélagsins tækifæri á að vinna við hlið hinna fullorðnu. Þetta getur aukið þekkingu og færni ungmennanna og veitt þeim þá tilfinningu að opinber yfirvöld sjái vel fyrir ungum íbúum sínum, meti þá og gefi þeim leyfi til að taka þátt í mótun samfélagsins. Með því að hlúa að félagsauði ungs fólks í samfélaginu má koma í veg fyrir að því finnist það vera einangrað og gleymt (Wang, Haertel og Walberg, 1997). Uppbygging af þessu tagi getur einnig nýst ungu fólki í skólasamfélagi þó að ekki væri spurt um það í þessu verkefni og má finna slíkar áherslur í opinberum gögnum, svo sem skýrslu nefndar menntamálaráðuneytis (1994) um mótun menntastefnu:

Þrátt fyrir jákvæða þróun í samstarfi heimila og skóla er foreldrum eða samtökum þeirra enn ekki opin formleg leið til að hafa áhrif á skólastarfið.

Mikilvægt er að treysta tengsl tveggja mikilvægustu heima barnsins og byggja upp gagnkvæman skilning foreldra og skólafólks. Slíkt verður ekki gert nema þessum aðilum verði sköpuð skilyrði til að ræða saman um uppeldis- og menntunarhlutverk grunnskólans, og að foreldrar hafi tækifæri til að taka virka afstöðu til stefnu skólans á hverjum tíma (bls. 2).

Fjölskylda og skóli eru mikilvægustu mótunaraðilar barnsins. Góð samvinna og regluleg upplýsingagjöf milli heimilis og skóla er báðum aðilum nauðsyn í því sameiginlega verkefni að stuðla að menntun og heilbrigðum þroska barns. Mikilvægt er að skólinn taki þannig á móti foreldrum að þeir finni að þeir séu velkomnir. Parcel og Dufur (2001a, 2001b) telja að tengsl á milli foreldra og starfsfólks skóla auki á félagsauð í skólasamfélaginu. Námsárangur nemenda verði betri, þeim líði betur og að meiri líkur séu á að foreldrar myndi tengsl við aðra foreldra í skólahverfinu. Það að foreldrar og starfsfólk skóla sýni frumkvæði meðal annars í að afla sér upplýsinga um og að kynnast hver öðrum hefur sterk tengsl við félagsauð (Onyx og Bullen, 2000). Því er frumkvæði og samstarf heimila og skóla einn af hornsteinum grunnskólans og er eitt meginviðfangsefni þessarar rannsóknar.

Nemendur mæta í skólann vegna þess að þeir eru skólaskyldir og ákveðinn skóli tilheyrir þeirra skólahverfi (Redding, 1996). Nemendur nýta þau menntunargildi sem þeir hafa þegar í skólann er komið. Þeim sem líður vel í skólanum tína úr þau gildi sem henta þeim og lítil samfélög myndast. Foreldrar og kennarar vilja að nemendur verði ábyrgir fyrir náminu, hafi gaman að því að læra, sýni öðrum virðingu og hagi sér á ábyrgan hátt. Ef nemendur eru ekki tengdir skólanum og markmiðum hans er hætt við að þeir nái lágmarks árangri í námi. Það er því nemendum mikilvægt að kennarar þeirra og foreldrar þekkist vel, að traust ríki á milli skóla og heimilis og að þeir finni að kennurum þyki vænt um þá, hlusti á þá og sýni þeim skilning og umhyggju (Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Í þessu verkefni var spurt um hvort nemendur beri ábyrgð á námi sínu, hvort að mæður og umsjónarkennarar hafi tengsl sín á milli eða hvort umsjónarkennarar sýni nemendum sínum umhyggju.

Rannsóknir Henderson og Berla (1994) sýna að þáttur foreldra og skóla í félagsauði barna hefur áhrif á námsárangur barns á margan hátt. Samband er á milli þess að foreldrar séu virkir í skólastarfinu og þess að nemandi nái lengra í námi og að þeir skólar sem hann sækir í framtíðinni séu góðir. Henderson og Berla (1994) sýndu einnig fram á að þar sem félagsauður er mikill í skólasamfélagi hefur hann meiri áhrif á nám og gengi nemenda í skóla en kennslan ein og sér, bekkjastærð eða sá tími sem er ætlaður hverjum og einum nemenda. Foreldrar sem eru áhugasamir og duglegir við að sinna skólastarfi barna sinna og skólar sem mæta þörfum nemenda stuðla þannig að félagsauði í skólasamfélagi og auka líkur á að börn leggi sig frekar fram í námi. Spurt var um hvoru tveggja í þessu verkefni.

Stevenson og Baker (1987) gerðu rannsókn sem byggði á gagnagrunni *The National Education Longitudinal Study* (NELS). Þeir könnuðu hvort þátttaka foreldra í skólastarfi tengdist gengi barna þeirra í skóla. Úrtakið var 179 börn og foreldrar þeirra og kennarar. Niðurstaða þeirra var sú að börn sem áttu foreldra sem tóku virkan þátt í starfi skólanna sýndu betri námsárangur. McNeal (1999) endurtók þessa rannsókn síðar og sótti úrtakið í sama gagnagrunn. Í þetta sinn var útakið stærra eða 11.401 börn, foreldrar og kennarar. McNeal (1999) ályktaði að þátttaka foreldranna hefði lítil áhrif á gengi barna þeirra í prófum í raunvísindum, sem hann kannaði sérstaklega. Niðurstaðan hefði ef til vill orðið önnur ef hann hefði kannað getu nemenda í námsgreinum, til dæmis stærðfræði þar sem foreldrar hafa ef til vill meiri kunnáttu á efninu og geta því frekar aðstoðað börnin við heimanámið og haft þannig áhrif á námsárangur þeirra. Í þessari rannsókn var spurt um einkunnir á samræmdu prófi í stærðfræði og íslensku, sem búast má við að foreldrar geti aðstoðað við í 7. bekk. Að auki var spurt um margar hliðar félagsauðs, til dæmis hvort að börnin fái aðstoð við heimanám í stað þess að einblína eingöngu á þátttöku foreldra í starfi skólanna eins og gert er í rannsókn McNeal (1999).

Croll (2004) gerði rannsókn sem byggði á gagnagrunni *The British Household Panel Survey, the Youth Survey*. Í þessum grunni eru um það bil 800 einstaklingar frá aldrinum 11 – 16 ára en úrtakið í rannsókninni var 763 ungmenni og foreldrar þeirra. Croll (2004) kannaði bakgrunn fjölskyldnanna og hvernig þær stóðu sig sem kennarar og ráðgjafar (e.

*mentors*). Niðurstöður voru að ungmenni sem fengu aðstoð foreldra við heimanám stóðu sig betur í námi en þau ungmenni sem fengu enga aðstoð. Einnig kom í ljós að ungmenni sem voru í nánnum tengslum við foreldra sína og gátu rætt við þá um málefni sem skipta þau máli stóðu sig betur á prófum en ungmenni sem töluðu lítið við foreldra sína. Croll (2004) bendir á að fjölskyldan hafi mikilvæg áhrif á sjálfsmynd og öryggi barnanna og hafi því áhrif á námsárangur. Mæður voru spurðar að því í þessu verkefni hvort þær hlusti á börn sín í málum sem skipta þau máli.

John (2005) kannaði hvort félagsauður nemenda og kennara hefði tengsl við árangur nemenda á prófum. Hann rannsakaði 15 – 17 ára nemendur í Englandi. Úrtakið var 1.249 nemendur sem komu frá 27 skólum úr mismunandi grenndarsamfélögum. Félagssauður var mældur með því að spyrja nemendur hvort foreldrar þeirra höfðu haft mikil eða lítil samskipti við foreldra vana þeirra, hvort nemendur treystu nágrönnum sínum, hvort þeir treystu starfsfólki skólans og hvort þeir treystu samnemendum sínum. Opinber gögn voru notuð til að kanna námsárangur nemenda. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að traust til nágranna, starfsfólks skólans og samnemenda höfðu jákvæð tengsl við námsárangur nemenda. Léleg tengslanet yngri foreldranna, sér í lagi þeirra sem höfðu lága þjóðfélagslega stöðu, höfðu enn frekar neikvæð tengsl við námsárangur ungmennanna. Í þessari rannsókn verður kannað hvort svipuð tengsl eru á milli félagsauðs foreldra á heimili og í skóla á Íslandi en slíkar rannsóknir hafa ekki verið gerðar hér á landi.

## **Hlutverk skólastjórnenda í þróun félagsauðs í skólasamfélagi**

Chirichello (2004) bendir á að algengt sé að skólastjórar séu ofhlaðnir verkefnum og því verði ýmislegt út undan. Þeir þurfa oft að verja meira af tíma sínum í það sem kallað hefur verið hin tæknilega hlið skólastarfsins og verja minni tíma í störf sem snúa að eftirliti með kennslu og samskiptum við nemendur og starfsfólk. Chirichello (2004) telur að skólastjórar þurfi að geta gengið til liðs við starfsmenn sína og veita með því móti starfsemi skólans forystu. Með slíku samstarfi skólastjóra og kennara fá kennararnir

hvatningu til að hverfa frá eigin hagsmunum til sameiginlegs tilgangs, markmiða og sýnar og þannig byggist upp félagsauður innan skólans.

Með því að þróa félagsauð í skólum geta skólastjórnendur aukið námsárangur nemenda. Til að svo megi verða er mikilvægt að skólastjórnendur hugsi ekki um skólann sem einangraða stofnun þar sem öll menntun fari fram heldur hugi að skólasamfélaginu öllu. Eins og hér hefur verið rætt geta aðrir þættir en hefðbundið skólanám haft áhrif á námsárangur nemenda, svo sem hið félagslega umhverfi sem nemendur búa við. Félagsleg fátækt getur haft neikvæðar afleiðingar ekki síður en efnahagsleg fátækt (Otero o.fl., 2001). Otero o.fl. (2001) telja skólana hafa tækifæri til að þróa félagsauð og að þeir geti orðið öðrum fyrirmynd sem vilja bæta sambönd sín eða árangur í lífinu. Þeir nefna fjóra þætti sem grundvöll fyrir góðum árangri í námi. Þeir eru góð ástundun, samskipti nemenda sín á milli, sambönd nemenda við kennara og að lokum þau sambönd sem nemendur hafa út fyrir skólann. Með því að byggja upp þessi tengsl milli fólks getur fólk unnið saman að málum sem það gat ekki valdið einsamalt. Vitað er að sterk tengsl eru á milli félagslegra aðstæðna fólks og menntunar þess. Ef félagsauður hefur þau áhrif að menntunarstig skólans hækkar verður skólaforystan að leggja áherslu á að þróa félagsauð í skóla sínum. Skólastjórnendur verða að meta hlutverk sitt í víðara samhengi en áður og leggja sitt af mörkum til að þróa félagsauð með því til dæmis að bæta kennslu og aðbúnað í skólastofunum (Otero og West-Burnham, 2004).

Skólastjórnendur þurfa einnig að byggja tengsl milli skólans og samfélagsins í kring. Án trausts fólks í samfélaginu og stuðnings við markmið skólans er erfitt að viðhalda þróun, vexti og gæðum í starfi. Merki þess að traust sé ríkjandi milli fólks í skólasamfélaginu eru að borin sé virðing fyrir hugmyndum annarra, að fólki sé treyst til að inna af hendi vinnu sína, að fólk innan skólans meti samstarfsfólk sitt og að skólasamfélagið í heild setji þarfir nemenda í fyrirrúm. Til að skapa slíkt traust er nauðsynlegt að tryggja að fólk innan og utan skólans ræði saman, fræðist og skiptist á skoðunum. Þannig getur skóli hjálpað fjölskyldum og samfélaginu að mennta ungt fólk í sameiningu. Þegar skólastjórnendur og forysta samfélagsins stjórna saman með þessum hætti þróast félagsauður í skólasamfélaginu (Otero og West-Burnham, 2004). Þannig getur

skólaforysta sem byggir upp traust sambönd í skólasamfélaginu haft áhrif á skólamenninguna til hins betra með því að vekja sameiginlegan áhuga og gildi, skapa verkefni sem starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar hafi áhuga á og fóstora ábyrgð skólasamfélagsins þannig á skipulagðan og upplýstan hátt (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005).

Supovitz og Christman (2005) rannsökuðu það sem þeir kalla litlar námseiningar (*e. small learning communities*) innan skóla. Þeir telja að þær auki líkur á að kennarar kynnist nemendum sínum og geti þannig komið til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Einnig telja þeir að slíkar einingar auðveldi kennurum að deila reynslu sinni með öðrum kennurum og hvetji til betri kennslu. Supovitz og Christman (2005) rannsökuðu námseiningarnar í úthverfum Fíladelfíu og Cincinatti í Bandaríkjunum yfir tíu ára tímabil, frá 1990 til 2000. Áður en tilraunin hófst hafði skólastarf verið með hefðbundnum hætti í borgunum, það er einn kennari á hvern bekk. Uppbygging eininganna var ólík í borgunum en tilgangurinn hinn sami, það er að bæta skólastarfið. Skólar í Cincinatti bjuggu til teymi þar sem þrjár til fimm kennarar kenndu sömu nemendum yfir rannsóknartímabilið. Skólar í Fíladelfíu mynduðu einingar innan hvers skóla þar sem fjölmennur hópur kennara kenndi sömu nemendum á meðan rannsókn stóð yfir. Í báðum borgum höfðu námseiningarnar jákvæð áhrif á skólasamfélagið sem þau voru sprottin úr. Kennarar töldu sig læra meira af samkennurum sínum og dýpri tengsl mynduðust milli kennara, nemenda og foreldra. Nemendur mættu betur undirbúnir í skólann, höguðu sér betur og sýndu kennurum sínum meiri virðingu. Foreldrahópurinn studdi vel við bakið á stjórnendum og kennurum skólanna og vildu með því sýna að þeir hefðu trú á umbótastarfinu sem þar var unnið. Foreldrar, nemendur og starfsfólk töldu skólana öruggari íverustaði en áður (Supovitz og Christman, 2005). Í þessari rannsókn var spurt um hlutverk skólastjórnenda í því að þróa félagsauð og tengsl hans við einkunnir nemenda voru skoðuð. Einnig var kannað hvort að bekkjarstærð skiptir máli þegar um er að ræða einkunnir.



## Hlutverk kennara í þróun félagsauðs í skólasamfélagi

Félagslegir samningar byggja á sáttmála þar sem allir sem eru sammingsbundnir leggja eitthvað af mörkum og fá eitthvað jákvætt í staðinn. Hér hefur verið rætt áður um hlutverk skólastjórnenda í að byggja upp góð sambönd í skólum og það eykur líkur á að félagsauður náí að þróast. Ef skólastjórnendur standa ekki við samning sinn gagnvart kennurum er hætt við að kennarar verði ekki skuldbundnir markmiðum skóla síns og finnist þeir ekki mikilvægir fyrir nemendur og menntun þeirra. Þegar kennarar fá litla hvatningu frá forystu skólans er hætta á að árvekni þeirra og sjálfsöryggi minnki og það bitni á faglegri kennslu (Ashton og Webb, 1986). Einn hluti af starfi kennara er að skipuleggja starfsvettvang sinn, það er skólastofuna. Aðstæður í kennslustofunni, svo sem skipulag stofunnar, gæði kennslunnar og fyrirmæli kennara hafa mikil áhrif á daglegt nám nemenda. Rannsókn Wang, Haertel og Walberg (1997) leiddi í ljós að þar sem starfið í skólastofunni var vel skipulagt jókst námsárangur nemenda. Þegar kennarar voru með sérsniðin verkefni til að mæta þörfum hvers einstaklings og þegar þeir aðstoðuðu þá við að setja sér markmið komu nemendur betur undirbúnir í skólann, gerðu frekar námsáætlanir og voru virkari í náminu. Rannsókn þeirra leiddi einnig í ljós að fámennir bekkir hentuðu nemendum með námsörðugleika betur á sama hátt og þeim sem búa yfir meiri námsgetu. Þá fengu kennarar og nemendur betra næði til samskipta sem jók félagsauð með auknum tengslum nemenda og kennara.

Rannsóknir Hoover-Dempsey, Bassler og Burrow (1987) og Moll (1992) benda til þess að aukin þátttaka foreldra í skólastarfi hafi jákvæð áhrif á sjálfstraust kennara og skili sér í betra starfi. Í öðru lagi breytist námskráin þegar kennarar reyra ekki kennsluna eingöngu við bóklegar staðreyndir heldur nýta umhverfið og það sem nemendur þekkja vel sem kennsluefni. Í þriðja lagi styrkja skólastjórnendur sambönd sín við skólasamfélagið með því að kynnast foreldrunum persónulega. Í fjórða lagi verða skólarnir opnari og hlýlegri stofnanir þegar þeir starfa náið með öðrum í skólasamfélaginu. Til þess að meta félagsauð í þessari rannsókn er eftirfarandi lagt til grundvallar og mælt: Samverustundir kennara og nemenda, stuðningur skólastjórnenda við kennara, tengsl á milli kennara, tengsl kennara og nemenda og tengsl skóla og mæðra.

## Samantekt

Mikið er rætt um það á meðal forsvarsmanna foreldra og skólafólks að foreldrar þurfi að koma meira að skólaumræðu og taka virkari þátt í því starfi sem fram fer í skólunum. Foreldrar og aðrir fullorðnir í fjölskyldu eru fyrstu kennarar barns (Walberg, 1984). Hlutverk þeirra er að sjá barninu fyrir umhyggju og lærdómi, hvetja það áfram í þroska og byggja upp sjálfsöryggi þess. Líðan barns heima er í samræmi við það hvernig því gengur í skólanum. Foreldrar hafa því mikil áhrif á það hver árangur barnsins í skóla verður (Walberg, 1984). Það er í samræmi við niðurstöður Parcel og Dufur (2001a, 2001b) sem könnuðu áhrif félagsauðs á heimili og skóla á námsárangur þrettán ára barna í stærðfræði og lestri. Úrtakið var rúmlega 2000 börn, mæður þeirra og skólar. Niðurstöður gáfu til kynna að bæði félagsauður á heimili og skóla hafði áhrif á námsárangur þótt meiri tengsl væru við félagsauð á heimili. Í þeirri rannsókn sem hér er fjallað um var úrtakið 759 mæður sem áttu börn í sjöunda bekk í 16 skólum í Kópavogi og Reykjavík skólaárið 2006 – 2007 og 36 umsjónarkennarar barnanna sem svöruðu fyrir skólana. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort félagsauður í skólaumhverfi barna hefði tengsl við námsárangur þeirra í grunnskóla.

Aðallega var stuðst við rannsókn Parcel og Dufur (2001a, 2001b) í þessari rannsókn en eins og áður hefur verið skýrt frá skilgreina þau félagsauð meðal annars út frá tengslum sem byggja á trausti sem foreldrar og starfsfólk skóla mynda sín á milli. Parcel og Dufur (2001a, 2001b) telja þessi tengsl nauðsynleg fyrir þroska og velferð barna og leggja áherslu á að bæði fjölskyldan og skólinn eigi stóran þátt í mótun félagsauðs barna. Að mati þeirra er tími sem foreldrar verja með börnum sínum og sú athygli sem þeir veita þeim nauðsynlegur þáttur í að skapa félagsauð. Sambönd sem foreldrar mynda utan heimilis eru mikilvæg fyrir börnin og sérstaklega tengsl við skóla og kennara barnanna en þau eru talin mikilvægari en tengsl við vini og nágranna. Umsjónarkennarinn gegnir þar veigamiklu hlutverki sem tengiliður skólans við heimilin og miklu skiptir að hann eigi traust heimilanna. Áherslur Parcel og Dufur (2001a, 2001b) eru í samræmi við skilgreiningar flestra fræðimanna sem rannsakað hafa mikilvægi félagsauðs í lífi barna, þá helst Coleman (1988). Rannsóknir hans og annarra fræðimanna eru í samræmi við niðurstöður rannsókna Parcel og Dufur (2001a, 2001b), að áhugi foreldra og þátttaka

Þeirra í námi barna sinna hefur mikil áhrif á námsárangur þeirra eins og fjallað hefur verið um í kaflanum hér að framan. Þótt niðurstöður séu ekki allar á einn veg, þar sem félagsauður er flókið fyrirbæri, hefur ítrekað verið sýnt fram á tengsl hans við námsárangur.

Sambönd innan skóla sem starfsfólk myndar eru einnig mikilvægur þáttur í að skapa félagsauð svo og gæði skólastarfs. Mikilvægt er að skólastarf taki mið af samfélagi hvers tíma, þekki hugmyndir foreldra, leggi grunn að menntun og þroska nemenda þannig að skólar geti lagað sig að breytilegum aðstæðum og margvíslegri ábyrgð. Skólastarfi ber að mæta þörfum nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Þegar foreldrar og skóli hafa velferð barnsins að leiðarljósi og samstarf heimilis og skóla einkennist af skýrum markmiðum, trausti og gagnkvæmri virðingu er líklegt að hægt sé að byggja upp jákvætt samstarf til hagsbóta fyrir alla aðila. Félagsauður er því mikilvægur bæði einstaklingum og stofnunum. Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna hvernig félagsauður í skólasamfélagi, það er á heimili barnanna og í skólanum, tengist námsárangri nemenda og hér á eftir verða þættirnir sem getið er um í inngangi tengdir mælitækjunum.

Í spurningalista 1, félagsauður móður á heimili, var spurt um *tengsl milli móður og barns og samstarf heimila og skóla*. Spurt var til dæmis um tíma sem móðir ver með barni, fjölda fullorðinna á heimili, öryggi skólahverfis og frumkvæði móður til að hafa samband við skóla.

Í spurningalista 2, félagsauður móður í skóla, var spurt um *tengsl milli mæðra, nemenda og kennara*. Spurt var til dæmis um samband móður við umsjónarkennara barns og almennt traust móður á skólanum, hvort umsjónarkennari sýni barni umhyggju og hvort að barnið fái þá aðstoð við námið í skólanum sem það þarfnast.

Í spurningalista 3, félagsauður skólans, sem umsjónarkennarar svöruðu var spurt um *tengsl milli starfsfólks skóla, gæði skólastarfs og ábyrgð nemenda á eigin námi*. Spurt var til dæmis um sameiginleg markmið starfsfólks og samvinnu, frumkvæði skólastjóra í

að efla þætti sem þarf að styrkja og hvort að nemendur beri ábyrgð á námi sínu meðal annars með því að sinna heimanámi.

Í kaflanum um aðferð verður fjallað nánar um mælitækin, hvaðan spurningarnar eru fengnar og hvaða hugtök þær mæla.

## Aðferð

Markmið þessarar rannsóknarinnar var að kanna tengsl félagsauðs sem mæður, kennarar og skólastjórar stuðla að í skólasamfélagi og tengsl slíks félagsauðs við námsárangur grunnskólabarna. Til þess að leita svara við rannsóknarspurningunum var megindegum rannsóknaraðferðum beitt og lagðar fyrir spurningakannanir. Með því er hægt að ná til margra þátttakenda á stuttum tíma og almennt gildir sú regla að því stærra sem úrtak er þeim mun nákvæmara er það. Slíkar kannanir eru taldar réttmætar í þeim skilningi að sterk tengsl eru á milli þess sem fólk segist gera og þess sem það síðan gerir (Þorlákur Karlsson, 2003).

Þar sem ekki hafa verið gerðar rannsóknir á félagsauði í skólaumhverfi hér á landi var tilgangur þessarar rannsóknar einnig að þróa og meta mælitæki á félagsauði sem voru notuð til að svara rannsóknarspurningum. Spurningar sem notaðar voru, voru fengnar úr listum nokkurra fræðimanna sem rannsakað hafa félagsauð í skólasamfélagi, meðal annars Onyx og Bullen (2000) sem hafa kanna félagsauð í fyrirtækjum, í grenndarsamfélögum og lykilstofnunum í þjóðfélögum. Onyx og Bullen (2000) telja að þættirnir frumkvæði, traust og öryggi manna í millum skýri að hluta félagsauð. Spurningar sem snúa að þessum þáttum voru notaðar í spurningalistum fyrir umsjónarkennara og mæður. Parcel og Dufur (2001a, 2001b) hafa mælt félagsauð foreldra með því að meta þann tíma sem foreldrar verja með börnum sínum og athygli sem þeir veita þeim. Sambönd sem foreldrar mynda utan heimilis eru einnig mikilvægur hluti félagsauðs, svo og nán tengsl við kennara barnanna. Mælingar Parcel og Dufur (2001a, 2001b) hafa verið notaðar til að sýna fram á tengsl félagsauðs á heimili og í skóla og félagsþroska barna og gengi þeirra í skóla. Þau hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjölskyldan og skólinn eiga stóran þátt í mótun félagsauðs barna. Spurningar og staðhæfingar úr rannsóknum Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Onyx og Bullen (2000) voru þýddar af rannsakanda og lesnar yfir af leiðbeinanda sem hefur reynslu af hönnun mælitækja á íslensku og amerísku. Ekki voru allar spurningar Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Onyx og Bullen (2000) notaðar, til dæmis var ekki spurt um kirkjusókn þar

sem kirkjan er ekki eins stóran þáttur í lífi fjölskyldna hér á landi og hún er víða annars staðar og voru mælitækin þannig aðlöguð að íslenskum aðstæðum.

Til þess að meta gæði skólastarfs voru spurningar úr bók Edward Sallis „*Total quality management in education*“ (2002) þýddar, en einnig var stuðst við þýðingar Barkar Hansen og Smára S. Sigurðssonar (1998) á sömu spurningum úr bók þeirra „Skólastarf og gæðastjórnun“. Notaðar voru spurningar sem snúa að aðbúnaði nemenda og kennara, sameiginlegum markmiðum starfsfólks og forystu skólastjóra í málefnum skólans til að sýna fram á félagsauð í skóla og tengsl hans við námsárangur barna. Coleman (1988) og Otero og West-Burnham (2004) telja að skólastjórnendur verði að leggja sitt af mörkum til að þróa félagsauð, til dæmis með því að bæta kennslu og aðbúnað nemenda svo að nemendur geti lært og að menntunarstig skóla hækki. Þegar skóli hefur á að skipa vel menntuðum kennurum og góðu námsumhverfi fyrir nemendur felast meðal annars í því gæði skólastarfs og félagsauður og voru þessi atriði metin með ofangreindum spurningum. Áður en frekari greining gagnanna fór fram var reiknaður áreiðanleiki þeirra kvarða sem búnir voru til úr spurningum þeirra fræðimanna sem hér hafa verið nefndir (sjá kafla um mælitæki og úrvinnslu).

Spurningalistar fyrir mæður og umsjónarkennara voru forprófaðir á mæðrum annars vegar og umsjónarkennurum hins vegar. Tekið var tillit til þeirra athugasemda sem fengust og breytingar gerðar á orðalagi í kjölfarið. Nýir hópar voru beðnir um að svara endurbættum spurningalistum. Þátttakendur í þeirri forprófun gerðu engar athugasemdir og þótti auðvelt að svara öllum spurningunum.

Í þessari rannsókn var leitað svara við tveimur meginrannsóknarspurningum. Spurningarnar snúa að tvenns konar greiningu. Annars vegar voru öll börn í rannsókninni borin saman til að meta tengsl félagsauðs í skólasamfélagi samkvæmt mati mæðra og gengis í skóla. Þar sem kennarar geta gefið aðra innsýn í starfsemi skólans og félagsauð í skólasamfélagi var mat kennara á félagsauði í skólanum sem þeir starfa í borið saman á milli skóla og tengsl við meðaleinkunnir í skólunum voru könnuð. Rannsóknarspurningar voru:

- *Eru tengsl á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla?*
- *Eru tengsl á milli félagsauðs í skóla og námsárangurs nemenda í grunnskóla?*

Til að fá svör við þessum meginspurningum voru gögnin greind í nokkrum skrefum eins og skýrt er frá í kafla um úrvinnslu.

## **Þátttakendur**

Þýðið í rannsókninni voru mæður og kennarar barna sem voru í sjöunda bekk almennra grunnskóla í Kópavogi og Reykjavík. Þessi sveitarfélög voru valin vegna hentugleika, svo sem nálægðar við rannsakanda og fjölda skóla á litlu svæði. Almennir grunnskólar í Reykjavík voru 33 talsins og bekkjardeildir með sjöundu bekki voru 70 (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2007). Skólar í Kópavogi voru níu talsins með nemendur í sjöunda bekk (Fræðsluskrifstofa Kópavogs, 2007). Úrtakið var 759 mæður sem áttu börn í sjöunda bekk skólaárið 2006 – 2007. Umsjónarkennarar sem lentu í úrtaki voru 36 talsins. Úrtakið í Reykjavík var klasaúrtak þar sem sjö skólar voru valdir af hentugleika og reynt að taka ekki skóla úr sama skólahverfi. Til að tryggja nægilega stórt úrtak var lagt fyrir alla skóla í Kópavogi sem eru með sjöundu bekki. Spurningalistar voru lagðir fyrir mæður nemendanna og umsjónarkennara þeirra.

## Mælitæki

Til að leita svara við rannsóknarspurningunum voru lagðir fyrir tveir spurningalistar (sjá viðauka A og B). Annar spurningalistinn var lagður fyrir mæður nemenda og hinn fyrir umsjónarkennara þeirra. Mældur var félagsauður mæðra á heimili og í tengslum við skóla og félagsauður skóla og hugsanleg tengsl slíks félagsauðs við námsárangur nemenda. Til einföldunar var listi sem metur félagsauð mæðra á heimili nefndur spurningalisti 1, listi sem metur félagsauð mæðra í skóla nefndur spurningalisti 2 og listi sem metur félagsauð skóla nefndur spurningalisti 3.

Spurningalisti mæðra (spurningalisti 1 og 2) samanstóð af 42 staðhæfingum eða spurningum. Spurningar sem fengnar voru úr rannsóknum Parcel og Dufur (2001a, 2001b) voru 30 talsins, spurningar samdar af Onyx og Bullen (2000) voru sjö talsins og bakgrunnsspurningar voru fimm. Meðal annars voru mæður beðnar um að svara spurningum um hvaða menntun þær hefðu og heildartekjur heimilis til að mæla mannauð og fjárhagsauð þeirra. Hvoru tveggja er talið auka félagsauð og hefur einnig tengsl við námsárangur (Coleman, 1988). Hægt hefði verið að spyrja nánar um fjárhag heimilanna til dæmis með því að kanna skuldir og sparnað en það var ekki gert hér. Spurningalisti umsjónarkennara (spurningalisti 3) samanstóð af 49 staðhæfingum eða spurningum. Spurningar sem fengnar voru úr rannsóknum Parcel og Dufur (2001a, 2001b) voru 27 talsins, spurningar samdar af Onyx og Bullen (2000) voru tíu talsins og spurningar byggðar á verkum Sallis (2002) voru tíu. Bakgrunnsspurningar voru tvær.

Spurningar Parcel og Dufur (2001a, 2001b) voru notaðar til að mæla félagsauð á heimili og í skóla og gengi barna í skóla. Spurningalisti Onyx og Bullen (2000) var notaður til að mæla frumkvæði, traust og öryggi sem fellur undir félagsauð í skóla. Spurningar Sallis (2002) voru notaðar til að meta gæði skólastarfs eins og aðbúnað nemenda og kennara, sameiginleg markmið starfsfólks og forystu skólastjóra í málefnum skólans, með öðrum orðum félagsauð í skóla. Otero og West-Burnham (2004) telja að þeir skólastjórnendur og kennarar sem leggja sitt af mörkum til að bæta kennslu og treysta



tengsl í skólasamfélaginu þrói félagsauð. Sjá má nánari lýsingu á spurningum og staðhæfingum, hvaðan þær eru fengnar og hvaða hugtök þær mæla í töflum 1 til 4.

Tafla 1. Spurningalisti móður (spurningalisti 1). *Frumbreyta = félagsauður móður á heimili.*

	Dæmi um staðhæfingar / spurningar:	Heimild:
Tengsl móður við aðra en skóla (4 staðhæfingar)	No. 14. Foreldrar nemenda í bekknum hafa mikil samskipti sín á milli.	(Parcel og Dufur, 2001b)
Tími móður með barni (4 staðhæfingar eða spurningar)	No. 24. Ég ver nægilegum tíma með barni mínu á degi hverjum.	(Parcel og Dufur, 2001b)
Frumkvæði móður (2 staðhæfingar)	No. 13. Ég hef oft samband við kennara barns míns að fyrra bragði.	(Onyx og Bullen, 2000)
Þekking móður á barni (3 staðhæfingar)	No. 28. Ég veit hvar barnið mitt er þegar það er ekki heima við.	(Parcel og Dufur, 2001b)
Öryggi skólahverfis (2 staðhæfingar)	No. 23. Ég tel að skólahverfi barns míns sé öruggt hverfi.	(Onyx og Bullen, 2000)
Hjúskaparstaða móður (1 spurning)	No. 35. Hver er hjúskaparstaða þín?	(Parcel og Dufur, 2001a)
Félagsauður sem aðrir leggja til (4 spurningar)	No. 39. Tekur faðir (eða stjúpfórelldri) sem býr á heimilinu mikinn eða lítinn þátt í uppeldi barnsins?	(Parcel og Dufur, 2001a)

Tafla 2. Spurningalisti móður (spurningalisti 2). *Frumbreyta = félagsauður móður í skóla.*

	Dæmi um staðhæfingar / spurningar:	Heimild:
Samstarf móður við skóla (9 staðhæfingar)	No. 7. Ég er látin vita ef eitthvað kemur upp á varðandi barnið mitt, til dæmis ef barnið veikist eða lendir í átökum við annan nemanda.	(Parcel og Dufur, 2001b)
Frumkvæði skólans (1 staðhæfing)	No. 4. Stjórnendur skólans hvetja til samstarfs á milli heimila og skóla.	(Onyx og Bullen, 2000)
Traust á skóla almennt (2 staðhæfingar)	No. 19. Mér finnst að barnið mitt fái þá aðstoð við námið sem það þarfnast í skólanum.	(Onyx og Bullen, 2000)
Umhyggja kennara (1 staðhæfing)	No. 12. Mér finnst að umsjónarkennari barns míns sýni því umhyggju.	(Parcel og Dufur, 2001a)
Fjöldi nemenda í bekk (1 spurning)	No. 29. Hversu margir nemendur eru í bekk barnsins þíns?	(Parcel og Dufur, 2001a)

Tafla 3. Spurningalisti móður. *Mögulegar áhrifabreytur og fylgibreytur.*

---

Dæmi um staðhæfingar / spurningar:	Heimild:
------------------------------------	----------

---

*Mannauður á heimili sem móðir svarar fyrir*

Menntun móður (1 spurning)	No. 40. Hver er hæsta skólagráða sem þú hefur lokið?	(Parcel og Dufur, 2001a)
-------------------------------	--	--------------------------

*Fjárhagsauður á heimili sem móðir svarar fyrir*

Afkoma móður (2 spurningar)	No. 42. Hverjar eru heildartekjur heimilisins á mánuði fyrir skatta?	(Parcel og Dufur, 2001a)
--------------------------------	--	--------------------------

*Bakgrunnsbreytur*

---

*Bakgrunnsspurningar sem móðir svarar fyrir*

33. **Hefur barnið þitt fengið einhverja af eftirfarandi greiningum, frá til dæmis lækni eða sálfræðingi?**
36. **Hver er aldur þinn?**

*Fylgibreytur*

---

31. **Hvaða einkunn fékk barnið þitt í stærðfræði á samræmda prófinu?**
32. **Hvaða einkunn fékk barnið þitt í íslensku á samræmda prófinu?**
-

Tafla 4. Spurningalisti umsjónarkennara (spurningalisti 3). *Frumbreyta = félagsauður skólans sem umsjónarkennari svarar fyrir.*

*Gæði skólastarfs*

	Dæmi um staðhæfingar / spurningar:	Heimild:
Góð stjórnun skóla (6 staðhæfingar eða spurningar)	No. 27. Stjórnun skólans byggist á valddreifingu.	(Sallis, 2002)
Frumkvæði skólastjóra (4 staðhæfingar)	No. 29. Skólastjórn sýnir frumkvæði í að efla þætti sem þarf að styrkja.	(Onyx og Bullen, 2000)
Sameiginleg markmið starfsmanna (4 staðhæfingar)	No. 35. Málefni nemenda skipa öndvegi í skólastarfinu hjá starfsfólkinu.	(Sallis, 2002)
Tengsl milli starfsfólks (6 staðhæfingar)	No. 2. Samvinna við annað starfsfólk skólans er góð.	(Parcel og Dufur, 2001b)
Samstarf milli heimila og skóla (5 staðhæfingar)	No. 4. Foreldrar eru velkomnir í heimsókn á skólatíma.	(Parcel og Dufur, 2001b)
Fjöldi nemenda í bekk umsjónarkennara (1 spurning)	No. 44. Hversu margir nemendur eru í umsjónarbekk þínum?	(Parcel og Dufur, 2001a)

*Félagsauður umsjónarkennarans*

Færni umsjónarkennara í starfi (8 staðhæfingar eða spurningar)	No. 22. Ég sníð kennsluaðferðir að þörfum nemenda í umsjónarbekk mínum.	(Parcel og Dufur, 2001a)
---	---	--------------------------

*Framhald töflu á næstu síðu*

Tafla 4. Spurningalisti umsjónarkennara (spurningalisti 3). *Frumbreyta = félagsauður skólans sem umsjónarkennari svarar fyrir.*

	Dæmi um staðhæfingar / spurningar:	Heimild:
Þekking umsjónarkennara á námi nemenda (4 staðhæfingar)	No. 23. Ég tel að námsárangur nemenda minna í umsjónarþekkingum sé góður.	Parcel og Dufur, 2001b)
Traust umsjónarkennara á skóla (1 staðhæfing)	No. 8. Mikið tillit er tekið til sjónarmiða minna í skólanum.	(Onyx og Bullen, 2000)
Frumkvæði umsjónarkennara (2 staðhæfingar)	No. 7. Ég kem alltaf sjónarmiðum mínum til skila við foreldra nemenda minna eða skólastjórnendur.	(Onyx og Bullen, 2000)

*Félagsauður foreldra sem umsjónarkennari svarar fyrir*

Traust á foreldrum (2 staðhæfingar)	No. 19. Mér finnst að nemendur mínir fái þá aðstoð við námið heima sem þeir þarfnast.	(Onyx og Bullen, 2000)
Tengsl á milli foreldra (1 staðhæfing)	No. 12. Foreldrar í umsjónarþekkingum hafa mikil samskipti sín á milli.	(Parcel og Dufur, 2001b)

*Framhald töflu á næstu síðu*

Tafla 4. Spurningalisti umsjónarkennara (spurningalisti 3). *Frumbreyta = félagsauður skólans sem umsjónarkennari svarar fyrir.*

	Dæmi um staðhæfingar / spurningar:	Heimild:
--	------------------------------------	----------

*Aðrar breytur*

*Mannauður skólans sem umsjónarkennari svarar fyrir*

Menntun umsjónarkennara (1 spurning)	No. 49. Hver er hæsta skólagráða sem þú hefur lokið?	(Parcel og Dufur, 2001a)
---	--	--------------------------

*Fjárhagsauður skólans sem umsjónarkennari svarar fyrir*

Aðbúnaður starfsmanna og nemenda (2 staðhæfingar)	No. 33. Vinnuaðstaða kennara er góð.  No. 34. Almennar kennslustofur í skólanum henta vel mismunandi kennsluháttum.	(Parcel og Dufur, 2001a)  (Parcel og Dufur, 2001a)
--	---	--

*Bakgrunnsspurningar*

47. **Hafa nemendur í umsjónarbekk þínum fengið einhverja af eftirfarandi greiningum, frá til dæmis lækni eða sálfræðingi?**
48. **Hver er aldur þinn?**

Í spurningalistunum voru spurningar ýmist mældar á nafnkvarða eða raðkvarða. Slíkar spurningar eru taldar auðveldla úrvinnslu og greiningu gagnanna ásamt því að gera samanburð milli hópa í úrtakinu einfaldan (Cohen, Manion og Morrison, 2000). Með því að hafa svarmöguleika fleiri en færri verður svörum nákvæmari en ella og líklegri til að gefa réttari mynd af því sem verið er að mæla. Notaður var fimm þrepa kvarði þar sem hann gaf þátttakendum val á að merkja við miðjugildið ef þeir gátu ekki gefið afdráttarlaust svar við spurningu. Opnar spurningar voru einnig í listunum en þeim stillt í hóf. Þar var enginn svarmöguleiki og urðu þátttakendur að skrifa svar án þess að velja milli kosta (Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 2003).

## **Siðferðileg álitamál**

Til þess að koma í veg fyrir að rannsóknin kæmi óþægilega við svarendur og snerti viðkvæm mál var verið á varðbergi gagnvart siðferðilegum álitaefnum. Því var reynt að forðast nærgöngular spurningar og þess gætt að rannsakandi hefði ekki áhrif á þátttakendur með því að forðast samskipti. Það er ætíð mikilvægt í rannsókn að ekki sé byggt á huglægu mati eða skoðun rannsakanda þar sem slíkt veikir áreiðanleika niðurstaðna og ekki verður hægt að bera niðurstöður saman við niðurstöður annarra rannsókna (Hitchcock og Hughes, 1995).

## **Framkvæmd**

Leitað var leyfis hjá Fræðsluskrifstofu Kópavogs, Menntasviði Reykjavíkur og síðan skólastjórum þeirra skóla sem lentu í úrtakinu til að senda út spurningalista til mæðra sjöundu bekkinga. Persónuvernd var einnig tilkynnt um rannsóknina. Það þykir sjálfsögð kurteisi að afla slíks leyfis og tryggja samvinnu þeirra er hlut eiga að máli (Cohen, Manion og Morrison, 2000). Þegar samþykki skólayfirvalda og skólastjóra lá fyrir var haft samband við umsjónarkennara bekkjanna í hverjum skóla fyrir sig með netpósti og síðan var því fylgt eftir með símtali. Kassar merktir hverjum skóla og hverjum bekk voru



keyrðir út á skrifstofur ritara. Í hverjum kassa voru spurningalistar til mæðra og til umsjónarkennara í umslögum merktum *ransókn í þágu barna*. Forsíða spurningalistanna var kynningarbréf sem útskýrði tilgang rannsóknarinnar og hvernig niðurstöður yrðu notaðar. Tekið var fram að ekki yrði hægt að tengja einstaklinga né skóla við gögnin. Þátttakendum var einnig gefinn kostur á að hafna þátttöku eða hætta hvenær sem var að svara listanum. Í kassanum var einnig bréf til umsjónarkennarans þar sem framkvæmd fyrirlagnar var lýst. Einnig var þar að finna ítrekunarbref sem kennarar voru beðnir um að senda heim með nemendum ef að listar skiluðu sér ekki til baka innan viku. Umsjónarkennarar sendu spurningalista heim með nemendum og mæður sendu þá til baka í skólann með sama hætti og voru þeir settir aftur í kassann. Kassarnir voru síðan sóttir á skrifstofu ritara þegar umsjónarkennarar töldu að ekki væri von á fleiri listum til baka.

## Úrvinnsla

Svör úr könnunum voru færð inn í tölfræðiforritið SPSS og unnið úr þeim þar. Lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði var notuð til þess að varpa ljósi á niðurstöður.

Greining fór fram í fjórum þrepum og voru margs konar greiningar gerðar innan þrepanna. Fyrsta þrepið sneri að því að meta gæði mælitækjanna. Innri samkvæmni (*e. internal consistency*) kvarðanna þriggja sem meta áttu frumbreyturnar var metin með því að reikna alfastuðul (*e. Cronbach alpha*) fyrir hvern kvarða fyrir sig, félagsauð móður á heimili og félagsauð móður í skóla í lista móður og félagsauð í skóla í lista kennara. Innri samkvæmni er mæling á því hvort atriði kvarða eða spurningalista eru að mæla sömu eða samskonar þætti eða ekki (DeVellis, 2003). Eftir því sem alfastuðullinn er hærri því einsleitnari eru atriðin í viðkomandi kvarða eða spurningalista og því er líkleggra að þau mæli öll sama þáttinn. Algengt viðmið til að meta ásættanlega innri samkvæmni kvarða er 0,70 (Groth-Marnat, 2003). Metið var hvort sleppa ætti þeim staðhæfingum sem lækkuðu samkvæmni kvarðanna.

Í öðru þrepi var reiknuð fylgni á milli fylgibreytanna, það er einkunna í stærðfræði og íslensku, með það að markmiði að sameina þær í eina mælingu, námsárangur.

Þriðja þrepið sneri að því að svara fyrri rannsóknarspurningunni þar sem metin voru hugsanleg tengsl milli félagsauðs mæðra á heimili (spurningalisti 1) og í skóla (spurningalisti 2) og einkunna barna þeirra. Fyrst var reiknuð fylgni milli félagsauðs á heimili og einkunna og svo milli félagsauðs í skóla og einkunna. Til að kanna þetta samband nánar var gerð tvenns konar fjölbreytuaðhvarfsgreining (*e. multiple regression*). Með því var ætlunin að kanna hvort ofangreind sambönd væru til staðar þegar tekið hefði verið tillit til mannauðs og fjárhagsauðs á heimili, það er hvort félagsauður spái fyrir um einkunnir eftir að tillit hefur verið tekið til áhrifa mannsauðs og fjárhagsauðs. Tvær slíkar fjölbreytuaðhvarfsgreiningar voru gerðar, önnur til að meta tengsl félagsauðs á heimili og einkunna og hin til að meta tengsl félagsauðs í skóla og einkunna. Þannig var hægt að bera saman hvort félagsauður á heimili eða í skóla skýrði stærra hlutfall dreifingar í einkunnum.


Fjórða og síðasta þrepið sneri að seinni rannsóknarspurningunni, um mismikinn félagsauð í skóla (spurningalisti 3) og tengsl hans við einkunnir nemenda í skólunum. Einn til fjórir kennara svöruðu spurningum um félagsauð í þeirra skóla. Reiknuð var meðaleinkunn fyrir félagsauð hvers skóla og hún notuð sem frumbreyta í þessum greiningum. Fylgni var reiknuð á milli félagsauðs í skóla og einkunna nemenda. Þar sem um tiltölulega fáa skóla var að ræða, sem hefði getað haft áhrif á niðurstöður fylgnireikninga, var skólum einnig skipt í þá sem fengu háa og lága einkunn fyrir félagsauð. Dreifigreining (*e. ANOVA*) var reiknuð til að meta hvort munur væri á meðaleinkunnum nemenda í skólum með mikinn eða lítinn félagsauð. Einnig var athugað hvort mismikill félagsauður væri í skólum bæjarfélaganna tveggja sem tóku þátt í rannsókninni.

## Niðurstöður

Af þeim 759 mæðrum sem leitað var til svöruðu 514 (68%). Þar af svöruðu 276 mæður í Kópavogi af 387 (71%) og 238 mæður í Reykjavík af 372 (64%). Hlutfall umsjónarkennara sem svöruðu spurningalista umsjónarkennara var 92%. Þar af svöruðu 17 umsjónarkennarar í Kópavogi af 18 (94%) og 17 umsjónarkennarar af 19 í Reykjavík (89,5%).


### Bakgrunnur mæðra sem svöruðu

Ef dregin er upp mynd af þeim mæðrum sem tóku þátt í rannsókninni voru flestar sem svöruðu spurningalistanum á aldrinum 31 til 40 ára og 41 til 50 ára. Aðeins lítil hluti svarenda var á aldrinum 51 til 60 ára og engin yngri en 31 árs (sjá mynd 4).



Mynd 4. Aldur mæðra eftir sveitarfélögum.


Eins og mynd 4 gefur til kynna voru tengsl á milli aldurs mæðra og sveitarfélags. Þetta fékkst staðfest með kí-kvaðratprófi sem sýndi að mæður í Kópavogi voru yngri en mæður í Reykjavík ( $\chi^2(2, N=505) = 9,69; p < 0,01$ ). Þegar spurt var um skólagöngu mæðra höfðu svipað margar mæður lokið háskólaprófi og sem höfðu ekki lokið háskólaprófi eins og sjá má á mynd 5.



Mynd 5. Menntun mæðra eftir sveitarfélögum.

Eins og sést á mynd 5 höfðu mæður í Kópavogi síður lokið háskólaprófi en mæður í Reykjavík ( $\chi^2(1, N=505) = 9,63; p < 0,05$ ). Ef til vill tengist mismunandi háskólamenntun ólíkum aldri mæðra sem var lægri í Kópavogi en í Reykjavík.

Spurt var um hjúskaparstöðu og voru flestar mæður í hjónabandi eins og sést á mynd 6.




Mynd 6. Hjúskaparstaða mæðra eftir sveitarfélögum.

All margar mæður voru í sambúð en fáar voru einhleypar. Mæður í Kópavogi voru líklegri til að vera í hjónabandi en mæður í Reykjavík sem voru líklegri til að vera einhleypar eða í sambúð ( $\chi^2(4, N=506) = 9,71; p < 0,05$ ).


Spurt var um börn yngri en 18 ára sem bjuggu á heimili mæðra. Á flestum heimilanna (65%) bjuggu tvö til þrjú börn undir 18 ára aldri. Ekki var munur á fjölda barna yngri en 18 ára eftir sveitarfélagi ( $t(507) = 0,15; p > 0,05$ ). Á heimilum þriggja mæðra var ekkert barn undir 18 ára aldri og gæti það verið vegna þess að barnið sem spurt var um hafi búið hjá föður.

Mæður voru spurðar að því hvort faðir eða stjúpfórelldri byggi á heimilinu (sjá mynd 7). Mæður svöruðu því flestar játandi. Það voru ekki tengsl á milli þess hvort faðir eða stjúpfórelldri bjó á heimili og sveitarfélags ( $\chi^2(1, N=489) = 2,77; p > 0,05$ ).



Mynd 7. Faðir eða stjúpfareldri sem bjó á heimili mæðra eða ekki eftir sveitarfélögum.

Spurt var um þátttöku föður eða stjúpfareldris við uppeldi barns (sjá mynd 8).




Mynd 8. Þátttaka föður eða stjúpfareldris við uppeldi barns eftir sveitarfélögum.

Flestar mæður svöruðu því að faðir eða stjúpfóeldri tæki frekar mikinn eða mjög mikinn þátt í uppeldi barnsins. Ekki voru tengsl á milli sveitarfélags og hversu mikinn eða lítinn þátt faðir eða stjúpfóeldri tók í uppeldi barns á heimili ( $\chi^2(4, N=434) = 3,74; p > 0,05$ ).

Spurt var um atvinnuþátttöku mæðra og unnu mæður um 30 klukkustundir á viku að meðaltali. Ekki var munur á því hversu mikið mæður sögðust vinna utan heimilis á viku eftir sveitarfélögum ( $t(484) = 0,73; p > 0,05$ ).

Spurt var um tekjur heimilisins fyrir skatta. Flest heimili voru með tekjur á bilinu 400 til 600 þúsund eða 601 til 800 þúsund krónur á mánuði fyrir skatta eins og sést á mynd 9. Nokkur heimili voru með 200 þúsund krónur á mánuði eða minna í tekjur.



Mynd 9. Heildartekjur heimilis fyrir skatta eftir sveitarfélögum.

Ekki var munur á heildartekjum heimila fyrir skatta eftir sveitarfélögum ( $t(454) = 0,40; p > 0,05$ ).

Nær allar mæður bjuggu í eigin húsnæði eða yfir 90%. Mæður í Kópavogi bjuggu frekar í eigin húsnæði en mæður í Reykjavík sem bjuggu frekar í leiguhúsnæði ( $\chi^2(1, N=507) = 4,83; p < 0,05$ ).

#### *Samantekt á bakgrunni mæðra*

Hér að framan hefur bakgrunni mæðra verið lýst. Mæður voru flestar á aldrinum 31 til 50 ára, um helmingur þeirra höfðu lokið háskólaprófi og flestar voru í hjónabandi eða sambúð. Þær unnu að meðaltali 30 klukkustundir á viku utan heimilis og faðir eða stjúpfórelldri bjó á flestum heimilum og tóku flestir þeirra mikinn þátt í uppeldi barnsins. Mæður í Kópavogi voru aðeins yngri en í Reykjavík og höfðu síður lokið háskólaprófi. Annars var lítil munur á svörum mæðra eftir sveitarfélögunum.

### **Félagsauður mæðra**

Verkefnið fjallar um félagsauð í skólasamfélagi og tengsl hans við námsárangur. Því er mat mæðra á félagsauði á heimili og í skóla grundvallarbreytur sem notaðar voru til að svara rannsóknarspurningum. Nú verður farið yfir svör mæðra sem tóku þátt í rannsókninni sem snúa að mati þeirra á félagsauði.

Alls voru 20 staðhæfingar eða spurningar notaðar til að meta þáttinn félagsauður móður á heimili (spurningalisti 1) eins og lýst var í kafla um mælitæki. 15 þeirra má sjá í töflu 5. Hinar fimm voru ekki sameinaðar kvarðanum vegna ólíkra eiginleika spurninganna en allar staðhæfingarnar eða spurningarnar 20 voru notaðar sem mæling á félagsauði mæðra á heimili í dreifgreiningunni sem síðar verður sagt frá. Þær voru hjúskaparstaða móður (sjá mynd 6), fjöldi barna á heimili undir 18 ára (sjá töflu 6), búseta föður eða stjúpfórelldris á heimili barnsins (sjá mynd 7), þátttaka föður eða stjúpfórelldris í uppeldi barnsins (sjá töflu 6) og fjöldi klukkustunda sem mæður unnu utan heimilis á viku (sjá töflu 6).



Tafla 5. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður á heimili.

Nr.	Staðhæfingar	m	sf	n
Sp8	Ég kem alltaf sjónarmiðum mínum til skila við umsjónarkennara barns míns eða skólastjórnenndur.	3,94	0,91	509
Sp13	Ég hef oft samband við kennara barns míns að fyrra bragði.	3,15	1,09	512
Sp14	Foreldrar nemenda í bekknum hafa mikil samskipti sín á milli.	2,36	0,99	510
Sp15	Barnið mitt ber oftast sjálft ábyrgð á því að ljúka heimanámi.	3,66	1,16	513
Sp16	Barnið mitt vinnur oftast heimanámið án aðstoðar.	3,55	1,20	514
Sp17	Ég fylgist með því að barnið mitt ljúki við heimanám sitt.	4,26	0,91	514
Sp18	Mér finnst að barnið mitt sýni framfarir í námi.	4,22	0,85	515
Sp20	Félagsandinn í bekk barnsins míns er góður.	3,60	1,03	510
Sp22	Ég tel að barnið mitt sé öruggt þegar það gengur um skólahverfi sitt eftir að dimmt er orðið.	3,21	1,08	511
Sp23	Ég tel að skólahverfi barns míns sé öruggt hverfi.	3,72	0,92	513
Sp24	Ég ver nægilegum tíma með barni mínu á degi hverjum.	3,86	0,97	512
Sp25	Ég gef mér tíma til að hlusta á barnið mitt í málum sem skipta það máli.	4,56	0,59	514
Sp26	Ég þekki flesta vini barns míns með nafni.	4,69	0,60	512
Sp27	Ég þekki foreldra vina barns míns.	3,87	1,05	503
Sp28	Ég veit hvar barnið mitt er þegar það er ekki heima við.	4,52	0,66	513

Möguleg gildi fyrir hverja spurningu voru 1 (mjög ósammála), 2 (frekar ósammála), 3 (hvorki sammála né ósammála), 4 (frekar sammála) og 5 (mjög sammála). Hærra gildi merkir meiri félagsauð.

Mæður voru að meðaltali frekar eða mjög sammála því að þær þekktu flesta vini barna sinna með nafni, að þær gæfu sér tíma til að hlusta á barnið sitt í málum sem skiptir það máli og að þær vissu hvar barnið þeirra væri þegar það var ekki heima. Þær voru hins vegar frekar ósammála því að foreldrar í bekk barns þeirra hefðu mikil samskipti sín á milli.

Á bilinu eitt til þrjú börn bjuggu á heimili flestra mæðra. Flestar mæður unnu á bilinu 15 til 45 klukkustundir á viku og töldu að feður eða stjúpfórelðri barnsins þeirra taki frekar mikinn til mjög mikinn þátt í uppeldinu (sjá töflu 6).

Tafla 6. Meðaltöl og staðalfrávik spurninga sem mæla félagsauð móður á heimili.

No.	Staðhæfingar	m	sf	n
Sp37	Fjöldi barna undir 18 ára aldri sem búa á heimili móður	2,16	0,88	509
Sp39	Þátttaka föður (eða stjúpfórelðris) sem býr á heimilinu í uppeldi barnsins	4,37	0,91	434
Sp41	Fjöldi unninna klukkustunda sem móðir vinnur á viku utan heimilis	30,34	15,22	486

Möguleg gildi fyrir spurninguna voru 1 (mjög lítinn), 2 (frekar lítinn), 3 (hvorki lítinn né mikinn), 4 (frekar mikinn) og 5 (mjög mikinn). Hærra gildi merkir meiri þátttöku í uppeldi barnsins.

Kannað var hvort munur væri á svörum mæðra í Kópavogi og Reykjavík við einstökum staðhæfingum sem mæla félagsauð móður á heimili. Í ljós kom að munur var á þremur staðhæfingum af 15 (sjá töflu 7). Mæður í Kópavogi töldu félagsanda í bekk barnsins síns vera betri en mæður í Reykjavík. Þær mátu einnig skólahverfið öruggara og töldu sig frekar vita hvar barnið þeirra væri niðurkomið þegar það var ekki heima. Þó verður að teljast lítill munur á svörum mæðra eftir sveitarfélagi og sennilegt að ekki sé munur á meðaltölum við öllum 15 spurningunum í heild eins og fjallað verður um síðar (sjá töflu 12).

Tafla 7. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður á heimili í Kópavogi og Reykjavík og voru ólíkar milli sveitarfélaga.

Nr.	Staðhæfingar	Kópavogur			Reykjavík		
		m	sf	n	m	sf	n
Sp20	Félagsandinn í bekk barnsins míns er góður.	3,75	1,00	275	3,43	1,03	235 ***
Sp23	Ég tel að skólahverfi barns míns sé öruggt hverfi.	3,85	0,84	275	3,58	0,99	238 **
Sp28	Ég veit hvar barnið mitt er þegar það er ekki heima við.	4,60	0,60	276	4,43	0,71	237 **

\*\*\*  $p < 0,001$ ; \*\*  $p < 0,01$ . Notuð var dreifigreining (*ANOVA*).

Mæður svöruðu 13 staðhæfingum sem mynduðu þáttinn félagsauður móður í skóla (spurningalisti 2) sjá töflu 8, auk þess að svara því hversu fjölmennum bekk börnin þeirra voru í.

Tafla 8. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður í skólum.

Nr.	Staðhæfingar	m	sf	n
Sp1	Ég er ánægð með skóla barns míns.	3,99	0,84	512
Sp2	Ég hef gott samband við starfsfólk skólans.	3,78	0,92	500
Sp3	Ég hef mikil samskipti við skólann.	3,04	0,97	513
Sp4	Stjórnendur skólans hvetja til samstarfs á milli heimila og skóla.	3,52	0,99	510
Sp5	Foreldrar eru velkomnir í heimsókn á skólatíma.	3,67	1,05	502
Sp6	Ég fæ greinagóðar upplýsingar um starfsemi skólans.	3,83	0,96	515
Sp7	Ég er látin vita ef eitthvað kemur upp á varðandi barnið mitt, til dæmis ef barnið veikist eða lendir í átökum við annan nemanda.	4,11	1,00	510
Sp9	Mikið tillit er tekið til sjónarmiða minna í skólanum.	3,39	0,97	494
Sp10	Ég tek mikinn þátt í foreldrastarfi skólans.	2,66	1,12	507
Sp11	Ég hef mikið samband við umsjónarkennara barns míns.	3,30	1,02	512
Sp12	Mér finnst að umsjónarkennari barns míns sýni því umhyggju.	4,07	0,94	510
Sp19	Mér finnst að barnið mitt fái þá aðstoð við námið sem það þarfnast í skólanum.	3,73	0,98	511
Sp21	Ég þekki hverjir kenna barninu mínu verklegar greinar.	2,73	1,29	511

Möguleg gildi fyrir hverja spurningu voru 1 (mjög ósammála), 2 (frekar ósammála), 3 (hvorki sammála né ósammála), 4 (frekar sammála) og 5 (mjög sammála). Hærra gildi merkir meiri félagsauð.

Mæður voru frekar sammála því að þær væru látnar vita ef eitthvað kæmi upp varðandi barn þeirra og að þeim þætti umsjónarkennari barnsins sýna því umhyggju. Þær voru hins vegar frekar ósammála því að þær tækju mikinn þátt í foreldrastarfi skólanna. Meðalfjöldi barna í bekk var 21,7 (sf = 4,7).

Svör mæðra í Kópavogi og Reykjavík voru lík í flestum staðhæfingum sem mældu félagsauð móður í skóla (sjá töflu 9).

Tafla 9. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð móður í skóla í Kópavogi og Reykjavík og voru ólíkar milli sveitarfélaga.

Nr.	Staðhæfingar	Kópavogur			Reykjavík		
		m	sf	n	m	sf	n
Sp10	Ég tek mikinn þátt í foreldrastarfi skólans.	2,78	1,12	272	2,53	1,10	235 *
Sp11	Ég hef mikið samband við umsjónarkennara barns míns.	3,39	1,07	275	3,20	0,96	237 *
Sp12	Mér finnst að umsjónarkennari barns míns sýni því umhyggju.	4,16	0,94	275	3,97	0,93	235 *

\*  $p < 0,05$ . Notuð var dreifigreining (*ANOVA*).

Munur var á þremur staðhæfingum af 13, það er hvað varðaði þátttöku í foreldrastarfi skóla, samskiptum við umsjónarkennara barns og umhyggju umsjónarkennara fyrir barni. Mæður í Kópavogi voru meira sammála þessum staðhæfingum en mæður í Reykjavík. Hafa ber í huga hversu fáar spurningarnar eru sem sýna mun og því líklegt að líttill munur sé á meðaltölum í Kópavogi og Reykjavík þegar öllum spurningunum 13 er steipt saman í einn kvarða eins og gert verður síðar (sjá töflu 13). Ekki var munur á fjölda barna í bekk í Kópavogi og Reykjavík ( $t(469) = 1,54; p > 0,05$ ).

#### *Samantekt á svörum við staðhæfingum sem mynda þáttinn félagsauður móður*


Svör mæðra í Kópavogi og Reykjavík voru lík í flestum staðhæfingum sem mældu félagsauð móður. Mæður voru almennt frekar eða mjög sammála því að þær þekktu flesta vini barna sinna með nafni, að þær gæfu sér tíma til að hlusta á barnið sitt í málum sem skipti það máli og að þær væru láttnar vita ef eitthvað kæmi upp á varðandi barnið á skólatíma. Mæður voru hins vegar frekar ósammála því að foreldrar í bekk barnsins hefðu mikil samskipti sín á milli og að þær tækju mikinn þátt í foreldrastarfi skólanna. Munur var á fáum staðhæfingum þar sem mæður í Kópavogi sýndu meiri félagsauð en mæður í Reykjavík. Þar sem svör mæðra voru lík hvað varðar sveitarfélögin bendir það

til þess að hægt sé að slá saman svörum mæðra í Reykjavík og Kópavogi og vinna úr þeim sem einni heild (sjá töflur 5, 6 og 8).

Hér að framan hefur því verið lýst hvernig mæður mátu félagsauð á heimili og í skóla. Í næsta kafla verður farið yfir svör umsjónarkennara sem tóku þátt í rannsókninni og bakgrunni þeirra lýst.

## Bakgrunnur umsjónarkennara sem svöruðu

Þegar dregin er upp mynd af þeim 34 umsjónarkennurum sem svöruðu spurningalistanum voru langflestir á aldrinum 31 til 40 ára eða 41 til 50 ára (sjá mynd 10) og með háskólapróf. Ekki var munur á menntun umsjónarkennara milli sveitarfélaga ( $\chi^2(1, N=32) = 0,00; p > 0,10$ ) en taka verður tillit til þess að erfitt er að sýna fram á tölfraðilega marktækan mun vegna þess hversu fáir kennarar tóku þátt.




Mynd 10. Aldur umsjónarkennara eftir sveitarfélögum.

Spurt var um reynslu umsjónarkennaranna í starfi og var ekki munur á meðaltölum sveitarfélaganna hvað varðar meðalfjölda vetra sem umsjónarkennarar höfðu kennt við grunnskóla. Umsjónarkennara í Kópavogi höfðu kennt að meðaltali 8,9 ár (sf = 6,7 ár) og umsjónarkennarar í Reykjavík 8,9 ár (sf = 7,6 ár) ( $F(1,32) = 0,02; p > 0,10$ ).

Munur á meðalfjölda vetra sem kennarar höfðu kennt umsjónarbekk sínum var ekki tölfræðilega marktækur milli sveitarfélaga. Þó má benda á að munurinn er marktækur ef miðað var við 10% marktæktarkröfu ( $F(1,32) = 3,09; p < 0,10$ ) sem gæti verið vísbinding þess efnis að umsjónarkennarar í Kópavogi hafi kennt lengur umsjónarbekkjum sínum en umsjónarkennarar í Reykjavík.

Ekki voru tölfræðilega marktæk tengsl á milli þess hvort umsjónarkennarar höfðu áður verið með umsjón í sjöunda bekk og sveitarfélags ( $\chi^2(1, N=35) = 0,27; p > 0,10$ ) eins og sjá má á mynd 11.




Mynd 11. Reynsla af umsjón í sjöunda bekk eftir sveitarfélögum.

Spurt var um fjölda nemenda í umsjónarbekk og fram kom að ekki var um tölfræðilegan mun á meðaltölum eftir sveitarfélögum að ræða ( $F(1,32) = 0,80; p > 0,10$ ). Í Kópavogi

var fámennasti bekkurinn með 16 nemendur og 26 nemendur í þeim fjölmennasta en í Reykjavík var fámennasti bekkurinn með 16 nemendur en sá fjölmennasti með 28 nemendur.

Umsjónarkennarar voru spurðir hvort stuðningsfulltrúi kæmi inn í umsjónarþekkinn og svöruðu flestir að svo væri ekki eins og sést á mynd 12. Ekki var um að ræða tengsl á milli sveitarfélaga ( $\chi^2(2, N=35) = 0,42; p > 0,10$ ).



Mynd 12. Fjöldi kennslustunda þar sem stuðningsfulltrúi var í sjöunda bekk eftir sveitarfélögum.

#### *Samantekt á bakgrunni umsjónarkennara*

Flestir umsjónarkennarar voru á aldrinum 31 til 50 ára, flestir voru með háskólapróf og fjöldi nemenda í bekk var á bilinu 16 til 28. Ekki mikill munur á svörum umsjónarkennara eftir sveitarfélögum.

## Félagsauður skóla sem umsjónarkennarar svöruðu fyrir

Hér verður mati umsjónarkennara á félagsauði skóla lýst. Eins og lýst var í kafla um mælitæki tóku kennarar afstöðu til 44 staðhæfinga eða spurninga um félagsauð í skóla (spurningalisti 3). Í töflu 10 má sjá 41 staðhæfingu ásamt meðaltölum, staðalfrávik og fjölda sem svaraði hverri staðhæfingu. Hinar þrjár spurningarnar sem mæla félagsauð vörðuðu fjölda kennsluvetra með bekk (sjá bls. 61), fjölda nemenda í bekk (sjá bls. 62), og fjölda kennslustunda með stuðningsfulltrúa inn í bekk (sjá mynd 12).

Tafla 10. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð skóla.

Nr.	Staðhæfingar	m	sf	n
Sp1	Ég er ánægð/ur með skólann sem vinnustað.	4,17	0,86	35
Sp2	Samvinna við annað starfsfólks skólans er góð.	4,17	0,86	35
Sp3	Stjórnendur skólans hvetja til samstarfs á milli heimila og skóla.	3,97	1,04	35
Sp4	Foreldrar eru velkomnir í heimsókn á skólatíma.	4,20	0,80	35
Sp5	Ég fæ greinagóðar upplýsingar um starfsemi skólans.	3,86	0,88	35
Sp6	Ég læt foreldra vita sjálf/ur ef eitthvað kemur upp á varðandi nemendur, til dæmis ef nemandi veikist eða lendir í átökum við annan nemanda.	4,17	0,82	35
Sp7	Ég kem alltaf sjónarmiðum mínum til skila við foreldra nemenda minna eða skólastjórnendur.	3,89	0,68	35
Sp8	Mikið tillit er tekið til sjónarmiða minna í skólanum.	3,68	0,73	34
Sp9	Ég tek mikinn þátt í starfi foreldrafélags skólans.	2,26	0,93	34
Sp10	Ég hef mikið samband við foreldra í umsjónarbekknum.	3,97	0,71	35
Sp11	Foreldrar í umsjónarbekknum hafa oft samband við mig að fyrra bragði.	3,46	0,89	35
Sp12	Foreldrar í umsjónarbekknum hafa mikil samskipti sín á milli.	2,73	0,98	33
Sp13	Ég hvet nemendur mína til að bera ábyrgð á námi sínu.	4,43	0,92	35
Sp14	Heimanám nemenda minna í umsjónarbekknum er hæfilegt.	4,29	0,83	35
Sp15	Nemendur í umsjónarbekknum ljúka oftast við heimanám sitt.	3,74	0,82	35
Sp16	Félagsandinn í umsjónarbekknum er góður.	3,83	0,89	35

*Framhald töflu á næstu síðu*



Tafla 10. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð skóla.

Nr.	Staðhæfingar	m	sf	n
Sp17	Nemendur í umsjónarbekk mínum sýna framfarir í námi.	4,09	0,78	35
Sp18	Ég fylgist með því hvaða námsmarkmiðum skólinn ætlast til að nemendur mínir nái.	4,03	0,82	35
Sp19	Mér finnst að nemendur mínir fái þá aðstoð við námið heima sem þeir þarfnast.	3,09	0,92	35
Sp20	Ég hlusta á nemendur í umsjónarbekknunum í málum sem skipta þá máli.	4,46	0,70	35
Sp21	Ég beiti fjölbreyttum kennsluáferðum í umsjónarbekk mínum.	4,17	0,62	35
Sp22	Ég sníð kennsluáferðir að þörfum nemenda í umsjónarbekk mínum.	3,89	0,63	35
Sp23	Ég tel að námsárangur nemenda minna í umsjónarbekknunum sé góður.	3,94	0,74	34
Sp24	Mér finnst að það sé lítill munur á námsárangri nemenda minna í umsjónarbekknunum eftir námsgreinum.	3,54	1,09	35
Sp25	Skólastjórinn veitir forystu í málum skólans.	3,97	0,97	34
Sp26	Skólastjórinn setur skýra stefnu um skólastarfið.	3,88	0,91	34
Sp27	Stjórnun skólans byggist á valddreifingu.	3,88	0,84	34
Sp28	Skólastjórn lítur á breytingar sem nauðsynlegan þátt í skólastarfinu.	3,94	0,94	35
Sp29	Skólastjórn sýnir frumkvæði í að efla þætti sem þarf að styrkja.	3,91	0,95	35
Sp30	Skólastjórinn hvetur til endurmenntunar/símenntunar starfsfólks.	4,00	1,03	35
Sp31	Viðhorf starfsfólks skólans til endurmenntunar/símenntunar er jákvætt.	3,94	0,81	34
Sp32	Starfsandinn í skólanum er almennt góður.	4,17	0,75	35
Sp33	Vinnuástaða kennara er góð.	3,20	1,23	35
Sp34	Almennar kennslustofur í skólanum henta vel mismunandi kennsluháttum.	2,94	1,20	34
Sp35	Málefni nemenda skipa öndvegi í skólastarfinu hjá starfsfólkinu.	4,00	0,65	34
Sp36	Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda við skólann.	4,12	0,73	34
Sp37	Góð námsráðgjöf er fyrir nemendur skólans.	3,26	1,52	34
Sp38	Kennarar fylgjast vel með hvaða námsmarkmiðum skólinn ætlast til að nemendur nái.	3,86	0,65	35

*Framhald töflu á næstu síðu*

Tafla 10. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð skóla.

Nr.	Staðhæfingar	m	sf	n
Sp39	Matskerfið sem skólinn hefur byggt upp til þess að meta námsárangur er gott.	3,56	0,75	34
Sp40	Samskipti nemenda og starfsfólks eru góð.	3,94	0,64	35
Sp41	Upplýsingar til nemenda og foreldra komast vel til skila.	4,26	0,70	35

Möguleg gildi fyrir hverja spurningu voru 1 (mjög ósammála), 2 (frekar ósammála), 3 (hvorki sammála né ósammála), 4 (frekar sammála) og 5 (mjög sammála). Hærra gildi merkir meiri félagsauð.

Umsjónarkennarar voru frekar eða mjög sammála því að þeir hvettu nemendur sína til að bera ábyrgð á námi sínu, að þeir hlustuðu á nemendur í málum sem skiptu þá máli, að upplýsingar til nemenda og foreldra kæmust vel til skila og að starfsandinn í skólunum væri almennt góður. Þeir voru hins vegar frekar ósammála því að þeir tækju þátt í starfi foreldrafélagsins í skólanum og að almennar kennslustofur hentuðu vel mismunandi kennsluháttum.

Munur var á meðaltölum fimm staðhæfinga af 41 eftir sveitarfélögum, þar voru umsjónarkennarar í Kópavogi frekar sammála þeim en umsjónarkennarar í Reykjavík (sjá töflu 11). Hinar staðhæfingarnar fjórar voru á mörkum tölfræðilegrar marktækni.

Tafla 11. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð skóla í Kópavogi og Reykjavík og eru ólíkar milli sveitarfélaga.

Nr.	Staðhæfingar	Kópavogur			Reykjavík		
		m	sf	n	m	sf	n
Sp3	Stjórnendur skólans hvetja til samstarfs á milli heimila og skóla.	4,28	0,75	18	3,65	1,22	17 †
Sp8	Mikið tillit er tekið til sjónarmiða minna í skólanum.	3,89	0,68	18	3,44	0,73	16 †
Sp16	Félagsandinn í umsjónarbekknum er góður.	4,17	0,62	18	3,47	1,01	17 *
Sp17	Nemendur í umsjónarbekk mínum sýna framfarir í námi.	4,33	0,49	18	3,82	0,95	17 †
Sp22	Ég sníð kennsluaðferðir að þörfum nemenda í umsjónarbekk mínum.	4,11	0,47	18	3,65	0,70	17 *
Sp27	Stjórnun skólans byggist á valddreifingu.	4,22	0,65	18	3,50	0,89	16 *

*Framhald töflu á næstu síðu*

Tafla 11. Meðaltöl og staðalfrávik staðhæfinga sem mæla félagsauð skóla í Kópavogi og Reykjavík og eru ólíkar milli sveitarfélaga.

Nr.	Staðhæfingar	Kópavogur			Reykjavík		
		m	sf	n	m	sf	n
Sp31	Viðhorf starfsfólks skólans til endurmenntunar/ símenntunar er jákvætt.	4,17	0,86	18	3,69	0,70	16 †
Sp32	Starfsandinn í skólanum er almennt góður.	4,44	0,51	18	3,88	0,86	17 *
Sp37	Góð námsráðgjöf er fyrir nemendur skólans.	3,78	1,22	18	2,69	1,66	16 *

\*  $p < 0,05$ ; †  $p < 0,10$ . Notuð var dreifigreining (*ANOVA*)

Umsjónarkennurunum í Kópavogi fannst frekar að félagsandinn í umsjónarþekki þeirra væri góður, að þeir sniðu kennsluáferðir að þörfum nemenda, að starfsandinn í þeirra skólum væri almennt góður, að stjórnun skólanna byggðist á valddreifingu og að námsráðgjöf fyrir nemendur væri góð (sjá töflu 11). Þótt munur hafi verið á svörum umsjónarkennara eftir sveitarfélögum í 5 staðhæfingum af 41 er ekki þar með sagt að hægt verði að finna mun á meðaltölum svara umsjónarkennara eftir sveitarfélögum við öllum 41 spurningunni í heild. Það verður kannað síðar (sjá töflu 14).

#### *Samantekt á félagsauði skóla sem umsjónarkennarar svara fyrir*

Svör umsjónarkennara í Kópavogi og Reykjavík voru yfirleitt lík í staðhæfingum sem mældu félagsauð skóla. Umsjónarkennarar voru frekar sammála því að gæði skólastarfs væri nokkuð gott í skóla þeirra og að þeir hvettu nemendur sína til að bera ábyrgð á námi sínu. Þeir voru hins vegar frekar ósammála því að þeir tækju þátt í starfi foreldrafélagsins í skólanum og að almennar kennslustofur hentuðu vel mismunandi kennsluháttum. Munur var á nokkrum staðhæfingum eftir sveitarfélögum þar sem umsjónarkennarar í Kópavogi voru frekar sammála þeim en umsjónarkennarar í Reykjavík. Ekki var tölfræðilega marktækur munur eða tengsl á 39 staðhæfingum eða spurningum. Niðurstöðurnar benda því til þess að mat kennara í sveitarfélögum tveimur séu áþekkt. Það gefur færi á að slá saman svörum allra umsjónarkennara í eina heild í áframhaldandi greiningum.

## Mat á mælitækjum og breytum

Hér að framan hefur félagsauði skóla verið lýst eins og umsjónarkennarar mátu hann og í þessum kafla verða gæði mælitækjanna metin. Þar sem um ný mælitæki var að ræða var nauðsynlegt að meta innri samkvæmni kvarðanna sem notaðir voru til að meta frumbreyturnar, það er félagsauð móður á heimili, félagsauð móður í skóla og félagsauð skóla. Fyrst verður kvarðinn félagsauður móður á heimili metinn í samræmi við þrepin í úrvinnslukafla.

### ***Innri samkvæmni þáttarins félagsauður móður á heimili***

Nokkur vandi var að mæla innri samkvæmni félagsauðs móður á heimili (spurningalisti 1) vegna ólíkra eiginleika breyta sem taldar voru mæla félagsauðinn. Breyturnar voru mældar á nafnkvörða, raðkvörða, jafnvel jafnbilakvörða og hlutfallskvörða. Staðhæfingarnar 15 í töflu 5 eru á raðkvörða en í þessu verkefni hefur verið farið með þær sem jafnbilakvörða eins og algengt er. Aðrar breytur voru hjúskaparstaða móður (nafnkvörði), fjöldi barna á heimili undir 18 ára (hlutfallskvörði), búseta föður eða stjúpföreltris á heimili barnsins (nafnkvörði), þátttaka föður eða stjúpföreltris í uppeldi barnsins (rað- eða jafnvel jafnbilakvörði) og fjöldi klukkustunda sem unnar eru af mæðrum utan heimilis á viku (hlutfallskvörði). Þegar breytur eru ekki á sams konar kvörða er ekki ráðlagt að sameina þær og taka meðaltal sem hægt er að túlka af einhverju öryggi. Venjulegir útreikningar á Chronbachs alfa geta ekki talist réttmætir þar sem það kallar á að dreifing og samdreifing (*e. covariance*) séu metnar (Howell, 2002) og það er ómögulegt fyrir nafn- og raðkvörða. Sú ákvörðun var því tekin að reikna innri samkvæmni fyrir staðhæfingarnar 15 í töflu 5 og meta tengsl hinna breytanna við þáttinn sem myndaður var úr staðhæfingunum. Í aðhvarfsgreiningu sem notuð er síðar í verkefninu verður gerð grein fyrir hinum breytunum sérstaklega.

Innri samkvæmni, mæld með alfastuðli, þeirra 15 staðhæfinga sem mynda þáttinn félagsauð móður á heimili (sjá töflu 5) var 0,71 sem er herra en þau mörk (0,70) sem voru rædd í úrvinnslukaflanum sem viðmið fyrir ásættanlega innri samkvæmni. Leiðrétt

fylgni einstakra atriða við heildartölu kvarðans var frá 0,17 til 0,46. Óhætt þótti að sameina allar staðhæfingarnar í þáttinn félagsauð móður á heimili þar sem engin þeirra lækkaði alfagildi kvarðans.

Hjúskaparstaða móður var umrituð (*e. recoded*) í tvo hópa, mæður sem voru einhleypar, fráskildar eða ekkjur og svo mæður í sambúð eða hjónabandi. Tengsl hjúskaparstöðu við kvarðann félagsauður móður voru metin með etu vegna þess að verið var að kanna fylgni milli tvígildrar nafnbreytu og jafnbilabreytu. Tengslin voru frekar veik en marktæk ( $eta = 0,12$ ;  $p < 0,01$ ). Ekki voru tengsl á milli kvarðans og fjölda barna á heimili undir 18 ára ( $r = -0,06$ ;  $p > 0,05$ ) eða fjölda klukkustunda sem unnar voru af mæðrum utan heimilis á viku ( $r = 0,03$ ;  $p > 0,05$ ). Fylgni var á milli kvarðans og búsetu föður eða stjúfforeldris á heimili barnsins ( $eta = 0,15$ ;  $p < 0,01$ ) og þátttöku föður eða stjúfforeldris í uppeldi barnsins ( $r = 0,18$ ;  $p < 0,001$ ). Samkvæmt þessu höfðu sumar breytur lítill sem engin tengsl við þáttinn félagsauður móður á heimili sem kemur á óvart þar sem til dæmis Parcel og Darfur (2001a, 2001b) og Coleman (1988) telja að þær tilheyri félagsauði móður. Lítil eða engin fylgni þessara breyta við þáttinn, sem byggist á afstöðu mæðranna til staðhæfinga varðandi félagsauð, þarf þó ekki að þýða að þær mæli ekki félagsauð móður. Verið getur að þær meti aðra hlið félagsauðs eða þær byggja ekki á sömu forsendum og þátturinn, þar sem þær byggja ekki á mati mæðra (fyrir utan spurninguna um þátttöku föður eða stjúfforeldris í uppeldi barns sem hafði fylgni við þáttinn). Þar sem fræðilegar ástæður voru til staðar fyrir réttmæti þessara spurninga sem mælingu á félagsauði móður voru þær með í frekari greiningu, aðhvarfsgreiningu, þegar kannað var hversu mikið félagsauður mæðra skýrir í námsárangri barna þeirra.

Meðaltal kvarðans (15 staðhæfingar) var reiknað fyrir hópinn í heild svo og fyrir hvort sveitarfélags (sjá töflu 12).

Tafla 12. Kvarðinn félagsauður móður á heimili eftir sveitarfélagi.

	m	sf	n	lægsta gildi	hæsta gildi
Kópavogur	3,9	0,4	277	2,4	4,7
Reykjavík	3,8	0,4	238	2,4	4,8
Allir svarendur	3,8	0,4	515	2,4	4,8

Möguleg gildi fyrir hverja spurningu voru 1 (mjög ósammála), 2 (frekar ósammála), 3 (hvorki sammála né ósammála), 4 (frekar sammála) og 5 (mjög sammála). Hærra gildi merkir meiri félagsauð.

Félagsauður mæðra á heimili í Kópavogi var lítið eitt hærri en mæðra í Reykjavík ( $F(1, 513) = 5,28; p < 0,05$ ). Lítil munur var á raungildum (sjá töflu 12) og ósennilegt að hann spegli raunverulegan mun á félagsauði. Því þótti ekki réttlætanlegt að fjalla um niðurstöðurnar sitt í hvoru lagi fyrir Kópavog og Reykjavík. Búið er að meta eiginleika kvarðans félagsauður móður á heimili og aðrar spurningar sem falla undir það hugtak. Hér á eftir verður kvarðinn félagsauður móður í skóla metinn.

### ***Innri samkvæmni þáttarins félagsauður móður í skóla***

Svipaður vandi var uppi á teningnum við mat á innri samkvæmni félagsauðs móður í skóla (spurningalisti 2) eins og á heimili (spurningalisti 1). Erfitt var að túlka þátt sem væri myndaður úr meðaltali allra breyta sem taldar eru mynda félagsauð móður í skóla. Breytan fjöldi nemenda í bekk barnsins var á öðrum kvarða en staðhæfingarnar sem mæður tóku afstöðu til. Brugðist var við á sama hátt og þegar um félagsauð móður á heimili var að ræða. Kannað var hvort breytan fjöldi barna í bekk hefði tengsl við þáttinn félagsauður móður í skóla.

Innri samkvæmni, mæld með alfastuðli, þeirra 13 staðhæfinga sem mynda félagsauð móður í skóla (sjá töflu 8) var 0,85 og allar staðhæfingarnar bættu við alfa. Leiðrétt fylgni einstakra atriða við heildartölu kvarðans var frá 0,33 til 0,68. Staðhæfingarnar

voru sameinaðar þar sem sýnt þótti að þær mynduðu einn þátt, þáttinn félagsauður móður í skóla. Tengsl fjölda barna í bekk og kvarðans félagsauðs móður í skóla voru frekar veik og í þá átt sem búist var við ( $r = -0,10$ ;  $p < 0,05$ ). Vegna fræðilegra ástæðna var hún tekin með í frekari greiningu, aðhvarfsgreiningu, þegar kannað var hversu mikið félagsauður móður í skóla skýrir í námsárangri barna hennar.

Lítill munur var á meðaltölum félagsauðs móður í skóla eftir sveitarfélagi (sjá töflu 13). Félagssauður mæðra í skóla í Kópavogi var eilítið meiri en mæðra í Reykjavík ( $F(1, 513) = 4,12$ ;  $p < 0,05$ ). Lítill munur var á raungildunum og ólíklegt að hann gefi til kynna raunverulegan mun á félagsauði móður í skóla. Því þótti ekki tækt að fjalla um niðurstöðurnar sitt í hvoru lagi fyrir Kópavog og Reykjavík.

Tafla 13. Félagssauður móður í skóla eftir sveitarfélagi.

	m	sf	n	lægsta gildi	hæsta gildi
Kópavogur	3,6	0,6	277	1,6	4,9
Reykjavík	3,5	0,6	238	1,4	4,9
Allir svarendur	3,5	0,6	515	1,4	4,9

Möguleg gildi fyrir hverja spurningu voru 1 (mjög ósammála), 2 (frekar ósammála), 3 (hvorki sammála né ósammála), 4 (frekar sammála) og 5 (mjög sammála). Hærra gildi merkir meiri félagsauð.

Nú er búið að meta kvarðann félagsauður móður í skóla og hér á eftir verður metinn kvarðinn félagsauður skóla sem umsjónarkennarar svara fyrir.

### ***Innri samkvæmni þáttarins félagsauður skóla***

Innri samkvæmni, mæld með alfastuðli, þeirrar 41 staðhæfingar sem umsjónarkennarar svöruðu og mynda félagsauð skóla (spurningalisti 3) var 0,92. Staðhæfing 9 (sjá töflu 10), þátttaka umsjónarkennara í foreldrastarfi, dró niður innri samkvæmnina og leiðrétt fylgni hennar við heildartölu kvarðans var neikvæði (-0,08) og var henni því sleppt. Innri

samkvæmni, mæld með alfastuðli, þeirra 40 staðhæfinga sem voru eftir og mynda félagsauð skóla var 0,92 og hækkaði innri samkvæmnin ekki við að sleppa einstökum staðhæfingum. Leiðrétt fylgni einstakra atriða við heildartölu kvarðans var frá 0,14 til 0,73. Staðhæfingarnar 40 voru sameinaðar í þáttinn félagsauður skóla.

Könnuð voru tengsl hinna þriggja spurninganna sem einnig voru taldar mæla félagsauð skóla (viðveru stuðningsfulltrúa, fjölda vetra sem kennari hafði kennt og fjölda barna í bekk) og þáttarins félagsauðs skóla. Jákvæð tengsl voru á milli hversu oft stuðningsfulltrúi var inni í bekk og þáttarins ( $\eta = 0,47$ ;  $p < 0,05$ ). Engin tengsl voru á milli fjölda vetra sem kennari hafði kennt umsjónarbekk sínum og þáttarins ( $r = 0,11$ ;  $p > 0,05$ ) en hins vegar voru tengsl á milli fjölda barna í bekk og þáttarins félagsauðs skóla á mörkum marktækni ( $r = -0,33$ ;  $p = 0,06$ ).

Eins og sjá má í töflu 14 virtust umsjónarkennarar í Kópavogi meta félagsauð sinna skóla aðeins hærri en umsjónarkennarar í Reykjavík ( $F(1, 33) = 3,93$ ;  $p < 0,10$ ).

Tafla 14. Félagssauður skóla eftir sveitarfélagi.

	m	sf	n	lægsta gildi	hæsta gildi
Kópavogur	4,0	0,2	18	3,8	4,5
Reykjavík	3,7	0,6	17	2,0	4,8
Allir svarendur	3,9	0,5	35	2,0	4,8

Möguleg gildi fyrir hverja spurningu voru 1 (mjög ósammála), 2 (frekar ósammála), 3 (hvorki sammála né ósammála), 4 (frekar sammála) og 5 (mjög sammála). Hærra gildi merkir meiri félagsauð.


Þessi munur var þó á mörkum þess að vera tölfræðilega marktækur og ekki það mikill að hann réttlætti það að skoða niðurstöðurnar fyrir sitt hvorn hópinn, umsjónarkennara í Kópavogi og í Reykjavík, sérstaklega í ljósi þess hversu fáir þátttakendur voru og dreifing hópanna var ólík ( $F(1, 33) = 7,85$ ;  $p < 0,01$ ).



Hér að framan hafa kvarðarnir sem meta átta frumbreyturnar félagsauð móður á heimili, félagsauð móður í skóla og félagsauð skóla verið metnir með því að meta innri samkvæmni þeirra. Nú verður reiknuð fylgni á milli fylgibreytanna einkunn í stærðfræði og í íslensku eins og fram kemur í öðru þrepi kaflans um úrvinnslu.

### Reiknuð fylgni á milli fylgibreyta

Nokkuð há jákvæð fylgni var á milli einkunna í stærðfræði og íslensku ( $r = 0,59$ ;  $p < 0,001$ ) (sjá mynd 13). Þar sem ásættanleg fylgni var á milli einkunna í stærðfræði og í íslensku var þeim slegið saman og meðaltal þeirra notað sem ein fylgibreyta, námsárangur, við frekari greiningu gagnanna. Það var talið heppilegri mæling á almennan árangur í skóla en önnur hvor einkunnin ein og sér því hún mælir breiðari getu og minnkar skekkju vegna dagsforms nemenda.



Mynd 13. Tengsl einkunna í stærðfræði og íslensku á samræmdum prófum í 7. bekk.

Námsárangur nemenda var ekki sá sami fyrir alla grunnskóla í rannsókninni ( $F(15, 443) = 4,50$ ;  $p < 0,001$ ) (sjá töflu 15). Nemendur í skóla 1 í Reykjavík stóðu sig betur en fjórir lægstu skólarnir sem tóku þátt í rannsókninni.

Tafla 15. Meðaltöl og staðalfrávik námsárangurs á samræmdum prófum grunnskóla eftir sveitarfélögum.

Skóli	m	sf	n
Kópavogur	7,69	1,25	244
Skóli 1	8,08	1,27	30
Skóli 2	7,98	0,95	15
Skóli 3	7,85	1,08	17
Skóli 4	7,82	1,07	23
Skóli 5	7,78	1,46	40
Skóli 6	7,65	1,37	34
Skóli 7	7,51	0,98	36
Skóli 8	7,38	1,22	25
Skóli 9	7,33	1,47	24
Reykjavík	7,72	1,27	215
Skóli 1	8,35	0,83	66
Skóli 2	8,09	1,03	42
Skóli 3	8,06	0,97	17
Skóli 4	7,53	0,92	10
Skóli 5	7,08	1,38	32
Skóli 6	6,98	1,50	33
Skóli 7	6,67	1,25	15

Ekki var munur á námsárangri barnanna eftir sveitarfélögum ( $p > 0,05$ ). Nemendur í skóla 1 í Kópavogi virtust standa sig best á samræmdu prófunum af öllum skólum í Kópavogi en ekki var tölfræðilega marktækur munur á skóla 1 og skóla 9 ( $p > 0,05$ ). Nemendur í skóla 1 í Reykjavík virtust einnig standa sig best á samræmdu prófunum af skólunum í Reykjavík. Munur var á námsárangri barna í skóla 1 og barna í skóla 5, 6 og 7 samkvæmt T3 prófi Dunnetts ( $F(6, 208) = 10,81; p < 0,001$ ).

Nú þegar gæði mælitækja hafa verið metin og ný fylgibreyta, meðaltal einkunna í stærðfræði og íslensku, hefur verið búið til verður hugað að rannsóknarspurningum. Í næsta kafla verður leitað svara við fyrri rannsóknarspurningunni: *Eru tengsl á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla?*

## Tengsl milli félagsauðs móður og námsárangurs

Framlag móður til félagsauðs var metið bæði á heimili (spurningalisti 1) og í skóla (spurningalisti 2). Fylgni á milli kvarðans félagsauður móður á heimili og námsárangurs ( $r = 0,24$ ;  $p < 0,001$ ) var hærri en á milli kvarðans félagsauður móður í skóla og námsárangurs ( $r = 0,09$ ;  $p < 0,05$ ) samkvæmt Fisher-prófinu ( $z(459) = 2,33$ ;  $p < 0,05$ ). Fylgni á milli kvarðanna félagsauður móður á heimili og í skóla var há ( $r = 0,56$ ;  $p < 0,001$ ).

Í þessum fylgnireikningum var einungis stuðst við kvarðana sem myndaðir voru úr staðhæfingum sem mæður tóku afstöðu til en ekki var hægt að nota hinar breytur fimm vegna ólíkra eiginleika þeirra. Hins vegar voru allar staðhæfingarnar notaðar í tvær aðhvarfsgreiningar sem voru gerðar til að kanna annars vegar samband félagsauðs móður á heimili við námsárangur (sjá töflu 16) og hins vegar samband allra staðhæfinganna sem meta félagsauð móður í skóla við námsárangur (sjá töflu 17). Þegar tekið var tillit til allra breyta skýrir kvarðinn félagsauður móður á heimili rétt rúmlega 7% af dreifingu námsárangurs en kvarðinn félagsauður móður í skóla skýrir lítið sem ekkert í dreifingu námsárangurs eða minna en 1%.

Tafla 16. Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.

Breytur	b	Beta	p-gildi	Þol	Leiðrétt R <sup>2</sup>
Fasti	5,01		0,0000		0,07
Kvarði Félagsauður móður á heimili (15 staðhæfingar.)	0,72	0,15	0,0000	0,95	
Þátttaka föður í uppeldi barnsins?	0,02	0,02	0,7451	0,83	
Fjöldi barna undir 18 ára á heimilinu	-0,12	-0,09	0,0901	0,98	
Fjöldi unninna klukkustunda á viku utan heimilisins af móður	0,00	0,05	0,2834	0,99	
Hjúskaparstaða	-1,96	-0,22	0,1239	0,13	
Býr faðir (eða stjúpfóreltri) barnsins á heimilinu?	1,99	0,23	0,0993	0,12	

Tafla 17. Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.

Breytur	b	Beta	p-gildi	Pol	Leiðrétt R <sup>2</sup>
Fasti	7,25		0,0000		0,006
Félagsauður móður í skóla	0,20	0,09	0,0495	0,99	
Fjöldi barna í bekk	-0,01	-0,04	0,4222	0,99	

Tvær aðrar aðhvarfsgreiningar voru gerðar til að kanna nánar annars vegar samband félagsauðs móður á heimili við námsárangur og hins vegar samband félagsauðs móður í skóla við námsárangur. Tekið var tillit til mannauðs (menntunar) og fjárhagsauðs (heildartekna heimilis) sem og greiningar á röskunum sem kunna að hafa áhrif á námsárangur barnanna. Þroskafrávik, athyglisbrestur, ofvirkni, leshömlun, þunglyndi og kvíði eru allt raskanir sem kunna að hafa áhrif á gengi barna á prófum og því mikilvægt að taka tillit til þeirra þegar samband félagsauðs og námsárangurs er metið (Dworetzky, 1995).

Menntun var skipt í tvennt, það er hvort mæður höfðu lokið háskólanámi (0) eða ekki lokið háskólanámi (1). Heildartekjur heimilis var jafnbilabreyta sem hljóp á 200 þúsundum fyrir hvert bil á kvarðanum. Nokkur fylgni var á milli fjárhagsauðs og kvarðans félagsauður móður á heimili (15 staðhæfingar) ( $r_s = 0,10$ ;  $p < 0,05$ ) en ekki var fylgni á milli mannauðs og kvarðans félagsauður móður á heimili ( $eta = 0,07$ ;  $p > 0,05$ ). Hægt var að merkja við átta mismunandi greiningar á röskunum og því gat breytan *Greiningar* minnst tekið gildið 0 og mest tekið gildið 8.

Aðrar breytur sem voru taldar mæla félagsauð móður á heimili voru hjúskaparstaða móður, fjöldi barna á heimili undir 18 ára, búseta föður eða stjúpfóreltris á heimili barnsins, þátttaka föður eða stjúpfóreltris í uppeldi barnsins og fjöldi klukkustunda sem unnar eru af mæðrum utan heimilis á viku (t.d. Coleman, 1988; Parcel og Darfur, 2001a, 2001b).

Tafla 18. Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.

Líkan	Breytur	b	Beta	p-gildi	Pol	Leiðrétt R <sup>2</sup>
Líkan 1	Fasti	7,04		0,0000		0,18
	Heildartekjur heimilisins	0,16	0,18	0,0005	0,92	
	Háskólanám móður	0,39	0,16	0,0024	0,93	
	Greiningar	-0,58	-0,31	0,0000	0,99	
Líkan 2	Fasti	5,74		0,0000		0,21
	Heildartekjur heimilisins	0,16	0,18	0,0006	0,85	
	Háskólanám móður	0,38	0,15	0,0029	0,89	
	Greiningar	-0,52	-0,28	0,0000	0,94	
	Félagsauður móður á heimili	0,44	0,15	0,0038	0,92	
	Þátttaka föður í uppeldi barnsins?	0,03	0,03	0,6224	0,82	
	Fjöldi barna undir 18 ára á heimilinu	-0,15	-0,10	0,0331	0,97	
	Fjöldi unninna klukkustunda á viku utan heimilisins af móður	0,00	-0,02	0,7079	0,94	
	Hjúskaparstaða	-1,91	-0,22	0,1054	0,13	
	Býr faðir (eða stjúpfóreltri) barnsins á heimilinu?	1,75	0,22	0,1153	0,12	

Dreifing óháðu breytanna í líkani 1 skýrir um 18% af dreifingu námsárangurs (sjá töflu 18). Ef óháðum breytum er fjölgað og breytum bætt við sem mæla félagsauð móður á heimili þá hækkar skýringin í 21%. Kvarðinn félagsauður móður á heimili bætir því við skýringu mannauðs og fjárhagsauðs en ekki mjög miklu eða þremur prósentustigum.

Með því að hreinsa líkan 2 af óháðum breytum sem höfðu ekki áhrif á námsárangur var hægt að skoða betur áhrif hverrar breytu fyrir sig á námsárangur (sjá töflu 19) og þá hækkaði skýringin í 23%. Greiningar virtust hafa mest áhrif á námsárangur, svo fjárhagsauður og mannauður og loks kvarðinn félagsauður móður á heimili (sjá Beta-gildi). Ef kvarðinn félagsauður móður á heimili eykst um eina einingu þá hækkar námsárangur um 0,4 eftir að tekið hefur verið tillit til annarra breyta. Á líkani 3 má sjá að dreifing kvarðans félagsauður móður á heimili bætir fimm prósentustigum við aðra þætti í skýringu á dreifingu námsárangurs sem styður fyrri tilgátu verkefnisins um að tengsl séu á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla.

Tafla 19. Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.

Líkan	Breytur	b	Beta	p-gildi	Þol	Leiðrétt R <sup>2</sup>
Líkan 3	Fasti	5,82		0,0000		0,23
	Heildartekjur heimilisins	0,16	0,18	0,0001	0,91	
	Háskólanám	0,47	0,18	0,0001	0,92	
	Greiningar	-0,53	-0,29	0,0000	0,96	
	Félagsauður móður á heimili	0,40	0,13	0,0031	0,96	
	Fjöldi barna undir 18 ára á heimilinu	-0,17	-0,12	0,0070	0,99	

Forsendur aðhvarfsgreiningar fyrir líkan 3 voru kannaðar. Frávillingar voru ekki vandamál. Aðeins tvö stöðluð gildi leifa (*e. standardized residuals*) voru yfir þrjá í gögnunum. Það benti ekki til þess að gildi háðu breytunnar væru frábrugðin spágildum háðu breytunnar. Ekki reyndist vera marglínuleiki (*e. multicollinearity*) í gögnunum þar sem þol (*e. tolerance*) var alls staðar nálægt einum. Misdreifni (*e. heteroscedasticity*) var ekki í gögnunum ( $\chi^2(1, N=410) = 0,00; p > 0,05$ ).

Með því að kanna tengsl félagsauðs móður á heimili og námsárangurs er aðeins verið að svara fyrri rannsóknarspurningunni að hluta. Til að svara henni að fullu, hvort tengsl eru á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla, þarf einnig að skoða tengsl félagsauðs móður í skóla og námsárangurs. Eins og komið hefur fram var fylgnin á milli kvarðans félagsauðs móður í skóla og námsárangurs lægri en milli kvarðans félagsauðs móður á heimili og námsárangurs og því líklegt að félagsauður móður í skóla bæti ekki eins miklu við aðra þætti í skýringu á dreifingu námsárangurs.

Tafla 20. Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.

Líkan	Breytur	b	Beta	p-gildi	Þol	Leiðrétt R <sup>2</sup>
Líkan 4	Fasti	7,04		0,0000		0,19
	Heildartekjur heimilisins	0,15	0,17	0,0003	0,91	
	Háskólanám	0,47	0,19	0,0001	0,92	
	Greiningar	-0,57	-0,32	0,0000	0,99	
Líkan 5	Fasti	6,93		0,0000		0,19
	Heildartekjur heimilisins	0,15	0,17	0,0003	0,91	
	Háskólanám	0,47	0,18	0,0001	0,92	
	Greiningar	-0,57	-0,31	0,0000	0,98	
	Félagsauður móður í skóla	0,06	0,03	0,5041	0,97	
	Fjöldi nemenda í bekk	-0,01	-0,02	0,6632	0,98	

Dreifing óháðu breytanna í líkani 4 skýrði 19% af dreifingu einkunna (sjá töflu 20). Hvorki kvarðinn félagsauður móður í skóla né fjöldi nemenda í bekk höfðu áhrif á námsárangur eftir að tekið hafði verið tillit til tekna, menntunar móður og greininga sem barnið hafði hlotið, enda jókst skýringin ekkert milli líkans 4 og 5.

Þegar breytunni um fjölda nemenda í bekk var sleppt úr líkani 5 varð það ekki til þess að kvarðinn félagsauður móður í skóla hefði áhrif á námsárangur (sjá líkan 6 í töflu 21).

Tafla 21. Aðhvarfsgreining, áhrif eftirfarandi breyta á árangur í samræmdum prófum.


Líkan	Breytur	b	Beta	p-gildi	Þol	Leiðrétt R <sup>2</sup>
Líkan 6	Fasti	6,78		0,0000		0,20
	Heildartekjur heimilisins	0,16	0,18	0,0001	0,92	
	Háskólanám	0,46	0,18	0,0001	0,92	
	Greiningar	-0,58	-0,32	0,0000	0,98	
	Félagsauður móður í skóla	0,06	0,03	0,4809	0,99	

Forsendur aðhvarfsgreiningar fyrir líkan 6 voru kannaðar. Frávillingar voru ekki vandamál. Aðeins tvö stöðluð gildi leifa voru yfir þrjá í gögnunum. Það benti ekki til þess að gildi háðu breytunnar væru frábrugðin spágildum háðu breytunnar. Ekki reyndist vera marglínuleiki í gögnunum þar sem þol var alls staðar nálægt einum. Misdreifni var ekki í gögnunum ( $\chi^2(1, N=410) = 0,00; p > 0,05$ ).

Hér að framan hefur verið kannað samband félagsauðs móður við námsárangur sem lýst var í fyrri rannsóknarspurningunni og getið er um í þriðja þrepi kaflans um úrvinnslu. Nú verður fjallað um mat umsjónarkennara sem notað verður til að svara seinni rannsóknarspurningunni: *Eru tengsl á milli félagsauðs í skóla og námsárangurs nemenda í grunnskóla?*

## Tengsl milli félagsauðs skóla og námsárangurs

Kannað var hversu mikil tengsl félagsauður í skóla (spurningalisti 3) hafði við námsárangur nemenda í skólunum með því að reikna fylgni á milli þessara tveggja breyta (sjá mynd 14).



Mynd 14. Tengsl meðalfélagsauðs í skólum og meðalnámsárangurs í skólum.

Fylgnin á milli meðalnámsárangurs og meðalfélagsauðs í skólum var ekki tölfræðilega marktæk við 1% eða 5% marktæktarkröfu eins og yfirleitt er miðað við ( $r = 0,34$ ;  $p > 0,05$ ). Þrátt fyrir að fylgnistuðull sé ekki lágur er fylgnin frekar langt frá því að vera á mörkum marktækni ( $p = 0,22$ ) og því erfitt að líta á niðurstöðuna sem vísbendingu um að samband sé á milli breytanna tveggja þrátt fyrir að athuganir væru aðeins 15 talsins. Þetta þýðir að ekki fæst stuðningur við seinni tilgátu verkefnisins um að tengsl séu á milli félagsauðs skóla og námsárangurs nemenda.

Skólunum var einnig skipt upp eftir því hvort þeir höfðu minni eða meiri félagsauð og kannað hvort munur væri á meðalnámsárangri skólanna út frá því. Lægstu átta mælingarnar á félagsauði skóla mynduðu hóp skóla með minni félagsauð og hæstu sjö mælingarnar á félagsauði skóla mynduðu hóp skóla með meiri félagsauð. Meðaleinkunn skóla með minni félagsauð var 7,7 ( $sf = 0,45$ ) og meðaleinkunn skóla með meiri



félagsauð var 7,7 (sf = 0,35). Eins og gefur að skilja var ekki munur á meðaleinkunn skóla eftir því hvort þeir voru með meiri eða minni félagsauð ( $t(13) = 0,17; p > 0,05$ ). Ekki fékkst því stuðningur við seinni rannsóknarspurninguna um að tengsl væri á milli félagsauðs í skóla og námsárangur nemenda í grunnskóla.

Nú hefur mæðrum og umsjónarkennurum verið lýst og hvernig þessir tveir hópar meta félagsauð í skólasamfélagi. Gæði mælitækja voru metin þar sem um ný mælitæki var að ræða. Kvarðarnir sem meta áttu frumbreyturnar félagsauð móður á heimili, félagsauð móður í skóla og félagsauð skóla hafa verið metnir með því að meta innri samkvæmni þeirra. Fylgni annarra frumbreyta við þessa kvarða var metin. Fylgni milli fylgibreyta og einkunna í stærðfræði og í íslensku var reiknuð og rannsóknarspurningunum tveimur var svarað.

## Umræða

Skilgreiningar á félagsauði eru margar en rauður þráður rennur í gegnum þær flestar þar sem tengslanet sem eru fólki til framdráttar eru í brennidepli (Bourdieu, 1986; Coleman, 1988; Putnam, 2004). Coleman (1988) taldi að félagsauð sé ekki síst að finna í þeim félagstengslum sem foreldrar koma á innan skólasamfélags barna þeirra eins og við kennara og aðra foreldra. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar félagsauður er til staðar í skólasamfélagi, það er þegar traust myndast í félagstengslum milli barna, foreldra, kennara og skólastjórnenda, er líklegra að nemendur sýni betri árangur í námi og að unglingar hætti síður í skóla (sjá t.d. Fan, 2001; McBride, Schoppe-Sullivan og Ho, 2005). Niðurstöður íslensku rannsóknarinnar sem hér hefur verið kynnt eru í samræmi við þessar niðurstöður að hluta.

Þeir einstaklingar sem tóku þátt í rannsókninni eiga það sameiginlegt að vera hluti af skólasamfélagi, ýmist sem mæður barna í sjöunda bekk grunnskóla eða umsjónarkennarar sömu barna. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna félagsauð sem mæður, kennarar og skólastjórnendur, sem umsjónarkennarar svöruðu fyrir, stuðla að í skólasamfélagi og hugsanleg tengsl slíks félagsauðs við námsárangur grunnskólabarna. Einnig voru hönnuð mælitæki á íslensku og þau prófuð til þess að mæla félagsauð. Leitast var við að svara tveimur megin spurningunum: *Eru tengsl á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla?* og *Eru tengsl á milli félagsauðs í skóla og námsárangurs nemenda í grunnskóla?*

### Lýsing á mæðrum og umsjónarkennurum

Mæður voru yfirleitt í hjónabandi eða í sambúð og á heimili þeirra voru tvö til þrjú börn undir 18 ára aldri að meðaltali. Faðir eða stjúpfareldri bjó í flestum tilfellum á heimilinu og tók frekar mikinn eða mjög mikinn þátt í uppeldi barns. Mæður í Kópavogi svöruðu

frekar spurningalistanum en mæður í Reykjavík, voru yngri og höfðu síður lokið háskólaprófi. Mikil uppbygging á íbúðarhúsnæði í fjölbýli hefur átt sér stað í Kópavogi síðustu árin og getur það verið ástæða þess að mæður eru yngri þar en í Reykjavík. Mannauður mæðra, mældur með spurningu um menntun, reyndist nokkuð mikill þar sem rúmlega helmingur mæðra hafði lokið háskólaprófi. Fjárhagsauður mæðra var mældur með spurningu um tekjur allra á heimili og voru flest heimili með tekjur á bilinu 400 til 800 þúsund á mánuði fyrir skatta sem er í samræmi við meðaltekjur heimila á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2007).

Umsjónarkennararnir voru flestir á aldrinum 30 ára til 50 ára og voru nær allir með háskólapróf. Vert er að geta þess að umsjónarkennarar voru fáir eða 36 og erfitt að sýna fram á marktæk tengsl eða mun þegar um svo fáa svarendur er að ræða.

Ekki var mikill munur á bakgrunni mæðra eftir sveitarfélögum og nær enginn munur á bakgrunni umsjónarkennara. Hefði munurinn verið meiri hefði þurft að skoða áhrif félagsauð á námsárangur sérstaklega fyrir hvort sveitarfélag sem óneitanlega hefði flækt alla túlkun en þar sem munurinn var lítill þurfti þess ekki.

## **Mat á mælitækjum**

Vandað var til mælitækja í þessari rannsókn, spurningalistar voru forprófaðir eins og áður hefur komið fram og gætt vandvirkni í aðgerðabindingu eins og Furstenberg (2005) leggur áherslu á að sé gert. Óhætt þótti að sameina 15 staðhæfingar sem mynduðu þáttinn félagsauður móður á heimili þar sem innri samkvæmni þeirra var 0,71. Algengt viðmið til að mæla innri samkvæmni kvarða eða spurninga er 0,70 (Groth-Marnat, 2003). Aðrar spurningar sem voru notaðar til að mæla félagsauð móður á heimili voru hjúskaparstaða móður, fjöldi barna á heimili undir 18 ára, fjöldi klukkustunda sem unnar voru af mæðrum utan heimilis, búseta föður eða stjúpföreldris á heimili og þátttaka föður eða stjúpföreldris í uppeldi barnsins. Þær voru ekki sameinaðar þættinum um félagsauð mæðra vegna ólíkra eiginleika spurninganna. Lítil munur var á félagsauði

mæðra á heimili eftir sveitarfélögum sem gerði mögulegt að greina öll gögnin í einu í stað þess að greina þau fyrir hvort sveitarfélag fyrir sig.

13 staðhæfingar sem mynduðu þáttinn félagsauður móður í skóla voru einnig sameinaðar í einn kvarða þar sem innri samkvæmni þeirra var 0,85. Spurning um fjölda nemenda í bekk barnsins mælir einnig félagsauð móður í skóla en unnið var með hana sér vegna ólíkra eiginleika hennar og hinna spurninganna. Lítil munur var á félagsauði mæðra í skóla eftir sveitarfélögum.

Innri samkvæmni staðhæfinganna 41 sem mynduðu þáttinn félagsauður skóla samkvæmt mati kennara var 0,92. Staðhæfingu um þátttöku umsjónarkennara í foreldrastarfi skólans var sleppt úr kvarðanum en mikill meirihluti þeirra sagðist ekki taka þátt í foreldrastarfi skólans og því lítil dreifing í þeirri spurningu. Kennarar virðast frekar vinna með foreldrum nemenda í umsjónarbekkjum sínum en að sækja viðburði á vegum foreldrafélags til að stuðla að tengslum milli kennara og foreldra. Þrjár spurningar til viðbótar voru taldar mæla félagsauð skóla en þær voru hversu oft stuðningsfulltrúi var inni í bekk, fjöldi vetra sem kennari hafði kennt umsjónarbekk sínum og fjöldi barna í bekk. Unnið var með þessar spurningar sér vegna ólíkra eiginleika þeirra og staðhæfinganna. Lítil munur var á svörum umsjónarkennara eftir sveitarfélögum.

Þar sem sterk jákvæð fylgni var á milli fylgibreytanna einkunn í stærðfræði og í íslensku var þeim slegið saman og meðaltal þeirra notað sem mæling á námsárangri í frekari greiningu gagnanna. Þessi tengsl voru í samræmi við niðurstöður samræmdra próf í sjöunda bekk árið 2006 (Námsmatsstofnun, 2007a).

## **Félagsauður móður**

Í samræmi við rannsóknarspurningar var bæði spurt um félagsauð móður á heimili og í skóla. Var það gert til að greina tengsl félagsauðs móður á heimili við námsárangur nemenda og félagsauðs móður í skóla við námsárangur nemenda.

### ***Félagsauður móður á heimili***

Til þess að mæla félagsauð móður á heimili voru 20 staðhæfingar eða spurningar notaðar. Af 15 staðhæfingum voru þrjár með hæsta meðaltalið: Mæður voru frekar eða mjög sammála því að þær þekktu flesta vini barns síns með nafni, að þær gæfu sér tíma til að hlusta á barnið í málum sem skiptu það máli og að þær vissu hvar barnið væri þegar það væri ekki heima við. Þetta eru staðhæfingar sem lýsa samskiptum við barn sem einkennast af trausti og tengslum og fellur vel að skilgreiningu Bourdieu (1986) sem telur að félagsauður snúist fyrst og fremst um þann ávinning sem einstaklingur hlýtur þegar hann er hluti af heild sem veitir honum stuðning.

Af þeim fimm spurningum sem notaðar voru til viðbótar til að meta félagsauð móður á heimili höfðu þrjár marktæk tengsl við þáttinn. Tengsl hjúskaparstöðu og þáttarins félagsauður móður á heimili voru jákvæð en veik. Jákvæð tengsl voru á milli þáttarins og búsetu föður eða stjúpfóreltris á heimili barnsins. Þetta er í samræmi við niðurstöður Parcel og Dufur (2001a, 2001b) um að á heimili þar sem móðir og faðir eða stjúpfóreltri deila heimili er félagsauður heimilis meiri en þar sem móðir býr ein með börnum sínum. Aftur á móti telur Coleman (1988) að þar sem aðeins eitt fóreltri sé á heimili geti ungt fólk haft samband við aðra fullorðna og fengið þaðan stuðning og styrk eins og til dæmis frá starfsfólki skóla. Niðurstöður þessarar rannsóknar bentu til þess að nemendur gætu leitað til umsjónarkennara sinna þar sem flestir þeirra töldu sig hlusta á nemendur sína í málum sem skipta þá máli. Ekki voru tengsl á milli félagsauðs móður á heimili og fjölda barna á heimili undir 18 ára eða fjölda klukkustunda sem unnar voru af mæðrum utan heimilis á viku. Það kemur á óvart þar sem til dæmis Parcel og Dufur (2001a, 2001b) og Coleman (1988) telja að hvoru tveggja tengist minni félagsauði móður.

Lítill munur var á svörum mæðra eftir sveitarfélagi á þættinum félagsauður móður á heimili. Marktækur munur var á þremur staðhæfingum af 20. Mæður í Kópavogi töldu félagsanda í bekk barnsins síns vera betri en mæður í Reykjavík. Þær mátu einnig skólahverfið öruggara og töldu sig frekar vita hvar barnið þeirra væri niðurkomið þegar það var ekki heima. Á heildina litið mátu mæður í Kópavogi félagsauð sinn á heimili lítið eitt hærri en mæður í Reykjavík. Lítill munur var á raungildum og ósennilegt að

hann hafi speglað raunverulegan mun á félagsauði og því þótti réttlætanlegt að fjalla um niðurstöðurnar í einu lagi fyrir Kópavog og Reykjavík.

### ***Félagsauður móður í skóla***

14 staðhæfingar eða spurningar voru notaðar til að meta félagsauð móður í skóla. Af 13 staðhæfingum sem mynduðu þáttinn voru þrjár staðhæfingar með hæsta meðaltalið: Mæður voru frekar eða mjög sammála því að þær væru láttnar vita ef eitthvað kæmi upp á varðandi barnið á skólatíma, að umsjónarkennari sýndi barni umhyggju og að þær væru ánægðar með skóla barns. Þetta eru staðhæfingar sem einkennast af tengslum sem myndast í skólasamfélagi barns og falla vel að skilgreiningu Coleman (1988) sem áður hefur verið lýst og telur félagsauð vera verðmæti þeirra tengsla sem fólk myndar. Einnig var spurt hversu margir nemendur voru í hverjum bekk sem hluta af félagsauði í skóla. Spurningin bætti ekki við innri samkvæmni kvarðans og fylgnin þar á milli var neikvæð og lág. Því lækkaði félagsauður móður í skóla með auknum fjölda barna í bekk sem er í samræmi við rannsókn Wang o.fl. (1997) sem leiddi í ljós að nemendur ná betri árangri í námi ef þeir eru í fámennum bekkjum.

Lítill munur var á svörum mæðra eftir sveitarfélagi sem mátu þáttinn félagsauður móður í skóla. Þó var marktækur munur á þremur staðhæfingum af 14, það er hvað varðaði þátttöku í foreldrastarfi skóla, samskiptum við umsjónarkennara barns og umhyggju umsjónarkennara fyrir barni. Mæður í Kópavogi voru meira sammála þessum staðhæfingum en mæður í Reykjavík. Eins og með félagsauð mæðra á heimili mátu mæður í Kópavogi félagsauð sinn í skóla lítið eitt hærra en mæður í Reykjavík. Munurinn var það lítill að ólíklegt þótti að hann hefði raunverulega þýðingu og því talið óhætt að fjalla í einu lagi um niðurstöður fyrir Kópavog og Reykjavík.

## Félagsauður skóla sem umsjónarkennarar svara fyrir

Af 44 staðhæfingum eða spurningum sem mynduðu þáttinn félagsauður skóla voru þrjár staðhæfingar með hæsta meðaltalið: Umsjónarkennarar voru frekar eða mjög sammála því að þeir hlustuðu á nemendur sína í málum sem skiptu þá máli, að þeir hvettu nemendur sína til að bera ábyrgð á námi sínu og að heimanám nemenda væri hæfilegt. Þetta eru staðhæfingar sem einkennast af trausti og tengslum og líklegar til að auka námsárangur nemenda. Einnig falla þær vel að skilgreiningu Putnam o.fl. (1993) sem fjallað hefur verið um, þar sem ábati er lagður til grundvallar skilgreiningu á félagsauði og áhersla lögð á að sambönd sem einkennast af trausti og tengslum séu rík af félagsauði og geti bætt skilvirkni þeirra sem í hlut eiga.

Umsjónarkennarar í Kópavogi mátu félagsauð sinna skóla hærri á fimm staðhæfingum en umsjónarkennarar í Reykjavík. Umsjónarkennarar í Kópavogi voru frekar sammála því að félagsandi í umsjónarþekki þeirra væri góður, að þeir sniðu kennsluáferðir að þörfum nemenda, að námsráðgjöf fyrir nemendur væri góð og að starfsandinn í skólanum væri almennt góður. Þetta er í samræmi við fyrri umfjöllun um verk Otero og West-Burnham (2004) sem telja að skólastjórnendur og kennarar sem leggja sitt af mörkum til að bæta kennslu og treysta tengsl í skólasamfélaginu þrói félagsauð. Á undanförunum árum hafa skólayfirvöld í Kópavogi gefið skólum sínum mikið sjálfræði í eigin málum með það að markmiði að ýta undir frumkvæði og þjóna sem best ólíkum þörfum nemenda (Fræðsluskrifstofa Kópavogs, 2007). Vera má að þessar aðgerðir speglast í herra mati kennara í Kópavogi á fyrrnefndum staðhæfingum.

Umsjónarkennarar í Kópavogi voru einnig frekar sammála því en umsjónarkennarar í Reykjavík að stjórnun skólanna byggðist á valddreifingu. Chirichello (2004) telur að skólastjórar þurfi að ganga til liðs við starfsmenn sína og veita starfsemi skóla forystu til að þróa félagsauð í skólum sínum og auka þannig námsárangur nemenda sinna. Það að umsjónarkennarar í Kópavogi voru frekar sammála því að valddreifing væri mikil í skólum sínum má ef til vill skýra með því að árið 1999 juku fræðsluyfirvöld í Kópavogi við stjórnunarkvóta skólanna. Ráðnir voru tveir millistjórnendur (deildastjórar) í 100% starf við hvern skóla sem viðbót við stjórnunarteymi skólans (aðstoðarskólastjóra og

skólastjóra). Þar sem hver millistjórnandi ber ábyrgð á daglegu starfi síns stigs og á að vera í nánú samstarfi við kennarana á stiginu má vera að kennurum finnst að upplýsingaflæði frá stjórnendum til þeirra sé meira en áður og að meira tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra í skólanum. Slík tengsl milli kennarar og stjórnenda ættu að auka félagsauð í skólanum (Onyx og Bullen, 2000).

### ***Tengsl milli félagsauðs móður og einkunna***

Coleman (1988) og Parcel og Dufur (2001a, 2001b) telja ásamt fleirum að félagsauður foreldra hvort sem er á heimili eða í skóla hafi áhrif á námsárangur. Það var niðurstaða þessarar rannsóknar þó svo að félagsauður móður í skóla hefði veika fylgni við námsárangur. Hærri fylgni var á milli félagsauðs móður á heimili og námsárangurs en á milli félagsauðs móður í skóla og námsárangurs. Meirihluti mæðra sagðist ekki taka þátt í foreldrastarfi skólanna sem kann að hafa haft þau áhrif að félagsauður móður í skóla hafði minni tengsl við námsárangur en félagsauður móður á heimili. Niðurstöður McNeal (2001) og Sun (1998) sýna að virkni foreldra í foreldrastarfi skólanna hefur lítil tengsl við námsárangur og telur McNeal (1999) að foreldrar hafi meiri áhrif á hegðun barna sinna í skóla en á námsárangur. Því er mögulegt að félagsauður mæðra í skóla hafi tengsl við aðrar fylgibreytur en þær sem hér voru metnar, til dæmis líðan barna í skóla eða félagstengsl.

Aðhvarfsgreining var notuð til að kanna samband félagsauðs móður á heimili og í skóla við námsárangur þegar tekið hafði verið tillit til mannauðs (menntunar) og fjárhagsauðs (heildartekna heimilis) sem og greiningar á hegðunarfrávikum frá lækni eða sálfræðingi. Greiningar frá lækni eða sálfræðingi höfðu sterkust tengsl við námsárangur, svo fjárhagsauður og mannauður. Félagsauður móður á heimili bætti við 5% af skýringu þessara breyta á dreifingu námsárangurs. Félagsauður móður í skóla bætti ekki við skýringu hinna breytanna á námsárangri.



Ekki þarf að koma á óvart að greiningar frá sérfræðingum, fjárhagsauður og mannaúður móður spái vel fyrir um námsárangur barns. Spurt var hvort börn hefðu verið greind með athyglisbrest, þroskafrávik, þunglyndi, kvíða eða leshömlun, sem sýnt hefur verið fram á að hefur áhrif á námsárangur barna (sjá t.d. Beitchman og Young, 1997; Biederman, Newcorn og Sprich, 1991; Gresham, MacMillan og Bocian, 1996; Jaycox, Reivich, Gillham og Seligman, 1994). Einnig hefur margoft verið skýrt frá tengslum mannaúðs foreldra og námsárangurs (sjá t.d. Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir; Gross, Mettelman, Dye og Slagle, 2001) og fjárhagsauðs foreldra og námsárangurs (sjá t.d. Desimone, 1999; Martin o.fl., 2007). Coleman (1988) telur til dæmis að eignameiri foreldrar geti frekar veitt börnum sínum séraðstoð þegar þess er þörf og gert þeim kleift að fást við fjölbreytt viðfangsefni utan skóla. Hvort tveggja getur haft jákvæð áhrif á námsárangur þeirra.

Fyrri rannsóknarspurningin í þessari rannsókn sneri að tengslum á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla. Sú spurning hlaut stuðning að mestu. Félagsauður móður á heimili og í skóla hafði fylgni við námsárangur. Dreifing í félagsauðs móður á heimili bætti við aðra þætti í skýringu á dreifingu einkunna og er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsækenda, til dæmis Coleman (1988), McNeal (1999) og Parcel og Dufur (2001a, 2001b). Það þýðir að ef barn skortir félagsauð á heimili er mikilvægt að reyna að bæta því hann upp með félagsauði frá samfélaginu, til dæmis skóla, svo því gangi betur að fóta sig í skólaumhverfinu.

Fylgni milli félagsauðs móður í skóla og námsárangurs var veik og dreifing félagsauðs móður í skóla bætti ekki við aðra þætti í skýringu á dreifingu námsárangurs. Því fékkst ekki fullur stuðningur við fyrri rannsóknarspurningu verkefnisins. Erlendar niðurstöður benda til að félagsauður sem tengist skóla hafi áhrif á námsárangur en að slík áhrif séu nokkuð minni en áhrif félagsauðs heimila (t.d. Parcel og Dufur, 2001b). Það kom því á óvart að dreifing félagsauðs móður í skóla bætti ekki við aðra þætti í skýringu á dreifingu námsárangurs.

Þar sem félagsauður móður á heimili og skóla hafði ólík tengsl við námsárangur barna þeirra rennir það stoðum undir það að hér sé um aðskilin hugtök að ræða sem geti haft mismunandi tengsl við líðan og þroska barna. Því er skynsamlegt að skoða áhrif af framlagi móður til félagsauðs á heimili og skóla í sitt hvoru lagi í áframhaldandi rannsóknum á félagsauði.

### ***Tengsl milli félagsauðs skóla og einkunna***

Þó fylgni á milli félagsauðs skóla og námsárangurs hafi við fyrstu sýn verið meðalsterk og í þá átt sem búist var við var hún ekki marktæk. Ekki fékkst því stuðningur við seinni meginspurninguna um fyrrnefnd tengsl. Hafa ber í huga að athuganir voru fáar. Gögnum var safnað frá mæðrum allra barna í 7. bekk 15 grunnskóla sem leitað var til og umsjónarkennurum þeirra sem voru 36. Með því að bæta við skólum hefði kostnaður við verkefnið aukist það mikið að ekki hefði verið hægt að ráðast í það.

Önnur möguleg skýring á því að ekki voru marktæk tengsl milli félagsauðs skóla og námsárangurs er að ekki hafi verið nægileg dreifing í svörum umsjónarkennara hvað varðar félagsauð. Skólar í Kópavogi og í Reykjavík voru flestir svipaðir að stærð og fjöldi nemenda í hverjum bekk var álíka mikill. Umsjónarkennarar voru vel menntaðir og höfðu flestir nokkra reynslu af kennslu. Meðaltal 36% staðhæfinga umsjónarkennara sem mátu félagsauð skóla var 4,0 eða hærra á skala þar sem 1 þýddi mjög ósammála og 5 mjög sammála (allar staðhæfingarnar lýstu því að félagsauður væri til staðar). Þetta átti við 25% staðhæfinga mæðra. Samskipti nemenda og starfsfólks litu út fyrir að vera góð. Einnig virtust skólastjórnendur vera metnaðarfullir fyrir hönd sinna skóla og upplýsingar til nemenda og foreldra komast vel til skila. Sterkari tengsl hefðu ef til vill komið fram ef fleiri skólar þar sem lítill félagsauður er til staðar hefðu tekið þátt og dreifing á frumbreytunni verið meiri.

Samkvæmt niðurstöðum samræmdra prófa í 7. bekk árið 2006 sem birtar voru á vefriti menntamálaráðuneytisins kemur í ljós að ekki var munur á árangri nemenda eftir

landshlutum og dreifing svipuð og á árinu 2005. Í PISA rannsókninni frá 2003, þar sem könnuð var frammistaða 15 ára nemenda, kom í ljós að minni munur er á milli skóla á Íslandi en öðrum löndum þar sem PISA rannsóknin var framkvæmd (Menntamálaráðuneyti, 2007). Því virðist lítil dreifing í einkunnum á milli skóla á Íslandi sem er í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar þar sem ekki var munur á einkunnum milli sveitarfélaga. Því má vera að of lítil dreifing sé í fylgibreytunni á milli skóla til að hægt sé að tengja hana við mismunandi eiginleika skólanna.

Engu að síður má benda á að þrátt fyrir að ekki hafi verið marktækur munur á meðaltali kvarðans sem mældi félagsauð í skóla milli sveitarfélaga var munur á einstökum staðhæfingum og að dreifing í svörum virtist mismunandi í Reykjavík og Kópavogi. Því má vera að einhver munur sé á félagsauði í mismunandi skólum landsins en það þarf að rannsaka með stærra úrtaki skóla en gert var í þessari rannsókn.

## **Gildi rannsóknarinnar**

Gildi og styrkur rannsóknarinnar felst aðallega í mikilvægi viðfangsefnisins, það er að verið var að skoða gengi barna í skóla. Möguleikar barna á æðri menntun, góðri atvinnu og hærri launum í framtíðinni eru meðal annars undir því komnir að þau sýni góðan námsárangur í grunnskóla. Ljóst er að námsárangur hefur fylgni við félagsauð móður eins og niðurstöður þessarar rannsóknar sýna. Börn verja miklum tíma í skóla og mikilvægt er fyrir þau að nán tengsl myndist milli heimilis og kennara (Field, 2003).

Þrátt fyrir að ekki hafi fengist stuðningur við seinni meginspurningu verkefnisins, um að félagsauður skóla hafi tengsl við námsárangur, þá eru niðurstöðurnar í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna um að félagsauður mæðra á heimili hafi meiri áhrif en félagsauður skóla (t.d. Parcel og Dufur, 2001a, 2001b). Mælitæki höfðu til að bera marga æskilega eiginleika sem gefur til kynna að það megi nota þau sem grunn að frekari rannsóknum á félagsauði á Íslandi. Þau hafa góða innri samkvæmni sem eykur líkur á því að niðurstöður séu áreiðanlegar. Námsárangur hafði lítil eða engin tengsl við

félagsauð skóla hvort sem hann var metinn af kennara eða móður. Þetta bendir til þess að samband á milli þessara breyta sé í raun og veru veikt og styður það réttmæti mælitækjanna að útkoma þessara tveggja mælinga var svipuð.

Í þessu verkefni hefur verið fjallað um mikilvægi þess að foreldrar og stjórnendur skóla vinni saman að því að byggja upp traust sambönd innan skólasamfélagsins, vekji sameiginlegan áhuga og gildi, búi til verkefni sem starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar hafi áhuga á og treysti innviði skólasamfélagsins þannig á skipulagðan og upplýstan hátt (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005). Þessi rannsókn styður, með íslenskum gögnum, að mikilvægt sé að foreldrar og stjórnendur skóla vinni saman þegar kemur að frekari uppbyggingu íslensks menntakerfis. Ef bjargir (*e. resources*) til að efla námsárangur barna eru takmarkaðar er mikilvægt að verja þeim eins vel og hægt er. Niðurstöður þessa verkefnis styðja að lögð sé áhersla á að fjárfesta í fjölskyldunni með það að markmiði að efla námsárangur barna. Frekari rannsókna er þörf til að kanna hvernig félagsauður skóla geti komið að gagni þegar félagsauð heimilis skortir (Parcel og Dufur, 2001b).

## **Veikleikar og næstu skref**

Samræmdum prófum er ætlað að afla kerfisbundinna upplýsinga um breytingar á námsárangri nemenda á landsvísu og eru því hluti af ákveðnu eftirliti með menntakerfinu (Námsmatsstofnun, 2007b). Allir nemendur landsins taka sömu samræmdu prófin hverju sinni og er hægt að líta á niðurstöðuna sem réttmæta lýsingu á stöðu hvers nemanda í samanburði við aðra nemendur. Prófin veita nemendum og foreldrum upplýsingar um námsárangur og einnig skólum og geta verið mikilvæg í sjálfsmati skóla og viðleitni til að bæta skólastarfið. Niðurstöður samræmdra prófa hafa reynst gagnlegar í öðrum rannsóknum á skólastarfi og voru notaðar í þessari rannsókn til að meta námsárangur. Aðeins var hægt að nota niðurstöður úr tveimur prófum þar sem nemendur sjöundu bekkja á Íslandi taka aðeins tvö samræmd próf. Gott er að hafa tvær mælingar því það minnkar líkur á skekkju, til dæmis vegna dagsforms nemenda, og

mæling verður því áreiðanlegri. Að auki mæla tvö próf breiðari getu en eitt próf. Því eru góð rök fyrir því að nota þær fylgibreytur sem notaðar voru í rannsókninni, en ljóst að hægt er að meta námsárangur og gengi í skóla með ýmsum öðrum hætti en hér hefur verið gert. Kennarar meta einnig nemendur sína eftir öðrum leiðum en með prófum. Þeir meta til dæmis hegðun, vinnubrögð, leikni og ástundun en þessi rannsókn getur ekki sagt til um gengi nemenda á þessum sviðum.

Félagsauður er flókið hugtak og getur verið mismunandi eftir því hvaða þætti hans verið er að skoða og eins hvaða hópar eiga í hlut (Bourdieu, 1986; Coleman, 1988; Putnam, 2004). Ef til vill mætti afmarka þær skilgreiningar sem notaðar voru til að meta félagsauð betur og geta rannsakerndur í framtíðinni notað hluta þeirra spurninga sem notaðar voru í þessari rannsókn til að meta félagsauð í stað þess að þýða í hvert sinn nýja spurningalista eða hanna þá frá grunni. Til dæmis væri hægt að skoða sérstaklega þann félagsauð sem stjórnendur skóla leggja til eða félagsauð sem felst í tengslum mæðra við fólk utan skólans.

Það verður að teljast veikleiki rannsóknarinnar að ekki var hægt að athuga hvort félagsauður væri mismunandi meðal ólíkra hópa. Til dæmis var ekki spurt sérstaklega um innflytjendur eða minnihlutahópa eða ástæður þess að mæður taki ekki þátt í foreldrastarfi skóla síns eins og niðurstöður sýna. Til þess að fá nákvæma mynd af flóknum hliðum félagsauðs og skilja sérstöðu minni hópa, hefði úrtak mæðra þurft að vera stærra. Einnig hefðu mælitæki sennilega þurft að vera á öðru tungumáli en íslensku því óvíst er hvort mæður innfluttra barna skilji allar íslensku. Til þess að fá innsýn í mismunandi félagsauð í mismunandi hópum hefði ef til vill þurft að afla gagna með tvenns konar hætti, til dæmis með viðtölum til að ná fram hugsanlegum ólíkum hugsunarhætti og svo með stórri spurningakönnun. Það hefði verið of yfirgripsmikið og kostnaðarsamt verk fyrir þetta verkefni. Þessi rannsókn þótti því skynsamlegt fyrsta skref þar sem félagsauður í skólasamfélagi hafði aldrei áður verið skoðaður á Íslandi.

Í ljósi þess sem fjallað var um í inngangi og niðurstaðna þessarar rannsóknar er mikilvægt að kanna framlag feðra til félagsauðs og tengsl þeirra við gengi barna í skóla.

Þegar mæður taka lítinn þátt í skólastarfi má vera að íslenskir feður séu í sterkari tengslum við skólasamfélagið þó sumar erlendar rannsóknir sýni að þátttaka feðra sé sú sama hvort sem þátttaka mæðra sé mikil eða lítil (t.d. Flouri og Buchanan, 2004). Í viðræðum við kennara á meðan á fyrirlögn stóð kom fram að þeir töldu að feður tækju nú meiri þátt í skólastarfi en áður var. Eins væri áhugavert að kanna hvort að félagsauður feðra sé frábrugðinn félagsauði mæðra eins og niðurstöður Westerman, Ashby og Pretty (2005) benda til og hvort ávinningur barna af félagsauði mæðra og feðra sé sá sami.

Fjárhagsauður var meðal annars mældur með því að spyrja hvort mæður byggju í eigin húsnæði eða ekki. Þar sem nær allar mæður bjuggu í eigin húsnæði var það ekki góð breyta til að kanna fjárhagsauð á Íslandi. Ef til vill hefðu nánari upplýsingar fengist ef spurt hefði verið hversu mikið hver skuldaði í sínu húsnæði en óvíst að fólk hefði látið þær upplýsingar í té. Tekjur voru því eina mælingin á fjárhagsauð mæðra í þessari rannsókn. Til að bæta næstu rannsóknir á sviði félagsauðs væri ráð að spyrja um skuldir eða sparnað ásamt tekjum þegar fjárhagsauður er kannaður.

Einnig væri fróðlegt að kanna sjálfboðastarf foreldra innan veggja skóla en ekki er hefð til dæmis fyrir því í skólum á Íslandi að foreldrar vinni í mötuneytum nemenda eða aðstoði kennara inni í bekk eins og víða er erlendis (Onyx og Bullen, 2000; Coleman, 1988). Ekki gafst tækifæri til þess í þessari rannsókn þar sem reynt var að hafa spurningalistann stuttan til að tryggja nægilega hátt svarhlutfall. Með því að kanna sjálfboðastarf foreldra gæti þekking og gagnkvæmur skilningur foreldra og kennara á hlutverki hvorra annarra aukist og er það börnunum í hag. Þegar verið er að kanna félagsauð er yfirleitt spurt um sjálfboðastarf og hafa erlendar rannsóknir sýnt að sjálfboðastarf eykur félagsauð í samfélagi (Bourdieu, 1986; Coleman, 1988). Þá væri fróðlegt að kanna hvað einkennir þá foreldra sem eru áhugasamir og duglegir við að sinna skólastarfi barna sinna og hvernig hægt er að nýta slíkar niðurstöður til að auka samstarf skólans og foreldra. Meiri virkni foreldra gefur tækifæri á fleiri tengslum. En skortur á sterkum tengslum barna og foreldra getur meðal annars komið fram í lélegum námsárangri og að meiri hætta sé á að börn og unglingar hætti í námi. Ennfremur væri mikilvægt að nota hugmyndir um félagsauð til þess að vinna með nemendur sem eru

taldir í hættu á að einangrast félagslega (Catts og Ozga, 2005). Lítil félagsauður í samfélagi nágranna er til dæmis talinn lýsa sér í gisnum tengslanetum og skorti á samstöðu meðal íbúa. Það dregur úr eftirliti með unglingum og jafnaldrasamfélagi þeirra (Sampson og Groves, 1989).

Að lokum er bent á að börn hafa hlutverki að gegna í íslensku skólasamfélagi og að þau eru mikilvægir tengiliðir á milli foreldra og skóla. Til þess að fá fullan skilning á mikilvægi félagsauðs í lífi barna verður að skoða þarfir barna og hvað þau sjálf segja um mikilvægi félagsauðs. Námsárangur drengja og stúlkna er ólíkur þar sem stúlkur standa sig betur á samræmdum prófum en drengir í 7. bekk (Menntamálaráðuneyti, 2007). Mögulegt er að kynin þurfi á mismunandi stuðningi að halda til að bæta námsárangur. Einnig er líklegt að samskiptaleiðir drengja og stúlkna séu ólíkar og þau kjósi mismunandi samskipti milli heimila og skóla. Það þarf að skoða nánar. Einnig er vert að kanna afleiðingar þess að búa við lítinn félagsauð og væri þá mikilvægt að spyrja börn og unglunga sjálfa. Líklegt er að hægt sé að skapa betri skilning á félagsauði, orsökum hans og afleiðingum fyrir þroska og líðan barna ef rödd þeirra fær að heyrast í áframhaldandi rannsóknum á félagsauði á Íslandi.

## Lokaorð

Megin markmið þessarar rannsóknar var að kanna félagsauð í skólasamfélagi og hvernig hann tengist námsárangri nemenda í grunnskólum. Það var gert með því að kanna hver þáttur mæðra, kennara og skólastjórnenda var í að mynda félagsauð í skólasamfélagi og með því að meta tengsl slíks félagsauðs við námsárangur sjöundu bekkinga á samræmdu prófi haustið 2006. Í ljós komu ótvíræð tengsl á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs en ekki á milli félagsauðs skóla og námsárangurs. Svörin við rannsóknarspurningunum *Eru tengsl á milli félagsauðs mæðra og námsárangurs nemenda í grunnskóla?* og *Eru tengsl á milli félagsauðs í skóla og námsárangurs nemenda í grunnskóla?* voru því bæði jákvæð og neikvæð.



## Heimildir

- Ashton, P. T. og Webb, R. B. (1986). *Making a difference: Teachers' sense of efficacy and student achievement*. New York: Longman.
- Bankston, C. L. (2004). Social capital, cultural values, immigration, and academic achievement: The host country context and contradictory consequences. *Sociology of Education*, 77, 176–179.
- Barber, B. K. og Olsen, J. A. (1997). Socialization in context: Connection, regulation and autonomy in the family, school and neighbourhood and with peers. *Journal of Adolescent Research*, 12, 287-315.
- Beitchman, J. H. og Young, A. R. (1997). Learning disorders with a special emphasis on reading disorders: A review of the past 10 years. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 36, 1020-1032.
- Biederman, J., Newcorn, J., og Sprich, S. (1991). Comorbidity of attention-deficit hyperactivity disorder with conduct, depressive, anxiety, and other disorders. *American Journal of Psychiatry*, 148, 564-577.
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. Richardson (Ritstj.), *Handbook of theory and research for the sociology of education* (bls. 241-258). New York: Greenwood.
- Börkur Hansen og Smári S. Sigurðsson, (1998). *Skólustarf og gæðastjórnun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Carbonaro, W. J. (1998). A little help from my friend's parents: Intergenerational closure and educational outcomes. *Sociology of Education*, 71, 295–313.
- Catts, R. og Ozga, J. (2005). What is social capital and how might it be used in Scotland's schools? *CES Briefing*, 36. Sótt 6. apríl 2007 af <http://www.ces.ed.ac.uk/>.
- Chirichello, M. (2004). Collective leadership: Reinventing the principalship. *Kappa Delta Pi Record*, 40, 119-123.
- Cohen, L., Manion, L. og Morrison, K. (2000). *Research methods in education*. (5. útgáfa). London: Routledge/Falmer.
- Coleman, J. S. (1988). "Social capital" and schools. *The Education Digest*, 53, 6-9.
- Coleman, J. S. og Hoffer, T. (1987). *Public and private schools: The impact of communities*. New York: Basic Books.
- Coleman, J. S., Hoffer, T. og Kilgore, S. (1982). *High school achievement: Public, catholic and private schools compared*. New York: Basic Books.
- Croll, P. (2004). Families, social capital and educational outcomes. *British Journal of Educational Studies*, 52, 390-416.

- Demers C. (2005). Social capital as a Public policy tool. Sótt 4. apríl 2007 af [http://policyresearch.gc.ca/doclib/SC\\_Synthesis\\_E.pdf](http://policyresearch.gc.ca/doclib/SC_Synthesis_E.pdf).
- Desimone, L. (1999). Linking parent involvement with student achievement: Do race and income matter? *Journal of Educational Research*, 93, 11-30.
- DeVellis, R. F. (2003). *Scale development: Theory and applications*. Thousand Oaks: Sage.
- Dudley-Marling, C. (2001). School trouble: A mother's burden. *Gender and Education*, 13, 183-197.
- Dworetzky J. P. (1995). *Human development: A life span approach*. (2. útgáfa). Saint Paul Minneapolis: West Publishing Company.
- Eccles, J. S., Early, D., Frasier, K., Belansky, E. og MacCarthy, K. (1997). The relation of connection, regulation and support for autonomy to adolescents' functioning. *Journal of Adolescent research*, 12, 263-286.
- Efnahags- og framfarastofnun OECD. (2001). *Human and Social Capital are Keys to Well-Being and Economic Growth*. Sótt 30. júlí 2007 af [http://www.oecd.org/document/25/0,3343,en\\_2649\\_201185\\_1918105\\_1\\_1\\_1\\_1,00.html](http://www.oecd.org/document/25/0,3343,en_2649_201185_1918105_1_1_1_1,00.html).
- Elín Thorarensen (2004). Sótt 15. ágúst 2007 af [http://www.heimiliogskoli.is/heimiliogskoli/upload/files/pdf/103\\_elint\\_framhaldsskolarogforeldrar.pdf](http://www.heimiliogskoli.is/heimiliogskoli/upload/files/pdf/103_elint_framhaldsskolarogforeldrar.pdf)
- Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir. (1999). Samræmd próf: Hvaða þættir í skóla og umhverfi skipta máli? Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Fan, X. (2001). Parental Involvement and students' academic achievement: A growth modeling analysis. *Journal of Experimental Education*, 70, 27-61.
- Field, J. (2003). *Social capital*. London: RoutledgeFalmer.
- Field, J. (2006). *Social capital* (4. útgáfa). London: Routledge.
- Fletcher, R. og Silberberg, S. (2006). Involvement of fathers in primary school activities. *Australian Journal of Education*, 50, 29-39.
- Flouri, E. og Buchanan, A. (2004). Early father's and mother's involvement and child's later educational outcomes. *British Journal of Educational Psychology*, 74, 141-153.
- Fræðsluskrifstofa Kópavogs (2007). *Skólastefna Kópavogsbæjar*. Sótt 20. júlí 2007 af [http://www.kopavogur.is/upload/files/till.%202\(1\).pdf](http://www.kopavogur.is/upload/files/till.%202(1).pdf).
- Fræðsluskrifstofa Kópavogs (e.d.) Sótt af heimasíðu Kópavogsbæjar 15. janúar 2007 af [http://www.kopavogur.is/displayer.asp?cat\\_id=74](http://www.kopavogur.is/displayer.asp?cat_id=74).
- Furstenberg, F. F. (2005). Banking on families: How families generate and distribute social capital. *Journal of Marriage and Family*, 67, 809-821.

- Furstenberg, F. F. og Hughes, M. E. (1995). Social capital and successful development among at risk youth. *Journal of Marriage and Family*, 57, 580–592.
- Gambone, M. A. og Connell, J. P. (2004). The community action framework for youth development. *The Prevention Researcher*, 11, 6-10.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2001). *Staðbundin stjórnmál*. Háskólaútgáfan.
- Gresham, F. M., MacMillan, D. L. og Bocian, K. M. (1996). Learning disabilities, low achievement, and mild mental retardation: More alike than different? *Journal of learning disabilities*, 29, 570-581.
- Gross, S. J., Mettelman, B. B., Dye, T. D. og Slagle, T. A. (2001). Impact of family structure and stability on academic outcome in preterm children at 10 years of age. *Journal of Pediatrics*, 138, 169-175.
- Groth-Marnat, G. (2003). *Handbook of psychological assessment*. New York: John Wiley and Sons.
- Hagstofa Íslands. (2007). *Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir kyni og aldri 1998-2005*. Sótt 18. september 2007 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=636&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN07002%26ti=Me%F0alatvinnutekjur+%ED+a%F0alstarfi+eftir+kyni+og+aldri+1998%2D2005+%26path=../Database/vinumarkadur/atvinnutekjur/%26lang=3%26units=pús.%20kr>.
- Háskóli Íslands. (2007). Félagsvísindadeild. Sótt 1. apríl 2007 af <http://stjornsyslustofnun.hi.is/page/felagsaudur-09.03.07>.
- Heard, H. E. (2007). Fathers, mothers, and family structure: Family trajectories, parent gender, and adolescent schooling. *Journal of Marriage and Family*, 69, 435-450.
- Henderson, A. T. og Berla, N. (Ritstj.). (1994). *A new generation of evidence: The family is critical to student achievement*. Washington, DC: National Committee for Citizens in Education.
- Hitchcock, G. og Hughes, D. (1995). *Research and the teacher. A qualitative introduction to school-based research* (2. útgáfa). London og New York: RoutledgeFalmer.
- Ho, E. S. C. og Willms, J. D. (1996). Effects of parental involvement on eighth-grade achievement. *Sociology of Education*, 69, 126–141.
- Hoffer, T., Greeley, A. og Coleman, J. S. (1985). Achievement and growth in public and catholic schools. *Sociology of education*, 58, 74-97.
- Hoover-Dempsey, K. V., Bassler, O. C. og Burrow, R. (1987). Parent involvement: Contributions of teacher efficacy, school socioeconomic status and other school characteristics. *American Educational Research Journal*, 24, 417-425.
- Howell, D. C. (2002). *Statistical methods for psychology* (5. útg.). Pacific Grove: Duxbury.
- Hoy, W. K. og Miskel, C. G. (2005). *Educational administration: Theory, research and practice* (7. útgáfa). New York: McGraw-Hill.

- Jaycox, L. H., Reivich, K. J., Gillham, J. og Seligman, M. E. P. (1994). Prevention of depressive symptoms in school-children. *Behaviour Research and Therapy*, 32, 801-816.
- John, P. (2005). The contribution of volunteering, trust and networks to educational performance. *Policy Studies Journal*, 33, 635-656.
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. (2006). Það þarf þorp: Félagsgerð grenndarsamfélagsins og frávíkshæðun unglunga. *Uppeldi og menntun* 15. 65-84.
- Kao, G. og Rurherford, L. T. (2007). Does social capital still matter? Immigrant minority disadvantage in school- specific social capital and its effects on academic achievement. *Sociological Perspectives*, 50, 27-52.
- Lerner, R. M. (2006). *Handbook of child psychology*. (6. útgáfa). New York: Wiley.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995.
- Martin, S., Meyer, J. A., Nelson, L., Baldwin, V., Ting, L. og Sterling, D. (2007). Locus of control, self-control, and family income as predictors of young children's mathematics and science scores. *Perceptual and Motor Skills*, 104, 588-610.
- McBride, B. A., Schoppe-Sullivan, S. J. og Ho, M. (2005). The mediating role of fathers' school involvement on student achievement. *Applied Developmental Psychology*, 26, 201-216.
- McNeal, R. B. (1999). Parental involvement as social capital: Differential effectiveness on science achievement, truancy and dropping out. *Social Forces*, 78, 117-144.
- McNeal, R. B. (2001). Differential effects of parental involvement on cognitive and behavioral outcomes by socioeconomic status. *Journal of Socio-Economics*, 30, 171-179.
- Menntamálaráðuneytið. (1994). *Skýrsla nefndar um mótun menntastefnu*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 5. desember 2006 af <http://www.mrn.stjr.is/utgefid-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2091>.
- Menntamálaráðuneytið. (2007, apríl). Samræmd próf í 4. og 7. bekk haustið 2006. Sótt 13. ágúst 2007 af [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Vefrit/042007.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/042007.pdf)
- Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2007). *Skólustarf í tölum*. Sótt 28. desember 2006 af <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1183>.
- Moll, S. C. (1992). Bilingual classroom studies and community analysis: Some recent trends. *Educational Researcher*, 20, 20-24.
- Morgan, S. L. og Sørensen, A. B. (1999). Parental networks, social closure and mathematics learning: A test of Coleman's social capital explanation of school effects. *American Sociological Review*, 64, 661-681.
- Muller, C. og Ellison C. G. (2001). Religious involvement, social capital, and adolescents' academic progress. *Sociological Focus*, 34, 155-183.

- Námsmatsstofnun (2007a). Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk árið 2006. Sótt 1. júlí 2007 af [http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/fyrstu\\_nidurst\\_47bekk/nidurst\\_4706.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/fyrstu_nidurst_47bekk/nidurst_4706.pdf).
- Námsmatsstofnun (2007b). Skilgreining samræmdra prófa. Sótt 30. júlí 2007 af [http://www.namsmat.is/vefur/samr\\_prof/alm\\_uppl/samramd.html](http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/alm_uppl/samramd.html).
- Onyx, J. og Bullen, P. (2000). Measuring social capital in five communities. *Journal of Applied Behavioral Science*, 36(1), 23-42.
- Otero, G. og West-Burnham, J. (2004). *Educational leadership and social capital*. Málstofa NCSL Leading Practice. Sótt 9. nóvember 2006 af <http://www.ncsl.org.uk/media/F7B/99/randd-otero-community.pdf>.
- Otero, G., Otero, S., Chambers, Sparks, M. og Sparks R. (2001). *Relational learning: Education for mind, body and spirit*. Santa Fe: Hawker Browlow Education.
- Parcel, T. L. og Dufur, M. J. (2001a). Capital at home and at school: Effects on child social adjustment. *Journal of Marriage and Family*, 63(1), 32-47.
- Parcel, T. L. og Dufur, M. J. (2001b). Capital at home and at school: Effects on student achievement. *Social Forces*, 79(3), 881-912.
- Parks-Yancy, R., DiTomaso, N. og Post, C. (2006). The social capital resources of gender and class groups. *Sociological Spectrum*, 26, 85-113.
- Putnam, R. D. (2000). *Bowling alone*. New York: Simon og Schuster.
- Putnam, R. D. (2004). Bowling together. Sótt 31. ágúst 2007 af [http://www.oecdobserver.org/news/fullstory.php/aid/1215/Bowling\\_together.html](http://www.oecdobserver.org/news/fullstory.php/aid/1215/Bowling_together.html).
- Putnam, R. D., Leonardi, R. og Nanetti, R. Y. (1993). *Making democracy work: Civic traditions in modern Italy*. New Jersey: Princeton University Press.
- Redding, S. (1996). Quantifying the components of school community. *The School Community Journal*, 6, 131-147.
- Runyan, D. K., Hunter, W. M., Socolar, R. S. S., Amaya-Jackson, L., English, D., Landsverk, J., Dubowitz, H., Browne, D. H., Bangdiwala, S. I. og Mathew, R. M. (1998). Children who prosper in unfavorable environments: The relationship to social capital. *Pediatrics*, 101, 12-18.
- Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (2005). *Aukin gæði náms: Skólaþróun í þágu nemenda* (2. útgáfa). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Sallis, E. (2002). *Total quality management in education* (3. útgáfa). Philadelphia: Kogan Page.
- Sampson, R. og Groves, W. (1989). Community structure and crime: Testing social disorganization theory. *American Journal of Sociology*, 94, 774-802.
- Sampson, R., Raudenbush, S. og Earls, F. (1997). Neighborhoods and violent crime: A multilevel study of collective efficacy. *Science*, 277, 918-924.

- Sergiovanni, T. J. (2006). *The principalship: A reflective practice perspective* (5. útgáfa). Boston: Pearson.
- Stanton, S., Ricardo, D. og Dornbusch, S. (1995). Social capital and the reproduction of inequality: information networks among Mexican – origin high school students. *Sociology of Education*, 68, 116-135.
- Stevenson, D. L. og Baker, D. P. (1987). The family-school relation and the child's school performance. *Child Development*, 58, 1348-1357.
- Sun, Y. (1998). The academic success of east-asian-american students. *Social Science Research*, 27, 432-456.
- Supovitz, J. A. og Christman, J. B. (2005). Small learning communities that actually learn: Lesson for school leaders. *Phi Delta Kappa*, 86, 649-651.
- Svendsen, G. T. og Bjørnskov, C. (2007). How to construct a robust of social capital: Two contributions. *Journal of Comparative Policy Analysis*, 9, 275
- Walberg, H. J. (1984). Families as partners in educational productivity. *Phi Delta Kappa*, 65, 397-400.
- Wang, F. og Yamagishi, T. (2005). Group-based trust and gender differences in China. *Asian Journal of Social Psychology*, 8, 199-210.
- Wang, M. C., Haertel, G. D., og Walberg, H. J. (1997). Fostering educational resilience in inner-city schools. *Children and Youth*, 7, 119-140.
- Warren, M. R. (2005). Communities and schools: A new view of urban education reform. *Harvard Educational Review*, 75, 133-173.
- Westerman, O., Ashby, J. og Pretty, J. (2005). Gender and social capital: The importance of gender differences for the maturity and effectiveness of natural resource management groups. *World Development*, 33, 1783-1799.
- Þorlákur Karlsson og Þorólfur Þórlindsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

## Spurningalisti um félagsauð

Kópavogi, 16. apríl 2007

**Ágæta móðir**

araháskóla Íslands. Verkefnið fjallar um þátt foreldra og kennara í þróun félagsauðs barna. Ég skrifa til að biðja þig að taka þátt í rannsókn minni með því að fylla út meðfylgjandi spurningalista. Þessi rannsókn er gerð með vitund skólastjóra skólans, fræðslufirvalda og Persónuverndar.

Miklu skiptir að þátttaka verði góð og þitt framlag er mikilvægt til þess að bæta megi skólastarf hér á landi. Þú þarft ekki að taka þátt í þessari rannsókn og ef þú byrjar þá getur þú hætt að fylla út listann hvenær sem er eða sleppt spurningum sem þú vilt ekki svara.

**Fullum trúnaði er heitið við vinnslu listans.** Þegar þú hefur svarað spurningalistanum, setur þú hann aftur í umslagið og sendir til baka í skólann með barni þínu eigi síðar en 23. apríl. Spurningalistarnir eru nafnlausir og ekki rekjanlegir til mæðra sem útfylla þá. Eftir úrvinnslu gagnanna verður listunum öllum eytt.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi þessa rannsókn skalt þú ekki hika við að hafa samband við mig í síma 554-2613 eftir klukkan 17:00 á daginn eða með tölvupósti [annam@snsk.kopavogur.is](mailto:annam@snsk.kopavogur.is)

Með kærri þökk fyrir þátttökuna

Anna Mjöll Sigurðardóttir  
Álfatúni 1, 200 Kópavogur

Vinsamlega svaraðu spurningum um skólann með tilliti til barns í 7. bekk. Ef þú átt fleira en eitt barn í 7. bekk, ert þú beðin um að svara öllum spurningum með tilliti til sama barnsins. Vinsamlega svaraðu með því að setja hring utan um viðeigandi tölustaf. Einungis skal merkja við einn möguleika í hverri spurningu.

Taktu afstöðu til hversu sammála eða ósammála þú ert eftirfarandi staðhæfingum.

**Dæmi: Hversu sammála eða ósammála ert þú því, að þú eigir auðvelt með að leita þér upplýsinga um hluti sem skipta þig máli?**

	Mjög ósammála	1	2	3	(4)	5	Mjög sammála	
							Mjög ósammála	Mjög sammála
1.	Ég er ánægð með skóla barns míns.	1	2	3	4	5		
2.	Ég hef gott samband við starfsfólk skólans.	1	2	3	4	5		
3.	Ég hef mikil samskipti við skólann.	1	2	3	4	5		
4.	Stjórnendur skólans hvetja til samstarfs á milli heimila og skóla.	1	2	3	4	5		
5.	Foreldrar eru velkomnir í heimsókn á skólatíma.	1	2	3	4	5		
6.	Ég fæ greinagóðar upplýsingar um starfsemi skólans.	1	2	3	4	5		
7.	Ég er látin vita ef eitthvað kemur upp á varðandi barnið mitt, til dæmis ef barnið veikist eða lendir í átökum við annan nemanda.	1	2	3	4	5		
8.	Ég kem alltaf sjónarmiðum mínum til skila við umsjónarkennara barns míns eða skólastjórnendur.	1	2	3	4	5		
9.	Mikið tillit er tekið til sjónarmiða minna í skólanum.	1	2	3	4	5		
10.	Ég tek mikinn þátt í foreldrastarfi skólans.	1	2	3	4	5		
11.	Ég hef mikið samband við umsjónarkennara barns míns.	1	2	3	4	5		



	Mjög ósammála			Mjög sammála	
12. Mér finnst að umsjónarkennari barns míns sýni því umhyggju.	1	2	3	4	5
13. Ég hef oft samband við kennara barns míns að fyrra bragði.	1	2	3	4	5
14. Foreldrar nemenda í bekknum hafa mikil samskipti sín á milli.	1	2	3	4	5
15. Barnið mitt ber oftast sjálft ábyrgð á því að ljúka heimanámi.	1	2	3	4	5
16. Barnið mitt vinnur oftast heimanámið án aðstoðar.	1	2	3	4	5
17. Ég fylgist með því að barnið mitt ljúki við heimanám sitt.	1	2	3	4	5
18. Mér finnst að barnið mitt sýni framfarir í námi.	1	2	3	4	5
19. Mér finnst að barnið mitt fái þá aðstoð við námið sem það þarfnast í skólanum.	1	2	3	4	5
20. Félagsandinn í bekk barnsins míns er góður.	1	2	3	4	5
21. Ég þekki hverjir kenna barninu mínu verklegar greinar.	1	2	3	4	5
22. Ég tel að barnið mitt sé öruggt þegar það gengur um skólahverfi sitt eftir að dimmt er orðið.	1	2	3	4	5
23. Ég tel að skólahverfi barns míns sé öruggt hverfi.	1	2	3	4	5
24. Ég ver nægilegum tíma með barni mínu á degi hverjum.	1	2	3	4	5
25. Ég gef mér tíma til að hlusta á barnið mitt í málum sem skipta það máli.	1	2	3	4	5
26. Ég þekki flesta vini barns míns með nafni.	1	2	3	4	5
27. Ég þekki foreldra vina barns míns.	1	2	3	4	5

	Mjög ósammála			Mjög sammála	
	1	2	3	4	5
28. <b>Ég veit hvar barnið mitt er þegar það er ekki heima við.</b>					

*Vinsamlega svaraðu næstu spurningum með því að setja kross í viðeigandi kassa eða svaraðu beint. Einungis skal merkja við einn möguleika í hverri spurningu, nema annað sé tekið fram.*

29. **Hversu margir nemendur eru í bekk barnsins þíns?**

Svar: \_\_\_\_\_

30. **Tók barnið þitt samræmt próf nú í vetur? Ef svarið er nei svarar þú næst spurningu 33**

- <sub>1</sub> Já  
<sub>2</sub> Nei

31. **Hvaða einkunn fékk barnið þitt í stærðfræði á samræmda prófinu?**

Svar: \_\_\_\_\_

32. **Hvaða einkunn fékk barnið þitt í íslensku á samræmda prófinu?**

Svar: \_\_\_\_\_

33. **Hefur barnið þitt fengið einhverja af eftirfarandi greiningum, frá til dæmis lækni eða sálfræðingi? Krossaðu við allt sem við á.**

- <sub>1</sub> Barnið mitt hefur ekki fengið greiningu  
<sub>2</sub> Þroskafrávik  
<sub>3</sub> Athyglisbrest með ofvirkni  
<sub>4</sub> Athyglisbrest án ofvirkni  
<sub>5</sub> Leshömlun (*dyslexiu*)  
<sub>6</sub> Sérþæka námsörðugleika  
<sub>7</sub> Þunglyndi  
<sub>8</sub> Kvíða  
<sub>9</sub> Aðra greiningu  
<sub>10</sub> Veit ekki

*Hér á eftir koma nokkrar bakgrunnsspurningar. Vinsamlega svaraðu með því að setja hring utan um viðeigandi tölustaf, kross í viðeigandi kassa eða svaraðu beint. Einungis skal merkja við einn möguleika í hverri spurningu.*

34. **Býrð þú í eigin húsnæði eða leigir þú?**

- <sub>1</sub> Bý í eigin húsnæði
- <sub>2</sub> Leigi
- <sub>3</sub> Annað

35. **Hver er hjúskaparstaða þín? Merktu við það sem lýsir henni best.**

- <sub>1</sub> Einhleyp
- <sub>2</sub> Í sambúð
- <sub>3</sub> Í hjónabandi
- <sub>4</sub> Fráskilin
- <sub>5</sub> Ekkja

36. **Hver er aldur þinn?**

- <sub>1</sub> Yngri en 21 ára
- <sub>2</sub> 21 til 30 ára
- <sub>3</sub> 31 til 40 ára
- <sub>4</sub> 41 til 50 ára
- <sub>5</sub> 51 til 60 ára
- <sub>6</sub> 61 eða eldri

37. **Hversu mörg börn undir 18 ára aldri búa á heimili þínu?**

Svar: \_\_\_\_\_

38. **Býr faðir (eða stjúppforeldri) barnsins á heimilinu? Ef svarið er nei eða á ekki við svarar þú næst spurningu 40**

- <sub>1</sub> Já
- <sub>2</sub> Nei
- <sub>3</sub> Á ekki við

39. **Tekur faðir (eða stjúfforeldri) sem býr á heimilinu mikinn eða lítinn þátt í uppeldi barnsins?**

Mjög lítinn	1	2	3	4	5	Mjög mikinn
----------------	---	---	---	---	---	----------------

40. **Hver er hæsta skólagráða sem þú hefur lokið?**

- <sub>1</sub> Ekki lokið grunnskólaprófi
- <sub>2</sub> Grunnskólapróf
- <sub>3</sub> Iðnskólapróf
- <sub>4</sub> Framhaldsskólapróf
- <sub>5</sub> Háskólapróf
- <sub>6</sub> Framhaldspróf á háskólastigi
- <sub>7</sub> Annað

41. **Hvað vinnur þú margar klukkustundir á viku utan heimilis? \_\_\_\_\_**

42. **Hverjar eru heildartekjur heimilisins á mánuði fyrir skatta? (Þar með taldar bætur en ekki lán eins og frá lánasjóði íslenskra námsmanna).**

- <sub>1</sub> 200 þúsund eða minni
- <sub>2</sub> 201 – 400 þúsund
- <sub>3</sub> 401 – 600 þúsund
- <sub>4</sub> 601 – 800 þúsund
- <sub>5</sub> 801 – 1000 þúsund
- <sub>6</sub> 1001 – 1200 þúsund
- <sub>7</sub> 1201 þúsund eða hærri

Ég þakka þér kærlega fyrir þátttökuna.  
Anna Mjöll Sigurðardóttir

## Spurningalisti um félagsauð

Kópavogi, 16. apríl 2007

### Ágæti kennari

Ég heiti Anna Mjöll Sigurðardóttir og vinn að meistaraprófsverkefni mínu við Kennaraháskóla Íslands. Verkefnið fjallar um þátt foreldra og kennara í þróun félagsauðs barna. Ég skrifa til að biðja þig að taka þátt í rannsókn minni með því að fylla út meðfylgjandi spurningalista. Þessi rannsókn er gerð með vitund skólastjóra skólans, fræðslufirvalda og Persónuverndar.

Miklu skiptir að þátttaka verði góð og þitt framlag er mikilvægt til þess að bæta megi skólastarf hér á landi. Þú þarft ekki að taka þátt í þessari rannsókn og ef þú byrjar þá getur þú hætt að fylla út listann hvenær sem er eða sleppt spurningum sem þú vilt ekki svara.

**Fullum trúnaði er heitið við vinnslu listans.** Þegar þú hefur svarað spurningalistanum, setur þú hann aftur í umslagið og síðan í kassann með listum foreldra. Spurningalistarnir eru nafnlausir og ekki rekjanlegir til kennara sem fylla þá út. Eftir úrvinnslu gagnanna verður listunum eytt.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi þessa rannsókn skalt þú ekki hika við að hafa samband við mig í síma 554-2613 eftir klukkan 17:00 á daginn eða með tölvupósti [annam@snsk.kopavogur.is](mailto:annam@snsk.kopavogur.is)

Með kærri þökk fyrir þátttökuna

Anna Mjöll Sigurðardóttir  
Álfatúni 1, 200 Kópavogur

*Almennar spurningar um starf þitt.*

*Vinsamlega svaraðu eftirfarandi spurningum með því að setja hring utan um viðeigandi tölustaf. Einungis skal merkja við einn möguleika í hverri spurningu.*

*Taktu afstöðu til hversu sammála eða ósammála þú ert eftirfarandi staðhæfingum.*

**Dæmi: Hversu sammála eða ósammála ert þú því, að þú eigir auðvelt með að leita þér upplýsinga um hluti sem skipta þig máli?**

	Mjög ósammála	1	2	3	(4)	5	Mjög sammála
1.	Ég er ánægð/ur með skólann sem vinnustað.	1	2	3	4	5	
2.	Samvinna við annað starfsfólks skólans er góð.	1	2	3	4	5	
3.	Stjórnendur skólans hvetja til samstarfs á milli heimila og skóla.	1	2	3	4	5	
4.	Foreldrar eru velkomnir í heimsókn á skólatíma.	1	2	3	4	5	
5.	Ég fæ greinagóðar upplýsingar um starfsemi skólans.	1	2	3	4	5	
6.	Ég læt foreldra vita sjálf/ur ef eitthvað kemur upp á varðandi nemendur, til dæmis ef nemandi veikist eða lendir í átökum við annan nemanda.	1	2	3	4	5	
7.	Ég kem alltaf sjónarmiðum mínum til skila við foreldra nemenda minna eða skólastjórnendur.	1	2	3	4	5	
8.	Mikið tillit er tekið til sjónarmiða minna í skólanum.	1	2	3	4	5	
9.	Ég tek mikinn þátt í starfi foreldrafélags skólans.	1	2	3	4	5	

	Mjög ósammála			Mjög sammála	
10. Ég hef mikið samband við foreldra í umsjónarbekknunum.	1	2	3	4	5
11. Foreldrar í umsjónarbekknunum hafa oft samband við mig að fyrri bragði.	1	2	3	4	5
12. Foreldrar í umsjónarbekknunum hafa mikil samskipti sín á milli.	1	2	3	4	5
13. Ég hvet nemendur mína til að bera ábyrgð á námi sínu.	1	2	3	4	5
14. Heimanám nemenda minna í umsjónarbekknunum er hæfilegt.	1	2	3	4	5
15. Nemendur í umsjónarbekknunum ljúka oftast við heimanám sitt.	1	2	3	4	5
16. Félagsandinn í umsjónarbekknunum er góður.	1	2	3	4	5
17. Nemendur í umsjónarbekk mínum sýna framfarir í námi.	1	2	3	4	5
18. Ég fylgist með því hvaða námsmarkmiðum skólinn ætlast til að nemendur mínir nái.	1	2	3	4	5
19. Mér finnst að nemendur mínir fái þá aðstoð við námið heima sem þeir þarfnast.	1	2	3	4	5
20. Ég hlusta á nemendur í umsjónarbekknunum í málum sem skipta þá máli.	1	2	3	4	5
21. Ég beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum í umsjónarbekk mínum.	1	2	3	4	5
22. Ég sníð kennsluaðferðir að þörfum nemenda í umsjónarbekk mínum.	1	2	3	4	5
23. Ég tel að námsárangur nemenda minna í umsjónarbekknunum sé góður.	1	2	3	4	5
24. Mér finnst að það sé lítill munur á námsárangri nemenda minna í umsjónarbekknunum eftir námsgreinum.	1	2	3	4	5

*Almennar spurningar um skólann.*

*Vinsamlega svaraðu eftirfarandi spurningum með því að setja hring utan um viðeigandi tölustaf. Einungis skal merkja við einn möguleika í hverri spurningu.*

*Taktu afstöðu til hversu sammála eða ósammála þú ert eftirfarandi staðhæfingum.*

	Mjög ósammála			Mjög sammála		
25.	Skólastjórinn veitir forystu í málum skólans.	1	2	3	4	5
26.	Skólastjórinn setur skýra stefnu um skólastarfið.	1	2	3	4	5
27.	Stjórnun skólans byggist á valddreifingu.	1	2	3	4	5
28.	Skólastjórn lítur á breytingar sem nauðsynlegan þátt í skólastarfinu.	1	2	3	4	5
29.	Skólastjórn sýnir frumkvæði í að efla þætti sem þarf að styrkja.	1	2	3	4	5
30.	Skólastjórinn hvetur til endurmenntunar/símenntunar starfsfólks.	1	2	3	4	5
31.	Viðhorf starfsfólks skólans til endurmenntunar/símenntunar er jákvætt.	1	2	3	4	5
32.	Starfsandinn í skólanum er almennt góður.	1	2	3	4	5
33.	Vinnuaðstaða kennara er góð.	1	2	3	4	5
34.	Almennar kennslustofur í skólanum henta vel mismunandi kennsluháttum.	1	2	3	4	5
35.	Málefni nemenda skipa öndvegi í skólastarfinu hjá starfsfólkinu.	1	2	3	4	5
36.	Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda við skólann.	1	2	3	4	5
37.	Góð námsráðgjöf er fyrir nemendur skólans.	1	2	3	4	5



	Mjög ósammála					Mjög sammála				
<b>38.</b>	<b>Kennarar fylgjast vel með hvaða námsmarkmiðum skólinn ætlast til að nemendur nái.</b>									
	1	2	3	4	5					
<b>39.</b>	<b>Matskerfið sem skólinn hefur byggt upp til þess að meta námsárangur er gott.</b>									
	1	2	3	4	5					
<b>40.</b>	<b>Samskipti nemenda og starfsfólks eru góð.</b>									
	1	2	3	4	5					
<b>41.</b>	<b>Upplýsingar til nemenda og foreldra komast vel til skila.</b>									
	1	2	3	4	5					

*Hér á eftir koma nokkrar bakgrunnsspurningar. Vinsamlega svaraðu með því að setja kross í viðeigandi kassa eða svaraðu beint. Einungis skal merkja við einn möguleika í hverri spurningu.*

**42. Hversu marga vetur hefur þú kennt við grunnskóla?**

Svar: \_\_\_\_\_

**43. Hversu marga vetur hefur þú kennt umsjónarbekk þínum?**

Svar: \_\_\_\_\_

**44. Hversu margir nemendur eru í umsjónarbekk þínum?**

Svar: \_\_\_\_\_

**45. Hefur þú verið áður með umsjón í 7. bekk?**

<sub>1</sub> Já

<sub>2</sub> Nei

46. **Hversu oft í viku, ef nokkurn tímann, er stuðningsfulltrúi inni í bekknum?**

- <sub>1</sub> Aldrei
- <sub>2</sub> 1 – 5 kennslustund
- <sub>3</sub> 6 – 10 kennslustundir
- <sub>4</sub> 11 – 15 kennslustundir
- <sub>5</sub> 16 – 20 kennslustundir
- <sub>6</sub> 21 eða fleiri kennslustundir

47. **Hafa nemendur í umsjónarbekk þínum fengið einhverja af eftirfarandi greiningum, frá til dæmis lækni eða sálfræðingi? *Krossaðu við allt sem við á.***

- <sub>1</sub> Enginn nemandi í umsjónarbekk mínum hefur fengið greiningu
- <sub>2</sub> Þroskafrávik
- <sub>3</sub> Athyglisbrest með ofvirkni
- <sub>4</sub> Athyglisbrest án ofvirkni
- <sub>5</sub> Leshömlun (*dyslexiu*)
- <sub>6</sub> Sérþæka námsörðugleika
- <sub>7</sub> Þunglyndi
- <sub>8</sub> Kvíða
- <sub>9</sub> Aðra greiningu
- <sub>10</sub> Veit ekki

48. **Hver er aldur þinn?**

- <sub>1</sub> Yngri en 21 ára
- <sub>2</sub> 21 til 30 ára
- <sub>3</sub> 31 til 40 ára
- <sub>4</sub> 41 til 50 ára
- <sub>5</sub> 51 til 60 ára
- <sub>6</sub> 61 eða eldri

49. **Hver er hæsta skólagráða sem þú hefur lokið?**

- \_1 Ekki lokið grunnskólaprófi
- \_2 Grunnskólapróf
- \_3 Iðnskólapróf
- \_4 Framhaldsskólapróf
- \_5 Háskólapróf
- \_6 Framhaldspróf á háskólastigi
- \_7 Annað

Ég þakka þér kærlega fyrir þátttökuna.  
Anna Mjöll Sigurðardóttir